



## Aldrei einmana

„Ég er svo fegin að vera hér í miðju náttúrunnar með skepnunum mínum,“ segir Karólína, þýskur verkfræðingur, sem býr ein hátt í hlíðum fjalla á mótum Húnavatnssýslu og Skagafjarðar. ➔ 26

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON



Birna kvödd ➔ 10



Stjörnurnar í Super Bowl ➔ 48




Hrædd við að stoppa ➔ 66

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • ATVINNA • FÓLK

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



## Veður



Fremur hæg suðaustanátt í dag, úrkomulítið víðast hvar og léttir til á Norðurlandi. Snýst í austan golu eða kalda um kvöldið og fer að rigna á Suðausturlandi.

**SJÁ SIÐU 62**



Hrognin eru verðmætasta afurð grásleppunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/JSE

## Grásleppa gaf tvo milljarða

**SJÁVARÚTVEGUR** Útflutningsverðmæti grásleppu á liðnu ári varð um 2,1 milljarður. Er það annað árið í röð sem verðmæti grásleppuafurða losar tvo milljarða.

Vöruflökkar afurðanna eru þrjú. Frosin grásleppa, söltuð grásleppuhrogn og grásleppukaviar. Kaviarinn skilaði mestum verðmætum, tæpum 900 milljónum, söltuð hrogn tæpum 700 milljónum og frosin grásleppa rúmum hálfum milljarði. Gengisþróun og samdráttur í veiðum milli ára urðu til þess að heildarverðmæti lækkar milli ára um 6,9%, segir í fréttinni.

Aukning varð í sölu á kaviar og söltuðum hrognum, en samdráttur í útflutningi á frosinni grásleppu.

Frakkland er langstærsti kaupandinn á kaviar, en þangað fóru yfir 80% og varð góð aukning milli ára. Svíar keyptu mest þjóða af söltuðum hrognum, nálægt helmingi alls sem flutt var úr landi. Kínverjar kaupa þróðurpartinn af grásleppunni. – shá

» Frakkar kaupa langmest af kaviarnum en Svíar mest af söltuðum hrognum.

## Hjólað í miðbænum



WOW Uphill hjólaðakeppnin fór fram á Skólavörðustíg í Reykjavík í gær. Keppnin er hluti af Reykjavíkurlaikunum og Vetrarhátíð. „Þarna voru helstu hjólaðakappar landsins. 27 karlar tóku þátt og tíu konur,“ segir Guðmundur B. Friðriksson, umsjónarmaður keppinnar. Sjálfur varð Guðmundur í öðru sæti í karlaflokki. Sigurvegari í karlaflokki var Emil Þór Guðmundsson en Raket Logadóttir sigraði í kvennaflokki. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÖR

## Tæplega fimm þúsund manns án atvinnu

**ATVINNA** Atvinnuleysi meðal einstaklinga með háskólamenntun minnkaði milli 2015 og 2016.

Í lok desember í fyrra voru tæplega 4.800 á atvinnuleysissskrá en af þeim voru 1.119 með háskólamenntun. Háskólamenntuðum á skrá hafði þá fækkað um 112 frá því í lok desember 2015, samkvæmt upplýsingum frá Vinnuálagstofnun.

Verkfræðingar sem fluttu til Noregs í kjölfar hrunsins eru farnir að snúa heim vegna aukinna atvinnutækifæra hér. Í lok desember 2016 voru samt 43 verkfræðingar á atvinnuleysissskrá, þar af voru sjö erlendir ríkisborgarar.

Tæknifræðingar á atvinnuleysissskrá í lok desember voru 18, þar af voru fimm erlendir ríkisborgarar. – ibs

# Ekkert bólar á skýrslu Hannesar um hrunið

Hannes Hólmsteinn Gissurarson prófessor átti að skila skýrslu sumarið 2015 um erlend áhrif bankahrunsins. Skýrslan hefur enn ekki borist.

**STJÓRNSÝSLA** Hannes Hólmsteinn Gissurarson hefur ekki skilað til fjármálaráðuneytis skýrslu um erlenda áhrifaþætti bankahrunsins sem hann átti að vera búinn með í júlí árið 2015. Samt sem áður hefur 7,5 milljónum króna verið varið í gerð skýrslunnar.


Fjármála- og efnahagsráðuneytið gerði samning við Félagsvísindastofnun sumarið 2014 um að rannsaka erlenda áhrifaþætti bankahrunsins. Átti gerð skýrslunnar að kosta tíu milljónir króna og verki að ljúka í júlí 2015. Höfundurinn var Hannes Hólmsteinn Gissurarson, prófessor við Háskóla Íslands.

Greiða átti fyrir skýrsluna í fjórum jöfnum greiðslum. „Greiddar hafa verið 7,5 milljónir vegna verkefnisins í samræmi við samninginn. Samkvæmt honum er áætluð lokagreiðsla, 2,5 milljónir króna, þegar lokaskýrslu er skilað,“ segir í svari ráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Fjármálaráðuneytið veit ekki enn hvenær skýrslan mun berast ráðuneytinu þrátt fyrir þessa 18 mánaða töf.

Tafir á birtingu skýrslna úr fjármálaráðuneytinu hafa verið gagnrýndar nokkuð síðustu vikur eftir að tvær skýrslur voru birtar á vef ráðuneytisins eftir áramót sem tilbúnar voru fyrir kosningar í október síðastliðnum.

Svandís Svavarsdóttir, formaður VG, segir þessa skýrslu augljóslega gerða í pólitískum tilgangi og setur



Hannes Hólmsteinn Gissurarson birti svar við fyrirspurn Fréttablaðsins á bloggsíðu sinni síðdegis í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

spurningarmerki við að almannafé sé varið á þennan hátt. „Þegar fjármálaráðherra sér sér fært að mæta til Alþingis eftir frí í Austurríki er margt sem hann þarf að svara fyrir og bætir heldur í þann lista,“ segir Svandís Svavarsdóttir, formaður þingflokks VG. „Fyrst ber að nefna drátt aflandsskýrslunnar en einnig þarf að ræða efni þeirrar skýrslu. Að auki þarf hann að svara fyrir það af hverju skýrslan um skuldalækkun var geymd í ráðuneytinu fram yfir kosningar,“ bætir Svandís við.

„Til þess eru margar ástæður, að vinnan við þessa skýrslu hefur tafist, en alls ekki sú, að slegið hafi verið slóku við í rannsókninni. Ein ástæðan er, að beðið var eftir birtingu og afhendingu skjala frá Bretlandi. Önnur er, að sumir erlendir viðmælendur voru önnur kafnir og gáfu ekki kost á sér nema með margra mánaða fyrirvara,“ segir í svari Hannesar við fyrirspurn Fréttablaðsins. Hann segir þriðju ástæðuna vera lélegt aðgengi að skjölum á Íslandi. sveinn@frettabladid.is

Betri ferð

fyrir betra verð

- vita.is

Kynntu þér nýjan  
sumarbækling 2017  
á vita.is

vita

ÚTSÖLU LÝKUR 5. FEBRÚAR

# ÚTSÖLULOK



Kringlan

Af öllu hjarta

LAUGARDAGUR

**10 - 18**

SUNNUDAGUR

**13 - 18**

GERÐU FRÁBÆR KAUP

**GÖTUMARKAÐUR  
OG ÓTRÚLEG VERÐ**

kringlan.is

facebook.com/kringlan.is

TÖLUR VIKUNNAR 29.01.2017 TIL 04.02.2017

**50**

megavött af raforku þarf fyrir verksmiðju PCC.

**240.000**

Asiubúar leituðu að beinu flugi frá Hong Kong til Keflavíkur á síðasta ári.

**386**

milljörðum varði Seðlabanki Íslands til kaupa á erlendum gjalddeyri árið 2016.

**4.650**

metrar er dýpsta borhola á jarðhitasvæði í heiminum – eða á Reykjanesi nánar til tekið.

**6,9%**

framkvæmdastjóra stærstu fyrirtækja landsins í fyrra voru konur.

**270**

vinnudögum sjálfboðaliða Umhverfisstofnunar var varið í fyrra til þess að fjarlægja lúpínu.



## Þrjú í fréttum Fall, lykilkonur og samvinna

### Björgólfur Jóhannsson

forstjóri Icelandair Group

sagði viðbrögð markaðarins eðlileg í kjölfar svartrar afkomu-viðvörðunar í vikunni. Hluta-bréf fyrirtækisins féllu um 24 prósent í verði og 27 milljarðar af markaðsvirði flugfélagsins þurrkuðust út á einum degi. Björgólfur sagði að mjög hefði hægst á bókunarinnflæði að undanförunu. Lækkað meðalverð, oliuverð og gengi krónunnar hefðu einnig haft áhrif.



### Brynja Baldursdóttir

framkvæmdastjóri Creditinfo Lánstrausts

sagði fjölgun kvenna í stöðum framkvæmdastjóra stærstu fyrirtækja hafa verið sáralitla. Hlutfall kvenna sem gegndu framkvæmdastjórnastöðum hjá stærstu fyrirtækjum landsins var níu prósent í fyrra og stóð í stað frá árinu á undan. Konur áttu 24 prósent stjórnarsæta í stórum fyrirtækjum í lok árs 2016 og 18 prósent hjá meðalstórum.



### Þórólfur Guðnason

söttvornalæknir

sagði stjórnvöld verða að grípa til opinberra aðgerða til að stemma stigu við útbreiðslu kynsjúkdóma á Íslandi. Niðurstöður úr gagnabanka landlæknisembættisins sýna að smitdúðum hefur fjölgað jafnt og þétt á undanförunum árum og á það einkum við um sárásótt og lekanda.



# Rannsaka hvað olli slysinu

Maður fannst látinn í svefnskála fyrirtækisins Háteigs í gærmorgun – annar var fluttur á sjúkrahús. Slysinu olli eitruð gas sem komst inn á kaldavatnskerfi hússins. Grafalvarlegt mál, segir yfirlæknir Vinnueftirlitsins.

**SLYS** Starfsmaður Fiskverkunarinnar Háteigs fannst látinn í svefnskála fyrirtækisins á Reykjanesi í gær og annar var fluttur á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja til aðhlyningar. Við rannsókn Vinnueftirlitsins, lögreglu og fulltrúa Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja kom í ljós að eitruð gös höfðu komist inn á kaldavatnskerfi byggingarinnar með þessum afleiðingum. Uppruni gassins er frá niðurdælingarholu Reykjanesvirkjunar, var talið staðfest þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Lögreglunni á Suðurnesjum barst tilkynning um slysið klukkan 7.15 í gærmorgun. Lífgunartilraunir báru ekki árangur og maðurinn var úrskurdaður látinn á staðnum. Félagi hans var útskrifaður af sjúkrahúsi um miðjan dag.

Vinnueftirlitið stöðvaði vinnu í nærliggjandi fyrirtækjum, Haustaki og Stolt Seafarm, vegna slyssins. Í fréttatilkynningu lögreglu sem barst fjölmiðlum eftir hádegi kom fram að á engum tíma stafaði almenníngi hættu af gasmenguninni og að neysluvatn á Suðurnesjum væri í góðu lagi.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins beindist grunur að djúpbörunarholu á svæðinu, en hún var fljótt útilokuð í rannsókninni og litið til einnar af niðurdælingarholum HS Orku á svæðinu.

Kristinn Tómasson, yfirlæknir hjá Vinnueftirlitinu, vann að rannsókn málsins í gær. Hann segir að í þessu vinnurými sem tengist verksmiðju Háteigs sé sírennsli á neysluvatni. Vatnið mengast af kolmónoxíði og brennisteinsvetni sem olli þessu.

„Þetta safnast saman yfir nóttina í hækkandi styrk. Kolmónoxíð er bráðhættulegt og getur valdið dauða og brennisteinsvetnið getur það líka. Þetta er stóruandlegt og grafalvarlegt mál,“ segir Kristinn en



Mennirnir sváfu í húsinu með rauða þakinu fyrir miðri mynd. Það stendur 20 metrum frá vinnsluhúsi Háteigs. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

neitar því að um handvömm sé að ræða.

„Það hefur myndast yfirþrýstingur á kerfinu sem hefur gert þetta að verkum,“ segir Kristinn og vísar þá til þess að við niðurdælingu er vatni dælt niður; yfirþrýstingur, eða bakþrýstingur, myndast og gufurnar fara inn í kerfið. Kristinn slær þó þann varnagla að rannsókn standi yfir og ótímabært sé að fullrða um orsakir slyssins þó að allt bendi í eina átt.

Framhaldsrannsókn er meðal annars í höndum Vinnueftirlitsins. Kristinn segir að kallað hafi verið eftir ýmsum gögnum, teikningum og fleiru til að átta sig á heildarmyndinni. [svavar@frettabladid.is](mailto:svavar@frettabladid.is)

Þetta safnast saman yfir nóttina í hækkandi styrk. Kolmónoxíð er bráðhættulegt og getur valdið dauða og brennisteinsvetnið getur það líka. Þetta er stóruandlegt og grafalvarlegt mál.

Kristinn Tómasson, yfirlæknir hjá Vinnueftirlitinu



### Baneitrað – en lyktarlaust

Kolmónoxíð er lyktar-, bragð- og litlaus lofttegund og er nokkuð eðlisléttari en loft.

Eitrunaráhrif kolmónoxíðs stafa af því að það binst blóðrauða og hindrar þannig eðlilega öndun. Innöndun mikils magns af efninu getur leitt til höfuðverks, svima, ógleði, þreytu og truflana á sjón og heyrn.

Í verstu tilfellum veldur innöndun kolmónoxíðs yfirlíði og dauða.



fiat.is

5 ÁRA  
ABYRGD

## KOMDU OG PRUFADU

Opið í dag laugardag 11 - 15

Margar góðar reynsluakstursleiðir í nágrenni Mosfellsbæjar.

Tökum vel á móti þér!  
Rjúkandi Lavazza kaffi á könnunni.

**ÍSABAND**  
ISLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOD

Umboðsaðili Alfa Romeo, Chrysler, Dodge, Fiat, Fiat Professional, Jeep og Ram Trucks á Íslandi - Þverholti 6  
270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - [www.isband.is](http://www.isband.is) - [isband@isband.is](mailto:isband@isband.is) - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 11-15

# FERMING

## í Blómavali



Páll Óskar tekur lagið laugardag kl. 14:00

Aron Brink tekur lagið laugardag kl. 15:00



Árituð kerti

Hanskar

Áritaðar sálmbækur

Áprentaðar servíettur

### GLÆSILEG FERMINGARSÝNING í Skútuvogi laugardag og sunnudag

# 30%

## afsláttur

af allri fermingavöru gegn framvísun heimsenda fermingarpóstsins frá Blómavali

Glæsileg fermingarsýning og allt fyrir ferminguna á einum stað laugardag og sunnudag í Skútuvogi. Á laugardag skemmta Páll Óskar og Aron Brink, Svanhildur Þórsteinsdóttir verður veislustjóri og fer yfir allt það nýjasta fyrir ferminguna.

**Munið að panta áritaðar servíettur, kerti og sálmbækur um helgina á 30% afslætti.**

**Fáðu hugmyndir fyrir veisluna**  
Uppdekkuð borð frá Blómavali og allt það nýjasta í borðskreytingum.

**Árituð kerti, servíettur og sálmbækur**  
Eitt mesta úrval landsins af servíettum og kertum til áritunar.

**Ljósmyndir og list**  
Sérstakt tilboð á fermingarmyndatökum aðeins fyrir gesti fermingarsýningarinnar.

**Remington kynnir hársnyrtivörur**  
20% afsláttur alla helgina.

**Snyrtivörur frá Önnu Rósu grasalækni**  
35% afsláttur alla helgina. Anna Rósa kynnir laugardag kl.13:30-15:30.

**Dr. Hauska og Lavera**  
Sýna fermingarförðun og förðuð módel. 20% afsláttur um helgina.

**Kornið veisluþjónusta**  
Kornið kynnir flottar veitingar fyrir ferminguna og gefur að smakka.

**Flash tískuverslun og Gallerí 17**  
Flottur fermingarfatnaður til sýnis.

**Halldór Kr. Sigurðsson, bakari og konditor**  
Halldór kynnir kransakökunámskeið Blómavals laugardag kl. 14-16.

Svanhildur Þórsteinsdóttir er veislustjóri fermingarsýningu Blómavals.



**LUKKUPOTTUR BLÓMAVALS**  
Glæsilegir vinningar dregnir út eftir helgina. Allir sem panta áritun á kerti, servíettur eða sálmbækur á fermingarsýningunni geta unnið glæsilega vinninga.

- Gjafabréf frá Ljósmyndum og list.
- 30 manna marsipanterta frá Korninu.
- Gjafabréf frá Flash tískuverslun.
- Silklíttujárn frá Remington.
- Kransakökunámskeið frá Halldóri
- Gjafabréf frá Blómavali

-33%

Ástareldur  
10.5 cm pottur  
**999kr**  
~~1.490kr~~



-26%

Orkidea  
**1.990kr**  
~~2.690kr~~



-49%

Túlípanar  
10 stk  
**999kr**  
~~1.990kr~~



# METNAÐARFULLT ÞRIGGJA ANNA NÁM Í FORRITUN

Í FYRSTA SINN ÞRÍJÁR ANNIR.  
ALÞJÓDLEG MICROSOFT PRÓF.  
BRAUT SEM ER ENDUR-  
HÖNNUÐ OG ÞRÓUÐ  
MEÐ ÍSLENSKUM  
HUGBÚNAÐARHÚSUM.

PETTA ER YFIRGRIPSMIKIÐ  
FORRITUNARNÁM ÞAR SEM  
NEMENDUM GEFST KOSTUR Á AÐ  
LÆRA ALLA HELSTU FÆRNISÞÆTTI  
SEM FORRITARAR ÞURFA AÐ KUNNA  
TIL AÐ STAFA VIÐ HUGBÚNAÐARSMÍÐI.

KYNNING FYRIR ÁHUGASAMA  
FIMMTUDAGINN 9. FEBRÚAR KL. 17:00  
SJÁ HEIMASÍÐU EÐA UPPLÝSINGAR  
Í SÍMA 544-4500.



## HEFST 13. FEBRÚAR

www.ntv.is

**ntv**

Nýi tölva- og  
viðskiptaskólinn



Sérfræðingar Veðurstofunnar og almannavarnadeildar yfirfóru mælíbúnað á Grænufjöllum. MYND/LANDHELGISGÆSLAN

## Nýttu góða veðrið til viðhalds

**SAMFÉLAG** Þylrusveit Landhelgisgæslunnar og starfsfólks Veðurstofunnar og almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra nýttu veðurlíðuna á fjöllum á fimmtudag til að yfirfara mælitæki og búnað í grennd við Kötlu og Bárðarbungu.

Sem kunnugt er hefur jarðskjálftavirkni verið talsverð á þessum slóðum að undanförunu og því vilja vísindamenn fylgjast grannt með því sem fram fer í jarðskorpunni.

Ákveðið var að kanna athugunarstöðina á Hamrinum, ofan

Gráöldu, og sjá hvers vegna hún sendi ekki lengur upplýsingar til bækestöðvar. Þegar flogið var yfir staðinn kom í ljós að allar sólar-sellurnar voru á kafi í snjó og is. Þá hafði vindrella stöðvarinnar fokið niður. – bb

# Fékk ekki laun og látin sofa inni hjá eiganda

Stéttarfélagið Eining Iðja á Akureyri hefur til skoðunar mál tveggja kvenna sem unnu á gistiheimili á Akureyri. Svo virðist sem þær hafi komið hingað til lands sem sjálfbodaliðar en verið látnar vinna kauplaust á gistiheimilinu.

**VINNUMARKAÐUR** Eigandi gistiheimilisins Our Guesthouse á Akureyri hafði tvo starfsmenn, stúlkur frá Póllandi og Ungverjalandi, í vinnu hjá sér síðastliðið haust án þess að greiða þeim laun samkvæmt kjarasamningum. Komst upp um málið í desember við eftirgrennslan stéttarfélagsins Einingar Iðju og skattayfirvalda.

Þetta staðfestir Björn Snæbjörns-son, formaður Einingar Iðju, og segir að fyrirtækið sé til skoðunar hjá stéttarfélaginu en getur ekki farið nánar í málið. „Við gætum trúnaðar við okkar skjólstæðinga sem eru starfsmenn fyrirtækisins. Hins vegar get ég staðfest að við höfum þurft að hafa alvarleg afskipti af fyrirtækinu og það er undir smásjá okkar í viðum skilningi þess orðs,“ segir Björn. „Við lítum málin alvarlegum augum.“

Önnur kvennanna hafði komið sem sjálfbodaliði til Íslands í gegnum síðuna Workaway. Fréttablaðið hefur sagt frá fjölda auglýsinga Íslendinga á síðunni, bæði í ferðaþjónustu og í landbúnaði, en



Önnur konan bjó í opnu rými á heimili eigandans. FRÉTTABLAÐIÐ/SVEINN

**Hins vegar get ég staðfest að við höfum þurft að hafa alvarleg afskipti af fyrirtækinu**

Björn Snæbjörns-son, formaður Einingar Iðju



hundruð erlendra ungmenna koma til landsins réttindalaus en fá frítt fæði og húsnæði. Til að mynda gisti konan í opnu rými inni í íbúð eiganda gistiheimilisins.

Konan fór af landi brott um leið og málið komst upp. Vildi hún ekki láta innheimta vangoldin laun sín hjá gistiheimilinu og hefur ekki spurð til hennar síðan.

Drífa Snædal, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins, segir að sjálfbodaliðastarfsemi í ferðaþjónustu og eftirlit með starfsemi sé eilífðarverkefni. „Við vöktum þessar heimasíður þar sem verið er að óska eftir sjálfbodaliðum. Margir aðilar í ferðaþjónustu virðast nýta sér þetta,“ segir Drífa. „Við höldum uppi orðið stífu eftirliti og erum að ná til fólks með því að kíkja í heim-sóknir á vinnustaði.“

Eigandi gistiheimilisins á Akureyri vildi ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað. Það hann blaðamann um að fara af gistiheimilinu þegar spurð var fyrir um málið.

sveinn@frettabladid.is

## Alþingi fordæmi ákvörðun Trumps

**STJÓRNMÁL** Þingmenn Samfylkingarinnar leita nú stuðnings hjá öllum þingmönnum á Alþingi til að fordæma tilskipun forseta Bandaríkjanna um að banna fólki frá Sýrlandi, Írak, Íran, Jemen, Lýbía, Sómalíu og Súdan að koma til Bandaríkjanna.

Í tillögu til þingsályktunar sem send hefur verið öllum þingmönnum segir að Alþingi skuli fordæma harðlega tilskipunina.

Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, segir að aðgerð Donalds Trump Bandaríkjaforseta, sé fordæmalaus og réttlæti að þjóð-

þing Íslendinga fordæmi aðgerðina. „Við teljum mjög mikilvægt að þjóðþingið sjálft fordæmi þetta og sendi skýr skilaboð til Bandaríkjanna og heimsins að íslensk þjóð líði ekki mismunun á grundvelli trúarbragða og þjóðernis,“ segir Logi.

Logi hefur ekki áhyggjur af því að ályktunin kunni að hafa vond áhrif á samskipti Íslands og Bandaríkjanna. „Ég held að það myndi hafa slæm áhrif á samskipti þjóðanna ef hann kemst óáreittur upp með þessa hegðun sína.“



Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar

„Við sendum hana á alla þingflokka og viljum helst að allir þingmenn séu á henni. Við höfum kallað eftir því að þetta sé ekki til-laga frá Samfylkingunni heldur frá Alþingi,“ segir Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar. – snæ

# ÖSKUDAGURINN NÁLGAST!

Sjáið allt úrvalið á [hagkaup.is](http://hagkaup.is)



## FYLGIVHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI!



**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla

HÁDEGISFUNDUR  
MÁNUDAGINN 6. FEBRÚAR  
FRÁ KL. 12.00 TIL 13.30

## Orkuöryggi og stefna í orkumálum

Hádegisfundur um orkuöryggi og stefnu í orkumálum á Íslandi verður haldinn í fundarsal Orkustofnunar að Grensásvegi 9.

Kynnt verður niðurstaða skýrslu háskólanna MIT í Bandaríkjunum og IIT Comillas á Spáni sem unnin hefur verið í samstarfi við Orkustofnun, Landsvirkjun og Landsnet.

Dr. Guðni A. Jóhannesson, orkumálastjóri verður með inngangserindi.

Fyrirspurnir til höfunda skýrslunnar í lok fundar.

Vinsamlegast skráðu þátttöku á [orkustofnun.is/orka](http://orkustofnun.is/orka)

ORKUSTOFNUN



Landsvirkjun

LANDSNET

## Mótmæltu Trump



Malasar mótmæltu Donald Trump, forseta Bandaríkjana, í höfuðborginni Kúala Lúmpúr í gær. Mótmælin fóru fram fyrir utan sendiráð Bandaríkjana og söfnuðust hundruð mótmælenda saman. Var þess krafist að Trump aflétti banni við komu ríkisborgara sjö ríkja í Norður-Afríku og Mið-Austurlöndum. NORDICPHOTOS/AFP

## Frjálslyndara þing nær málinu í gegn

Flutningsmenn nýs áfengisfrumvarps eru bjartsýnir á að málið nái í gegn. Stærsti munurinn á því og fyrri frumvörpum snýr að auglýsingum og aðgreiningu.

**ALÞINGI** þeir flutningsmenn nýs frumvarps, sem myndi meðal annars gefa sölu áfengis frjálsa, sem Fréttablaðið náði tali af telja líklegra nú en áður að frumvarpið nái í gegn. Sams konar frumvörp voru lögð fram á tveimur síðustu þingum.

Alls eru flutningsmenn frumvarpsins níu og koma þeir úr fjórum flokkum. Samanlagður þingstyrkur flokkanna er 42 þingmenn.

Fyrsti flutningsmaður frumvarpsins og þingmaður Sjálfstæðisflokks, Teitur Björn Einarsson, segist treysta því að málið fái málefnalega meðferð og að um það verði uppbyggileg umræða í þinginu sem og í nefndum og í umsögnum sem berast.

Á þeim grunni telur hann að líkur séu á því að málið fái brautargengi. Það eigi hins vegar eftir að koma í ljós.

„Fólk er farið að átta sig á því að þetta er ekki eins hættulegt mál og margir vilja meina,“ segir Vilhjálmur Árnason, einn flutningsmanna, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og flutningsmaður fyrri frumvarpa sama efnis.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, ritari Sjálfstæðisflokks, segist bjartsýn á að málið komist í gegn. „Ég held það sé líklegra nú en áður. Til dæmis út af frjálslyndri ríkisstjórn.“

Þá segja Vilhjálmur og Teitur Björn báðir að helsti munurinn á þessu frumvarpi og fyrri frumvörpum felist í tveimur þáttum; gerð er frekari krafa um aðgreiningu áfengis inni í verslunum frá annarri matvöru



Teitur Björn Einarsson, þingmaður



Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, þingmaður

og heimilad verði að auglýsa áfengi.

Teitur Björn segir að reglur muni gilda um áfengisauglýsingar. Auglýsendum beri að taka fram skaðleg áhrif óhóflegrar neyslu og skert verði á því að slíkar auglýsingar megi ekki höfða til barna.

Áslaug Arna segir málið ekki forgangsmál. „Það er hins vegar áhugavert að heyra fólk tala um að þetta sé ekki mikilvægt mál á sama tíma og það talar um að málið eigi að fara í þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er smá andstæða í því,“ segir hún.

Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Pirata, hvatti til þess á Facebook í gær að málið færi í þjóðaratkvæðagreiðslu. Alþingi ætti frekar að einbeita sér að mikilvægari málum.

Vilhjálmur segir málið aldrei hafa verið forgangsríði. „En þetta er stórt prinsippmál. Mér finnst að menn megi ekki gera lítið úr því.“

[thorgnyr@frettabladid.is](mailto:thorgnyr@frettabladid.is)



## Vítamíndagur

20–40%

afsláttur af öllum vítamínum  
hjá Lyfjum & heilsu.

Lyf & heilsa  
Við hlustum!





TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

# TOYOTA C-HR

Í FULLKOMNU FLÆÐI



Verð frá: 3.840.000 kr.

## Nýtt ár, ný viðmið

Við kynnum hinn glænýja Toyota C-HR, fínslípaðan demant sem sker sig úr hvar sem hann kemur. Kröftug vél, einstakir aksturs-eiginleikar ásamt háþrúðu farþegarými sjá til þess að þú líðir um strætín í fullkomnu flæði. Einstökum bíl fylgir einstök tilfinning. Komdu, taktu í stýrið og finndu hvernig Toyota C-HR skapar algjörlega ný viðmið, enda fyrstur sinnar tegundar.

- 2 ára þjónustupakki fylgir með öllum Toyota C-HR
- Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)

### VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



**Toyota Kaupúni**  
Kaupúni 6  
Garðabæ  
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbæ  
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**  
Fossnesi 14  
Selfossi  
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)  
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.  
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

## Fjölmenni kvaddi Birnu

Birna Brjánsdóttir var jarðsöngin frá Hallgrímskirkju í gær. Athöfnin var öllum almenningi opin og töluverður fjöldi mætti til athafnarinnar. Þúsundir mættu í göngu til minningar um Birnu sem haldin var laugardaginn 28. janúar síðastliðinn.

Erfidrykkja Birnu fór fram í flugskýli Landhelgisgæslunnar á Reykjavíkflugvelli. Þyrla Gæslunnar, en áhöfn hennar fann Birnu um hádegisbil þann 22. janúar, stóð fyrir utan skýlið. Fjárlastæði voru á svæðinu svo liðsmenn Landhelgisgæslunnar sáu um að ferja fólk sem þess þurfti frá bílastæðunum við Háskólann í Reykjavík og að flugskýlinu.

Sveinn H. Guðmarsson, upplýsingafulltrúi Landhelgisgæslunnar, segir að aðstandendur Birnu hafi haft frumkvæði að því að Landhelgisgæslan hýsti erfidrykkjuna, sem búist var við fyrirfram að yrði mjög fjölmenn. „Við urðum auðvitað við því enda eru þetta mjög sérstakar aðstæður og Landhelgisgæslan tengdist málinu á nokkrum stigum þess.“

Sr. Vigfús Bjarni Albertsson jarðsöng Birnu. Á meðal laga sem flutt voru við útförina var frumsamið lag föður hennar, Brjáns Guðjónssonar.



Mikill fjöldi fólks vottaði Birnu virðingu sína en hún var jarðsöngin frá Hallgrímskirkju í gær. Frumsamið lag eftir föður Birnu var flutt við athöfnina. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Leitin að Birnu jók styrki Landsbjargar

Um fjórar milljónir króna hafa safnast til Landsbjargar í einstökum styrkjum eftir að leitin að Birnu Brjánsdóttur hófst. Metfjöldi hefur skráð sig í svokallaða bakvarðasveit til að styrkja björgunarsveitirnar mánaðarlega. Birna var jarðsöngin frá Hallgrímskirkju í gær.

**SAMFÉLAG** Ríflega 1.800 manns hafa skráð sig sem mánaðarlega stuðningsaðila Slysavarnafélagsins Landsbjargar síðan aðkoma björgunarsveitanna hófst að leitinni að Birnu Brjánsdóttur. Aldrei hafa fleiri skráð sig í stuðningskerfi Landsbjargar á jafn skömmum tíma eða vegna einstaks máls.

Þá hafa um fjórar milljónir króna safnast í einstökum styrkjum til Landsbjargar. Stærsti styrkurinn kemur frá Polar Seafood, fyrirtækinu sem gerir út grænlenka togarann Polar Nanoq, eða um 1,6 milljónir króna. Næst á eftir eru styrkir frá einstaklingum sem hafa verið töluvert margir og flestir í kringum 500 til 1.500 krónur.

„Fyrir þetta erum við afskaplega þakklát. Okkur skortir eiginlega orð fyrir þennan stuðning,“ segir Þorsteinn G. Guðmundsson, upplýsingafulltrúi Landsbjargar. „Þjóðin hefur fylgst með þessu máli og Birna

**Fyrir þetta erum við afskaplega þakklát. Okkur skortir eiginlega orð fyrir þennan stuðning.**

Þorsteinn G. Guðmundsson, upplýsingafulltrúi Landsbjargar

blessunin á hlut í hjarta þjóðarinnar. Foreldrar hennar beindu því til almennings að vera ekki með fjársöfnun til þeirra heldur láta fé af hendi rakna til björgunarsveitanna. Þetta er miklu meira en við höfum séð áður sem við getum tengt einhverjum einstökum viðburði eða aðgerð,“ segir Þorsteinn.

Nærri 800 björgunarsveitarmenn komu að leitinni að Birnu Brjánsdóttur sem stóð yfir frá mánudeginum 16. janúar til sunnudagsins 22. janúar, þegar Birna fannst látin við Selvogsvita á sunnanverðum Reykjaneskaganum. [snaeros@frettabladid.is](mailto:snaeros@frettabladid.is)



Um 800 björgunarsveitarmenn tóku þátt í leitinni að Birnu. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

### Rannsókn enn í gangi

„Ég hef sagt að við teljum að hann búi yfir upplýsingum um hvarf hennar. Auðvitað segir það ekki mjög nákvæmt um það en við teljum það vera með þeim hætti,“ segir Grímur Grímsson, um stöðu Nikolajs Olsen sem ekki var úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald þegar tveggja vikna varðhaldi hans lauk á fimmtudag.

Aðeins einn skipverji af Polar Nanoq, Thomas Møller Olsen, er eftir í haldi lögreglu en alls voru fjórir handteknir í aðgerðum lögreglu, þrjár vegna hvarfs Birnu. Endanleg skýrsla réttarmeinafræðings um andlát Birnu liggur ekki fyrir og niðurstöður úr rannsókn á lífsýnum og öðrum sönnunargögnum ekki heldur.

# SKÍÐAÚTSALA

**30%**  
AFSLÁTTUR AF  
HÖNSKUM OG  
LÚFFUM

**30-50%**  
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM  
SKÍÐAFATNAÐI

**30-50%**  
AFSLÁTTUR AF  
SKÍÐUM, BRETTUM,  
SKÓM, HJÁLUM  
OG GLERAUGUM

INTERSPORT AKUREYRI / SÍMI 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA / SÍMI 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 18. SUN. 13 - 17.

**SPORT TO THE PEOPLE**

**INTERSPORT®**

SIMPLY CLEVER

ŠKODA



ŠKODA Octavia

Nú getur þú  
fengið Octaviu  
lánaða í heilan  
sólarhring.

24 TÍMA  
HEIMLÁN  
ŠKODA



5 ára ábyrgð

## Taktu frá 24 tíma með Octaviu!

ŠKODA Octavia er margverðlaunaður og einn af söluhæstu bílum á Íslandi enda ótal kostum búinn. Gefðu þér sólarhring til að prófa frábæra aksturseiginleika, gott rýmið og sparsemi í rekstri – allt það sem gerir ŠKODA Octavia að einum besta fjölskyldubílum á markaðnum.

Dráttarbeisli og vetrardekk  
fylgja í takmarkaðan tíma!

Verð frá aðeins:

**3.350.000 kr.**

Sjálfskiptur frá aðeins: **3.550.000 kr.**



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is  
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

[www.skoda.is](http://www.skoda.is)

# Hljóðritasjóður

Umsóknarfrestur til 15. mars

## Rannís auglýsir eftir styrkumsóknum í Hljóðritasjóð.

Hlutverk Hljóðritasjóðs er að efla hljóðritun á íslenski tónlist. Veittir eru styrkir til að taka upp nýja, frumsamda íslenska tónlist og þannig er stutt við nýsköpun hennar.

Hljóðritin skulu kostuð af íslenskum aðilum en mega einnig vera samstarfsverkefni við erlenda aðila.

Styrkir eru veittir til ákveðinna verkefna að hámarki til eins árs. Umsóknarfrestir eru tvisvar á ári, **15. mars og 15. september.**

**Næsti umsóknarfrestur rennur út 15. mars kl. 17.00.**

Upplýsingar og umsóknargögn er að finna á [www.rannis.is](http://www.rannis.is). Umsóknum og lokaskýrslum skal skila á rafrænu formi.

Stjórn Hljóðritasjóðs  
Rannís, Borgartúni 30, 105 Reykjavík  
Netfang: [hljodritasjodur@rannis.is](mailto:hljodritasjodur@rannis.is)



**rannís**  
[www.rannis.is](http://www.rannis.is)

## Viðbúnaður við Louvre



Pungvopnað lið lögreglunnar í París var við Louvre-safnið í gær. Karlmaður, sem sagður er Egypti á þritugsaldri, reyndi að komast inn í verslunarhluta safnsins. Var hann vopnaður svedju og ógnaði viðstöddum áður en franskur hermaður sem var á vakt skaut hann. NORDICPHOTOS/AFP

## Styrkir úr Vísindasjóði Krabbameinsfélags Íslands

Vísindasjóður Krabbameinsfélags Íslands auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum. Markmið sjóðsins er að efla íslenskar rannsóknir á krabbameinum með því að styrkja með fjárframlögum rannsóknir á orsökum krabbameina, forvörnum, meðferð og lífsgæðum sjúklinga.

Með hliðsjón af því stofnframlagi sem kom úr sjóði Kristínar Björnsdóttur fyrrverandi starfsmanns Sameinuðu þjóðanna er sérstaklega tekið fram að hluti styrkveitinga úr sjóðnum skal vera til að styðja við rannsóknir krabbameina í börnum og unglingum og aðhlyningu krabbameinssjúkra barna.

Stofnfé Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands er 250 milljónir króna og í samræmi við ákvæði í stofnskrá sjóðsins mun stjórn sjóðsins úthluta allt að 100 milljónum króna til vísindarannsókna og annarra verkefna á næstu þremur árum. Stjórn sjóðsins mun veita styrki til smærri verkefna og rannsókna en einnig til umfangsmeiri vísindarannsókna. Hámarksupphæð styrks til viðameiri vísindarannsókna er 10 milljónir króna á ári.

[www.krabb.is](http://www.krabb.is)

Umsóknareyðublað, stofnskrá, úthlutunarreglur og aðrar upplýsingar um Vísindasjóð Krabbameinsfélags Íslands er að finna á heimasíðu Krabbameinsfélags Íslands, [krabb.is/visindasjodur](http://krabb.is/visindasjodur). Umsóknir skal senda rafrænt á [visindasjodur@krabb.is](mailto:visindasjodur@krabb.is).

Umsóknir um styrki vegna vísindarannsókna verða sendar Vísindaráði Krabbameinsfélags Íslands til skoðunar, sem fer yfir allar umsóknir og veitir stjórn sjóðsins umsögn um þær, eins og nánar er fjallað um í úthlutunarreglum sjóðsins. Umsóknum um styrki vegna aðhlyningar krabbameinssjúkra barna skal skila á sama umsóknareyðublaði og fylltir út þeir reitir sem við eiga. Úthlutun úr sjóðnum verður í byrjun maí nk. á aðalfundi Krabbameinsfélags Íslands.

**Umsóknarfrestur er til miðvikudagsins 1. mars nk. kl. 16:00.**

Reykjavík, 4. febrúar 2017  
Stjórn Vísindasjóðs  
Krabbameinsfélags Íslands



**Krabbameinsfélagið**

## Beita Írana þvingunum

Nýjar eldflaugatilraunir Írana leggjast illa í Bandaríkjamenn. Ríkisstjórnin hefur beitt þvingunum. Bandaríkjaforseti segir Obama hafa verið of linan.

**BANDARÍKIN** Ríkisstjórn Donalds Trump, forseta Bandaríkjanna, ákvað í gær að beita Írana viðskiptaþvingunum vegna nýrra eldflaugatilauna þeirra. Ákvörðunin beinist gegn þrettán einstaklingum og tólf fyrirtækjum sem annaðhvort eru írönsk eða tengjast írönskum stjórnvöldum.

Verða eignir viðkomandi í Bandaríkjunum frýstar og Bandaríkjamönnum verður meinað að stunda viðskipti við viðkomandi aðila.

„Þessar aðgerðir endurspeglar skuldbindingu Bandaríkjanna gagnvart því að framfylgja þvingunaraðgerðum gegn Írönnum vegna eldflaugaverkefnis þeirra og tilrauna þeirra til þess að koma á oreiðu á svæðinu,“ segir í tilkynningu frá fjármálaráðuneyti Bandaríkjanna.

Þá er aðgerðin talin tengjast tilskipun Trumps um að meina ríkisborgurum sjö þjóða í Norður-Afríku og Mið-Austurlöndum inngöngu í Bandaríkin. Eitt þeirra ríkja er Íran. Vegna tilskipunarinnar bönnuðu írönsk stjórnvöld bandarískum glímuköppum sem átta að keppa á móti í höfuðborginni Teheran að koma til landsins.

Sjálfur tjáði Trump sig um eldflaugatilaunir Írana á Twitter í gær. „Íranar leika sér að eldinum. Þeir átta sig ekki á því hversu linur Obama forseti var í þeirra garð. Það verð ég ekki,“ skrifaði Trump og vísaði þar til forvera síns í starfi.

Írönsk stjórnvöld svara Trump hins vegar fullum hálsi.

Ali-Akbar Velayati, utanríkismálaráðgjafi æðstaklerksins Khamenei, sagði að Bandaríkin myndu tapa þessari deilu. „Þetta er ekki í fyrsta skipti sem barnalegur Bandaríkjamadur hótar Írönnum,“ sagði hann í gær.

Árið 2015 komust Íranar að samkomulagi við Bandaríkin, Bretland, Rússland, Frakkland, Kína, Þýskaland og Evrópusambandið um að hætta þróun kjarnorkuvopna gegn því að viðskiptaþvingunum yrði aflétt. Ráðamenn í Bandaríkjunum halda því fram að nýjar tilraunir brjóti á þessu samkomulagi. Því neita Íranar. Tilraunirnar eru sagðar liður í að styrkja varnir ríkisins.


Sameinuðu þjóðirnar hafa ekki komist að niðurstöðu um hvort tilraunirnar brjóti á samkomulaginu.

Áður en tilkynnt var um nýjar þvinganir sagði utanríkisráðherra Írans, Mohammad Javad Zarif, að hótanir myndu ekki bita á írönsk stjórnvöld.

[thorgnyr@frettabladid.is](mailto:thorgnyr@frettabladid.is)

Íranar leika sér að eldinum. Þeir átta sig ekki á því hversu linur Obama forseti var í þeirra garð. Það verð ég ekki.

Donald Trump, forseti Bandaríkjanna



# Útsölulok!

## 30 - 50% afsláttur af húsgögnum og gjafavöru



Luktir Day Home,  
frá kr. 9.800,-, nú frá kr. 6.860,-



-30%

**KAK 5237** tungusófi m/hvíldarsæti í leðri  
Litir; svart, mokka og dökkbrúnt. Verð kr. 498.000,-, nú kr. 348.600,-



**CAP** motta 140x200 cm  
(fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum)  
kr. 145.000,-, nú kr. 101.500,-



**LL** sófaborð 90 cm,  
kr. 136.700,-, nú kr. 95.690,-

-30%



Mikið úrval af púðum,  
verð frá kr. 7.400,-, nú frá kr. 5.180,-



**LSA** blómavasi  
kr. 7.400,- nú kr. 5.180,-



-30%

**idp Sphera** leðursófar og sófasett  
Verð 3+1+1 995.000,- nú 696.500,-, Litir; svart, grátt og dökkbrúnt.



**PB home** sófaborð 90x90x45 cm,  
verð frá kr. 68.000,-, nú frá 47.600,-



**LSA** kökudiskur  
kr. 9.900,-, nú kr. 6.930,-

-30%



**Camerich max** sjónvarpsskápar  
Verð frá kr. 219.000,-, Tilboðsverð frá kr. 164.250,-



-50%

**Hübsch** kertastjaki  
36 cm kr. 9.400,-, nú kr. 4.700,-  
29 cm kr. 8.300,-, nú kr. 4.150,-



-40%

**Hübsch** klukka úr marmara,  
kr. 19.800,-, nú kr. 11.880,-



-30%

**Asiama S353** hornsófi í leðri.  
Stærð 278 x 226 x 105 cm. Litir; svart, brúnt og ljósgrátt.  
Verð kr. 648.000,-, Tilboðsverð kr. 453.600,-



-50%

**LSA** ísfata  
18 cm kr. 10.700,-, nú kr. 5.350,-  
23 cm 19.950,-, nú kr. 9.975,-



**PB home** gangaborð 110x35x80,  
verð kr. 67.000,-, nú kr. 46.900,-

-30%



**Ilmkeri Riverdale**,  
frá kr. 1.300,-, nú frá kr. 910,-



-50%

**Hübsch** lukt  
kr. 26.800,-, nú kr. 13.400,-



**Riverdale** ritfangabox  
kr. 14.800,-, nú kr. 7.400,-

# HEIMAHÚSIÐ

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opíð virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.

## Fjölbreytt úrval smávöru

Allt að

# 70%

afsláttur



**60%**  
AFSLÁTTUR

### HLIÐARBORÐ

Hliðarborð frá Au Maison.  
Nokkrar stærðir og litir.

**9.996 kr. ~~24.990 kr.~~**

## Valdar mottur 50-80%

afsláttur



**50%**  
AFSLÁTTUR



**ALESSI**

### COLUMBINA & CACCIA

24 stk. hnifaparasett frá Alessi.

Columbina

**17.495 kr. ~~34.990 kr.~~**

Caccia

**29.995 kr. ~~59.990 kr.~~**

# 20%

AFSLÁTTUR



### CLEVELAND

Hornsófi með tungu. Hægri eða vinstri tunga.  
Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði.  
Stærð: 308 x 140/203 x 81 cm

**151.992 kr.**

~~189.990 kr.~~

### PRADO

Skemmtilegur þriggja  
sæta retrosófi. Fáaleg-  
ur í gráu, dökkgráu,  
rauðu og bláu áklæði.  
Viðarfætur.  
Stærð: 182 x 86 x 82 cm

**69.993 kr.**

~~99.990 kr.~~



**30%**  
AFSLÁTTUR

### FIMON

Tveggja og þriggja sæta sófi. Grátt,  
grábrúnt, gult eða grænt slitsterkt áklæði.

2ja sæta: 150 x 83 x 77 cm

**97.494 kr. ~~149.990 kr.~~**

3ja sæta stærð: 208 x 83 x 77 cm

**129.994 kr. ~~199.990 kr.~~**



**35%**  
AFSLÁTTUR

### BOYD

Þriggja sæta sófi.  
Dökkgrátt slit-  
sterkt áklæði.  
Stærð:  
215 x 87 x 78 cm

**79.193 kr.**

~~119.990 kr.~~



**34%**  
AFSLÁTTUR

# RISA ÚTSALA LOKAHELGIN

Allt að

# 60%

afsláttur



**20%**  
AFSLÁTTUR

**MISTRAL**  
Borðstofuskenkur hvítur.  
Stærð: 177 x 42 x 61 (+fætur) cm.

**111.952 kr.**  
~~139.990 kr.~~



**30%**  
AFSLÁTTUR

**MISTRAL**  
Sjónvarpsskápur.  
Stærð: 161,5 x 45 x 42 (+ fætur) cm.

**99.990 kr.**  
~~143.960 kr.~~



**NORA**  
Skemmtilegur bekkur t.d. við  
eldhúsbörð eða stakur.  
Svart PU leður og viðarfætur.  
Stærð: 159 x 56 x 86 cm.

**60%**  
AFSLÁTTUR

**35.996 kr.**  
~~89.990 kr.~~



furninova

**DETROIT**  
Hornborð.  
Stálgrind.

**80%**  
AFSLÁTTUR

**13.998 kr.**  
~~69.990 kr.~~

**PARKER**

LA Z BOY

La-z-boy hægindastóll.  
Slitsterkt ljóst áklæði.  
Stærð: 82 x 86 x 104 cm



**59.995 kr.** ~~119.990 kr.~~

**OMAHA**

Borðstofu-  
stóll.  
Turkisblátt  
og grátt  
áklæði



**38%**  
AFSLÁTTUR

**9.914 kr.** ~~15.990 kr.~~

**MANDAL**

Borðstofustóll.  
Rauður,  
hvítur,  
svartur og  
blár.



**40%**  
AFSLÁTTUR

**5.994 kr.** ~~9.990 kr.~~

**MOSS**

Borðstofustóll.  
Brúnt og svart  
mikrofiber  
áklæði og  
viðarlappir



**30%**  
AFSLÁTTUR

**8.393 kr.** ~~11.990 kr.~~



Dularfull birta braust í gegn um skýin og mistur af öldurótinu umlék Dyrhólaey þegar horft var frá samnefndum bæ. Þótt umhverfið sé hrifandi leynast hættur víða á þessum slóðum. Vitinn vakti yfir sjófarendum.



Hákon Ásgeirsson, sérfræðingur á Umhverfisstofnun, rak niður girðingarstaura ofan við Kirkjufjöru þar sem öldurnar hrifsuðu til sín ferðakonu fyrir skemmstu.



Vilhelm  
Gunnarsson  
villi@365.is  
ljósmyndari

## Maður, & land & úthaf

Fegurð Reynisfjöru, Dyrhólaeyjar og Kirkjufjöru er sterkur segull á náttúrubörn í hópi ferðamanna. Fara þarf þar að öllu með gát en því miður hafa orðið svipleg slys þegar fólk hættir sér of nærri þungum og köldum öldum Atlantshafsins.



Ferðakonur gengu of langt í Reynisfjöru og fengu að kenna á afli Atlantshafsins.



Nýtt skilti varar ferðafólk við hættunum sem fylgja heimsókn í Kirkjufjöru.



Linnulitill straumur ferðafólks rennur nú árið út og árið inn ofan í Reynisfjöru þar sem fífldjarfir ferðamennr láta viðvaranir sem vind um eyru þjóta og bjóða náttúruöflunum birginn.



# Ford

NÝR KA+



## #SNJALLASTUR

Nýr Ford Ka+ er snjall bíll með litríkan persónuleika sem skín í gegnum nýtt útlit hans með töffaralegu Ford grilli og rennilegum framljósum. Ford Ka+ er svo snjall að í honum getur þú með raddstýringu hringt og svarað símtölum, hlustað á sms skilaboð eða spilað uppáhalds tónlistina þína. Samhliða því upplifir þú svo frábæra aksturseiginleika, notagildi og Ford gæði.

Ford er frábær! Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Ka+

VERÐ FRÁ:

**1.890.000** KR.

**FRUMSÝNING  
Í DAG!**

**OPIÐ FRÁ 12-16**

**Þrír fá frían Ford í þrjá mánuði!**

Nöfn allra sem reynsluaka nýjum Ford fara í pott og verða þrír heppnir dregnir út sem fá frí afnot af Ford í þrjá mánuði!

**LENGRI OG BETRI  
REYNSLUAKSTUR**

– þú getur fengið hann  
í allt að **24 tíma!**  
Komdu núna!



[ford.is](http://ford.is)



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík  
Bíldshöfða 6  
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri  
Tryggvabraut 5  
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:  
Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17  
og laugardaga kl. 12-16

## Sjálfskaparvíti



Kristin Þorsteinsdóttir  
kristin@frettabladid.is

**H**eilbrigðiskerfi í heiminum eyða tæplega 1.500 milljörðum Bandaríkjadala á ári hverju í lækniþjónustu vegna sjúkdóma og kvilla sem tengjast reykingum, samkvæmt nýlegri rannsókn Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar WHO.

Talan er vissulega svimandi há. Ef til vill er auðveldara að átta sig á umfanginu með því að benda á að fyrir hverjar 100 krónur sem fara í útgjöld af hvaða toga sem er, hvar sem er í heiminum, fara tvær krónur í þennan eina kostnaðarlið. Tæplega ein af hverjum tíu krónum sem fara í heilbrigðismál á heimsvísu rennur að endingu í meðferðir og annan kostnað vegna fylgikvilla reykinga.

Þá er ótalinn annar kostnaður samfélagsins en sama rannsókn reiknar það svo að um sex prósent tapaðra vinnustunda í heiminum megi rekja til reykinga. Þar bætist við annar kostnaðarliður fyrir samfélagið.

Löngu er orðið þekkt að reykingar valda ýmiss konar heilsutapi. Reykingafólk er líklegra til að glíma við hjartasjúkdóma og rannsóknir benda til að reykingar geti valdið allt að sautján tegundum af krabbameini. WHO telur að á ári hverju megi rekja um 12 prósent allra dauðsfalla í aldurshópnum 30 til 69 ára til reykinga.

Í ofangreindum tölum eru ótaldir fylgikvillar óbeinna reykinga, sem vissulega er erfiðara að festa hendur á. Haft er fyrir satt að allt að sex milljónir manna deyí af þeirra völdum á ári hverju.

„Reykingar eru einhver stærsta heilsuvá sem mannkynið hefur staðið frammi fyrir,“ segir í skýrslu WHO. Stofnunin gengur ekki svo langt að leggja til allsherjar bann við reykingum. En bendir á að reynslan sýni að ofurskattlagning á tóbaki sé besta leiðin til að berjast gegn aukinni neyslu.

Hér á Íslandi voru opinber gjöld á tóbak hækkuð um áramótin; svokallað tóbaksgjald nemur nú rúmum 480 krónum á hvern pakka. Við bætist síðan 24% virðisaukaskattur. Ef miðað er við að sigarettupakki kosti 1.500 krónur renna 60 prósent verðsins til ríkisins. Miðað við ráðleggingar WHO er það ekki nóg. Ljóst er að gjald þetta hrekkur hvergi nærri til að standa undir þeim mikla þjóðfélagslega kostnaði sem hlýst af reykingum.

Reykingar eru líka ólíkar mörgum öðrum skaðvöldum, að því leyti að reykingamaðurinn skaðar ekki einungis sjálfan sig með háttsemi sinni, heldur einnig aðra gegnum óbeinar reykingar. Kostnaður sem af hlýst vegna óhófsneyslu greiðist svo úr sameiginlegum sjóðum.

Þau hófsömu borga fyrir hin sem ráða ekki við neyslu sína. Það er ósanngjarnt. Reykingar eru sjálfskaparvíti öfugt við flesta sjúkdóma sem herja á fólk.

Úttekt WHO minnir okkur á skaðsemi tóbaks. Kannski er ástæða til að banna hreinlega neyslu skaðvaldsins. Sennilega er ekki lengra en ein mannsævi í að sú verði raunin.



Þá er ótalinn annar kostnaður samfélagsins en sama rannsókn reiknar það svo að um 6 prósent tapaðra vinnustunda í heiminum megi rekja til reykinga. Þar bætist við annar kostnaðarliður fyrir samfélagið.

## Gunnar



## Mín skoðun Logi Bergmann



## Einfalda leiðin

Ef ég væri svona alvöru pistlahöfundur, sem tæki mig hátiðlega, væri ég núna að fara að skrifa pistil um Donald Trump. En vá hvað ég nenni því ekki. Fer hann ekki bara ef við hættum að tala um hann?

Í staðinn langar mig að skrifa um annað undarlegt fyrirbæri: Meistaramánuð og hvernig sumir nálgast það, sem kallað er að koma sér í form. Hvað sem það þýðir.

Ef það er eitthvað sem allir elska, þá er það einfalda leiðin. Einfalda leiðin til að hætta að reykja, einfalda leiðin til að hætta að borða sykurléttast, þrifa, læra eða ala upp börn.

Við bara elskum þetta og erum alltaf til í að prófa eitthvað sem er bara nógu einfalt. Við vitum alveg innst inni að þetta virkar ekki en okkur langar bara svo sjúklega til þess. Af því þetta er svo einfalt. Sérstaklega núna, þegar fólk ætlar í einhvers konar paník að fara að kolefnisjafna ruglið yfir hátiðirnar í Meistaramánuði. Á einfaldan hátt.

Ekki misskilja mig. Einfalt er vissulega gott. Ég vil hafa hluti einfalda. Það segir sig sjálft. Takið til dæmis eftir því hvað orðið einfalt hefur á sér miklu þægllegri blæ en orðið flókið. Það er vesen og óþægilegt. Vissulega, svona ef maður hugsar það aðeins, er flókið líklegra til að virka. En samt...

Þetta er ekki eitthvað sem þessi kynslóð fann upp. Ef internetið hefði verið komið hér áður fyrr þá hefði örugglega einhver leitað að þessu: Einfalda leiðin til að fá sjálfstæði frá Dönnum eða einfalda leiðin til að galdra án þess að verða brenndur á báli.

Ef ég væri að selja eitthvað þá myndi ég leggja áherslu á að það væri einfalt. Ég held að það sé það fyrsta sem fólk hugsar um. Helst einfalt og kostar enga vinnu. Það er fullkomin vara.

Og ég ætla ekki að vera með nein leiðindi út af því.

Þannig höfum við fengið alls konar skemmtilega hluti: Bumbubanann, kartöfluflysjarann, alls konar hreinsidót. Já, bara allan sjónvarpsmarkaðinn.

## Einfalt er betra en erfitt

Helst af öllu viljum við samt einfalda hluti þegar við þurfum að gera eitthvað erfitt. Eins og grennast. Þá fyrst erum við til í að gera okkur að algjörum flillum til að komast hjá því að leggja eitthvað á okkur.

Æfa í þrjár mínútur á dag og missa 15 kíló. Já, það hljómar eðlilega. Drekkja grænt te og breyta engu öðru og missa tíu kíló. Já, það er einmitt það sem ég er tilbúinn til að leggja á mig.

Og hver gæti gleymt megrunarkaramellunum eða eyrnalokkunum eða plástrunum eða munnspreyinu eða bara einhverju sem er með orðinu einfalt. Svo voru líka pillurnar. Ein pillu og sex vatnsglós þrisvar á dag og þá ertu ekkert svangur. Og núna síðast. Rauðvinsglas fyrir svefninn og kílóin fjúka af. Frábært!

Í alvöru. Hvað ætli sé almennt að gerast í höfðinu á fólk sem heldur að það grennist við það að borða súkkulaðikaramellur? Sennilega harla lítið en ég ætla ekki að dæma. Þetta er svo einfalt.

## Einfaldur sannleikur

Nú er ég hvorki lærður einkabjálfi né íþróttakennari en ég held að það sé í raun búið að rannsaka þetta allt.

Ef þú ætlar að léttast þá þarftu að brenna fleiri hitaeningum en þú innbyrðir. Sem er vissulega einfalt en kannski ekki jafn skemmtilegt að æfa í þrjár mínútur tvisvar í mánuði og borða megrunarkaramellur og drekka rauðvín þess á milli. En þegar þú hugsar þetta aðeins um. Hefur einhver sagt að lífið sé einfalt?

P.s.: Einfalt kemur fyrir 22svar sinnum í þessum pistli. Bara ef þú varst að pæla í því. Já, eða 23svar með þessu síðasta.

## HEFUR ÞÚ UPPLIFAÐ ÁSTARSORG?

FRUMSÝNING 9. FEBRÚAR 2017 Í HÖRPU

## mannsröddin

ÓPERA / LEIKRIT EFTIR POULENC & COCTEAU

LEIKGERÐ OG LEIKSTJÓRN:  
BRYNHILDUR GUÐJÓNSDÓTTIR  
FLYTJENDUR AÐUR GUNNARSDÓTTIR,  
ELVA ÓSK ÓLAFSDÓTTIR OG  
EVA ÞYRI HILMARSDÓTTIR



ÍSLENSKA ÓPERAN

#islenskaoperan · Miðasala: opera.is

# Fermingarveislusýningin er um helgina



SJÁIÐ UPPSETT VEISLUBORÐ OG FÁIÐ HUGMYNDIR FYRIR FERMINGARVEISLUNA

## LAUGARDAG OG SUNNUDAG FRÁ 13 TIL 17

- » BLÓMASKREYTTAR OG STÍLISTAR GARÐHEIMA SÝNA GLÆSILEGAR VEISLUSKREYTINGAR OG GEFA GÓÐ RÁÐ.
- » PANTANIR Á ÁLETRUÐUM FERMINGARVÖRUM S.S. KERTUM, SERVÍETTUM OG SÁLMABÓKUM.
- » HUGMYNDIR AÐ FALLEGUM BLÓMASKREYTINGUM Í FERMINGARHÁRGREIÐSLUNA
- » SÆTAR SYNDIR SÝNA GLÆSILEGAR FERMINGARTERTUR OG GEFA SMAKK
- » KOKKARNIR VEISLUÞJÓNUSTA GEFA SMAKK AF GÓMSÆTUM VEITINGUM OG KYNNA SALI
- » HEIDA HB LJÓSMYNDARI KYNNIR FERMINGARMYNDATÖKUR
- » REYKJAVÍK LETTERPRESS KYNNIR SKEMMTILEGA FERMINGARLÍNU
- » NÍTRÓ SÝNIR FLOTTAR VESPUK OG MOTORCROSS HJÓL
- » COSMO SÝNIR GLÆSILEGA FERMINGARKJÓLA
- » MÓTOR SÝNIR FLOTTAN FERMINGARFATNAÐ FYRIR DRENGI

## DAGSKRÁ

14:00 DANSATRIÐI FRÁ WORLD CLASS (LAUGARDAG)

15:00 TÍSKUSÝNING FRÁ COSMO OG MÓTOR (BÁÐA DAGANA)

15:00- 17:00 SÝNIKENNSLA Í EINFÖLDUM BORÐSKREYTINGUM (LAU)



COSMO



## FORELDRAR MUNIÐ

30% AFSLÁTTUR


GEGN FRAMVÍSUN FERMINGARBRÉFSINS  
DAGANA 4 OG 5 FEBRÚAR

20% AFSLÁTTUR AÐRA DAGA

## FORELDRAGLAÐNINGUR!

SKILJUB INN AFRIFU AF FERMINGARBRÉFINU Í LUKKUPOTT  
FORELDRA OG EIGIÐ MÖGULEIKA Á AÐ VINNA FORELDRA-DEKUR:

- » GISTING FYRIR TVO MEÐ MORGUNVERÐI Á GRAND HOTEL REYKJAVÍK
- » HEITSKELJANUDD OG AÐGANGUR FYRIR TVO Í REYKJAVÍK SPA
- » ÚTTEKT Á FERMINGARSKRAUTI Í GARÐHEIMUM AÐ UPPHÆÐ 25.000
- » GJAFABRÉF Í COSMO



GARÐHEIMAR

Stekkjarkakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

## Fyrirtæki í fararbroddi um samfélagsábyrgð



**Ketill Berg Magnússon** framkvæmdastjóri Festu, miðstöðvar um samfélagsábyrgð fyrirtækja



**Pann 10. janúar síðastliðinn skrifuðu tæplega 300 fyrirtæki undir yfirlýsingu um ábyrga ferðapjónustu.**

Mörg íslensk fyrirtæki hafa á undanförunum misserum sýnt eftirtektarvert frumkvæði um samfélagsábyrgð. Fyrir rúmu ári skrifuðu liðlega 100 fyrirtæki undir yfirlýsingu um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og sorps, og fyrr í þessum mánuði undirrituðu tæplega 300 ferðapjónustufyrirtæki yfirlýsingu um ábyrga ferðapjónustu. Þetta gerðu fyrirtækin af fúsum og frjálsum vilja, án ihlutunar stjórnvalda. Fyrirtækin vilja með þessu hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélagið og eru sammála um að samfélagsábyrgð er lykilþáttur í að treysta mynd og sjálfbærni Íslands.

**Loftslagsmál ekki loftkennd mál** Með loftslagsyfirlýsingu sem Festa, miðstöð um samfélagsábyrgð, og Reykjavíkurborg hvöttu fyrirtæki til að skrifa undir, heita fyrirtæki því að setja sér mælanleg markmið um að minnka losun gróðurhúsalofttegunda og að minnka losun sorps. Dæmi eru um að fyrirtæki hafi náð miklum árangri í loftslagsmálum og snúið umtalsverðum kostnaði, til dæmis með því að minnka urðun sorps og fá tekjur af flokkuðum afurðum eins og pappu. Fyrirtæki hafa einnig náð að minnka jarðefnaeldsneytisnotkun og spara þannig mikla fjármuni á sama tíma og mengun þeirra hefur minnkað.

### Ábyrg ferðapjónusta

Pann 10. janúar síðastliðinn skrifuðu tæplega 300 fyrirtæki undir yfirlýsingu um ábyrga ferðapjónustu. Í því felst að ferðapjónustufyrirtækin ætla með markvissum hætti að vernda náttúruna, tryggja öryggi ferðamanna, virða réttindi starfsfólks og hafa jákvæð áhrif á nærsamfélagin sem ferðamenn sækja heim. Það eru Festa og Íslenski ferðaklasinn sem standa að hvatningarverkefni í samstarfi við aðila í ferðapjónustunni. Fyrirtækjunum er boðið upp á fræðslu og stuðning út árið 2017 til að innleiða ábyrga ferðapjónustu í rekstur sinn. Mörg ferðapjónustufyrirtæki eru nú þegar að vinna af mikilli ábyrgð gagnvart náttúrunni og samfélaginu og önnur eru að hefja þá vegferð. Þau reyndari geta því miðlað til annarra fyrirtækja og

haft áhrif á ábyrga ferðapjónustu á Íslandi. Það er hagur allra.

### Alþjóðleg þróun

Fleiri og fleiri fyrirtæki úti um allan heim hafa opnað augun fyrir því að árangur næst ekki ef fókusinn er á skammtimagróða án tillits til þess hvaða afleiðingar reksturinn hefur á samfélagið nær og fjær. Ábyrg félög eru þau sem með markvissum hætti skipuleggja starfsemi sína þannig að þau skili fjárhagslegum ávinningi og hafi á sama tíma jákvæð áhrif á samfélagið og umhverfið. Framtíðarsýn okkar hjá Festu er að íslensk fyrirtæki verði þekkt fyrir samfélagsábyrgð sína, ábyrga umgengni um náttúruna og þann ávinning sem þau skapa fyrir samfélagið.

### Stjórnvöld sýni ábyrgð í verki

Stjórnvöld geta haft mikil áhrif á samfélagsábyrgð fyrirtækja. Þar er það einkum þrennt sem Festa leggur til. Í fyrsta lagi ættu stjórnvöld að setja fram skýra og spennandi framtíðarsýn um sjálfbærni og samfélagsábyrgð á Íslandi.

Í öðru lagi mætti stýðja betur við og hvetja fyrirtæki og einstaklinga til góðra verka með skattaafsláttum, innviðaupbyggingu og öðrum stuðningsleiðum.

Í þriðja lagi ættu stjórnvöld og sveitarfélög að ganga fram með góðu fordæmi og tryggja ábyrga og gagnsæja stjórnarhætti stjórnvöldunar en ekki síður að stofnanir og fyrirtæki í eigu hins opinbera séu fyrirmyndir og innleiði samfélagsábyrgð í alla starfsemi sína. Ýmislegt í nýjum stjórnarsáttmála bendir til að samfélagsábyrgð verði á dagskrá núverandi ríkisstjórnar. Má þar nefna áherslur í umhverfismálum, mannréttindi og jafnrétti. Festa hvetur stjórnvöld til að stýðja við samfélagsábyrgð fyrirtækja og býðst til að leggja því verkefni lið.

## Öld öfganna



**Tryggvi Gíslason** fv. skólameistari

Árið 1944 kom út á ensku bókin *Age of Extremes* eftir Eric Hobsbawm. Bókin kom út í íslenskri þýðingu 1999 og var nefnd *Öld öfganna*, saga heimsins á 20. öld. Eric Hobsbawm fæddist í Alexandríu 1917 – á dögum breska heimsveldisins, en ólst upp í Vínarborg og Berlín. Hann var af gyðinga-ættum og í Berlín varð hann vitni að valdatöku Hitler 1933. Þá fluttist hann til Bretlands, las sagnfræði við King's College í Cambridge, mótaðist af Marxisma og varð einn af stofnendum tímaritsins *Past and Present* 1952 sem hafði mikil áhrif á viðhorf í sagnfræði. Hobsbawm kenndi lengi sagnfræði við London University og voru einkunnarorð hans: „Hlutverk sagnfræðinga er að muna það sem aðrir gleyma.“

Tuttugasta öld er mesta framfaraskið í sögu mannkyns en um leið skeið mestu grimmdarverka sem sögur fara af, öld glundroða, örbyrgðar og síðleysis, öld göfugra hugsjóna, menningarafreka og mikilla lífsgæða hjá hluta jarðarbúa en hungurs og dauða hjá íbúum þriðja heimsins. Öldin var einnig öld grimmdarverka og þjóðarmorða sem eiga sér fáar hliðstæður. Háð voru langvinn stríð þar sem drepnir voru mun fleiri óbreyttir borgarar, konur og börn, en hermenn.

### Öld andstæðna og grimmdar

Nú er risin ný öld, sem margir bundu vonir við. Enn eru þó háð grimmileg stríð og réttur einstaklinga fyrir borð borinn. Fleiri eru nú á flotta undan harðrétti, rangsleitni og fátækt en nokkru sinni. Þá vekur tilhneiging í stjórnmálum meðal völdugustu þjóða heims ugg í brjósti, nú síðast framferði Trumps í Bandaríkjunum, og aukid fylgi öfgalokka í Þýskalandi,

Frakklandi og Austurríki – að ekki sé talað um framferði Rússlands undir stjórn Pútíns en í því landi hefur misrétti og yfiringangur viðgengist frá ómunatið. Alþjóðulýðveldið Kína, þar sem býr fimmtungur jarðarbúa, er farið að haga sér í samræmi við reglur auðvaldsins, auk þess sem tilhneiging til að leggja undir sig lönd og þjóðir hefur einkennt stjórnarhætti Kínverja lengi.

### Kenningar um frið og bræðralag

Kristin trú, gyðingdómur og íslam, sem merkir „friður“, boða frið og bræðralag – frið á jörðu. Fimm reglur búddismans að góðu líferni kveða á um, að ekki skuli drepa, ekki stela og ekki ljúga, eins og í öðrum megintrúarbrögðum heimsins. Engu að síður standa samtök kristinna manna, gyðinga – að ekki sé talað um samtök múslíma – fyrir ofbeldi og manndrápum víða um heim, þótt alls staðar séu þar minnihlutahópar á ferð.

### Sameinuðu þjóðirnar

Sameinuðu þjóðirnar voru stofnaðar í lok síðari heimsstyrjaldarinnar. Markmið með stofnun þeirra var að varðveita frið og öryggi, efla vinsamlega sambúd þjóða byggða á virðingu fyrir jafnrétti og sjálfsákvörðunarrétti einstaklinga og þjóða, koma á samvinnu um lausn alþjóðavandamála og stuðla að virðingu fyrir mannréttindum án tillits til kynþáttar, kyns, tungu eða trúarbragða.

Sameinuðu þjóðirnar ráða ekki sjálfar yfir herliði og þurfa aðildarríkin því að bjóða fram herlið og aðra aðstoð. Öryggisráðið mælir með aðgerðum til lausnar deilum milli ríkja – eða átökum innan ríkja og getur ákveðið að senda friðargæslulið á átakasvæði. Ráðið getur einnig falið ríkjum að beita þvingunaraðgerðum, efnahagslegum refsiaðgerðum eða gripið til sameiginlegra hernaðaraðgerða gegn árársaðila.

### Neitunarvald

Fimm ríki, sigurvegarar í síðari heimsstyrjöldinni, gegndu lykilhlutverki við stofnun Sameinuðu þjóðanna: Bandaríkin, Bretland, Frakkland, Kína og Sovétríkin. Höfundar sát-

mála Sameinuðu þjóðanna gerðu ráð fyrir að þessi fimm ríki héldu áfram að tryggja frið í heiminum og fengu þær því fastasæti í Öryggisráðinu. Auk þess var ákveðið að þau fengju neitunarvald í ráðinu, þannig að ef eitthvert þeirra greiddi atkvæði gegn tillögum um aðgerðir, gæti ráðið ekki samþykkt tillöguna. Þetta neitunarvald hefur verið gagnrýnt, enda reynst Akkillesarhæll í starfi samtakanna, og í tvo áratugi hefur verið reynt að finna leið til þess að höggva á þennan Gordíónshnútt, en lítið hefur gengið, einkum vegna áhrifa frá völdugum vopnasölum heimsins.

Margir telja skipan í Öryggisráðið, valdamestu stofnun Sameinuðu þjóðanna, endurspegla úrelta heimsmynd. M.a. hafi ríki Evrópu meiri völd en ríki annarra heimsálfa. Þriðjungur fulltrúa í Öryggisráðinu kemur frá Evrópu, enda þótt ríki þar séu aðeins fimmtungur aðildarríkja sem eru 193. Auk fastafulltrúa Kína í ráðinu eru aðeins tveir fulltrúar frá Asíu, kjörnir til tveggja ára. Ríki Afríku eiga engan fastafulltrúa en þrjár fulltrúar eru kjörnir til tveggja ára. Afríka og Asía eiga því aðeins sex fulltrúa í Öryggisráðinu þótt ríki úr þessum heimsálfum séu helmingur aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna.

### Menning, listir og mannúð

Þrátt fyrir misrétti, manndráp og ofbeldi blómstrar menning og listir um allan heim: myndlist, bókmenntir, leiklist að ögleymdri tónlist af ýmsu tagi. Auk þess vinna mannúðarsamtök og samtök sjálfbodaliða ómetanlegt starf. Þá hefur menntun aukist á öllum sviðum og tækni opnað nýjar leiðir í atvinnulífi, framleiðslu og tómstundum. Komin er fram tækni sem á eftir að leysa flestan þann vanda sem stafar af hlýnun jarðar, en hitasveiflur á jörðinni eru ekki nýtt fyrirbæri.

Á Íslandi vex upp kynslóð sem er betur menntuð en nokkur fyrri kynslóð á þessu kalda landi, sem var eitt fátækasta land í Evrópu fyrir einni öld en er nú meðal ríkustu þjóða heims. Því má segja að Ísland hafi ferðast þúsund ár á einni öld. Við lifum því enn á öld öfganna.

## Batman betri en Barbie?



**Kristin Kolbrún Kolbeinsdóttir Waage** mastersnemi í foreldrafraeðslu og uppeldisráðgjöf hjá Háskóla Íslands



**Erum við foreldrarinn gjör samlega varnarlausir gegn þessari markaðssetningu?**

### Bardagarnir aðalatriðið

Þegar ungar drengir eru að leika Spiderman eða Batman þá hlaupa þeir um, sparka og kýla út í loftið. Þeir virðast ekki vera með neitt sérstaklega djúpar þælingar um neinn boðskap eða þess háttar. Þeir vita að þessar ofurhetjur eru „góðar“ en samt sem áður eru slagsmálin eða bardagarnir aðalatriðið.

Skilaboðin sem ég tel að ungar drengir skynji einna helst eru: Vertu sterkur, ekki treysta á neinn og ef einhver er vondur – kúld'ann. Viljum við ekki kenna okkar drengjum aðrar lausnir?

Ég vil að drengurinn minn eigi aðrar fyrirmyndir en þegar ofurhetjurnar eru teknar í burtu þá er ekki mikið í boði. Miklið hefur verið fjallað um neikvæðar fyrirmyndir stúlkna, mittismjóar prinsessur í neyð, og aukist hefur aðeins við framboð á þeim fyrirmyndum með sterkari kvenpersónum. Prinsessurnar virðast þó ná að halda velli. Margir lofsama litlar dömur sem segja nei við prinsessukjólunum og mæta í ofurhetjubúningi á öskudaginn. Er það eitthvað skárri fyrirmynd?

Hvað er þá til ráða? Erum við foreldrarinn gjör samlega varnarlausir gegn þessari markaðssetningu? Verðum við að sætta okkur við þá staðreynd að þónihestarnir séu komnir með mjótt mitti og augnháralengingu og að ofurhetjurnar verði sífellt sterkari, vopnaðri og ofbeldishneigðari?

Fyrirmyndir stúlkubarna hafa lengi vel verið áberandi í umræðunni og þykir mér góð ástæða til þeirrar umræðu. Hvað með fyrirmyndir ungra drengja?

Þegar ég fékk að vita að ég ætti von á strák fyrir hugur minn að reika. Það voru svo sannarlega mikil gleðitíðindi þar sem lítið er um karlmenn í minni stórfjölskyldu. Ég hef alist upp með systur, móðursystur, frænkum og ömmum og veit því ekki mikið um strákamenningu. Eftir að hafa fylgst með litlum frændum og drengjunum á leikskólum sem ég hef unnið á þá vissi ég nokkurn veginn að eitt er óumflýjanlegt, ofurhetjutímabilið. Ég vissi til dæmis að ég gæti átt von á því að þurfa einn daginn að gefa mig og kaupa Spiderman-stígúvél. Jafnvel þótt ofurhetjukvikmyndir séu vinsælar núna og ekki ætlaðar börnum þá virðast ungar drengir vera aðalskotmark varnings sem tengist ofurhetjum. En fyrst ofurhetjur eru góðar og bjarga heiminum er það ekki bara hið besta mál?

Að mínu mati eru þetta ekki æskilegar fyrirmyndir fyrir unga drengi

# Útsala

ALLT AÐ

# 50%

AFSLÁTTUR AF SKÓM

Suðurlandsbraut 34 / S. 517 3900

**FLEXOR**  
NÆSTA SKREF

# Ánægjan er tengd við náttúruna



Samkvæmt Íslensku ánægjuvöginni eru viðskiptavinir Orku náttúrunnar ánægðustu rafmagnskaupendur á Íslandi. Við hjá ON erum hæstánægð og stolt af því að hafa náð toppsætinu sem hvetur okkur til að gera enn betur í ár.

Við þökkum viðskiptavinum okkar þessa ánægjulegu viðurkenningu!



Gylfi Þór Sigurðsson fagnar sigurmarki sínu gegn Southampton á dögnum. Það var hans sjöunda mark í ensku úrvalsdeildinni í vetur. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ábyrgðin heldur mér gangandi

Gylfi Þór Sigurðsson hefur átt stærstan þátt í upprisu Swansea City. Hann kveðst sáttur við sína frammi-stöðu og liður vel með þá miklu ábyrgð sem er á hans herðum. Það kom ekki til greina að fara frá Swansea.

**FÓTBOLTI** Það er óhætt að segja að janúarmánuður hafi verið gjöfúll fyrir Gylfa Þór Sigurðsson og félag hans í Swansea City. Þegar árið 2017 gekk í garð voru Svanirnir á botni ensku úrvalsdeildarinnar með aðeins 12 stig, fjórum stigum frá öruggu sæti.

Mánuði síðar er staðan allt önnur. Swansea hefur unnið þrjá af síðustu fjórum leikjum sínum og er komið með 21 stig. Og það sem mikilvægast er, liðið er komið upp úr fallsæti.

„Andrúmsloftið er miklu betra og það er léttara yfir hópnum, enda hefur janúar verið finn. Níu stig gera heilmikið fyrir lið í neðri hlutanum,“ sagði Gylfi í samtali við Fréttablaðið í gær.

## Ánægður með nýja stjórnann

Í byrjun árs var Paul Clement ráðinn knattspyrnustjóri Swansea. Clement hafði getið sér gott orð sem aðstoðarmaður Carlos Ancelotti en reynsla hans sem aðalþjálfari var

lítill. Gylfi ber honum vel söguna.

„Hann er góður og veit alveg hvað hann er að gera. Það er ekki hægt að kvarta neitt yfir því. Síðan hann kom hófum við spilað mjög vel og sótt stig,“ sagði Gylfi.

## Í frjálsu hlutverki á kantinum

Í öllum þremur sigurleikjum Swansea í janúar hefur Gylfi spilað úti á vinstri kantinum. Framan af tímabili spilaði hann bæði sem fremsti miðjumaður og framherji. Hann segir að þetta hringl með stóður hafi ekki mikil áhrif á sig og þegar honum sé stillt upp á kantinum hafi hann mikið frjálsræði.

„Ég er mikið inni á miðjunni og ekki að hanga úti á kanti. Hann gefur mér frjálst hlutverk til að fara inn á miðjuna þegar við erum með boltann og erum að sækja,“ sagði Gylfi og bætti því að hann færði sig vanalega út til vinstri þegar Swansea er ekki með boltann.

Gylfi hefur skorað sjö mörk og gefið sjö stöðsendingar og komið með beinum hætti að helmingi marka Swansea í úrvalsdeildinni. Hann kveðst ánægður með frammi-stöðu sína á tímabilinu.

„Ég er mjög sáttur. Það hefur gengið vel að skora og leggja upp mörk. Vonandi heldur það áfram og við bætum aðeins fleiri sigrum við,“ sagði Gylfi sem setur sér alltaf markmið vardandi mörk og stöðsendingar fyrir hvert tímabil. Hann segist vera á góðri leið með að ná þeim.

## Aldrei minn vilji að fara

Gylfi var orðaður við ýmis félög í janúarglugganum en hann segir að það hafi ekki komið til greina að fara frá Swansea.

„Það var einhver áhugi en ég ætlaði ekki að skipta um lið. Mig langar að vera hérna áfram, snúa bláinu við og halda okkur í deildinni. Það var aldrei minn vilji að fara neitt,“ sagði Gylfi.

Sú saga flaug nokkuð hátt að Swansea hefði hafnað 30 milljóna punda tilboði frá kínversku liði í Gylfa í janúarglugganum.

„Ég heyrði ekkert af neinu tilboði. Ég veit ekkert hvort það er satt. En það var einhver áhugi frá Asíu,“ sagði Gylfi.

Landsliðsmaðurinn hefur verið besti leikmaður Swansea á tímabilinu og er án efa mikilvægasti leikmaður velska liðsins. Gylfi er meðvitaður um ábyrgðina sem er á hans herðum og segist þrífast á henni.

„Mér finnst það fint. Ég veit að ég þarf að standa mig vel í hverjum einasta leik og það er undir mér, og nokkrum öðrum, komið að skora og búa til mörk. Þetta heldur mér gangandi,“ sagði Gylfi.

## Yndisleg stund á Anfield

Swansea ræddst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur á morgun en þá sækir liðið Manchester City heim. Gylfi hefur á ferli sínum í úrvalsdeildinni skorað á völlum eins og Old Trafford og Anfield. Hann skoraði sigurmark Swansea gegn Liverpool á Anfield fyrir tveimur vikum og segir það hafa verið draumi líkast, enda stuðningsmaður Manchester United frá æsku.

„Það var frábært og eitthvað sem mann dreymdi um þegar maður var lítill. Þetta var yndisleg stund,“ sagði Gylfi Þór Sigurðsson að lokum. [ingvithor@365.is](mailto:ingvithor@365.is)

## Nýjast

### Domino's-deild karla

#### Haukar - Þór Ak. 79-72

**Stigahæstir:** Sherrod Nigel Wright 42 (12 frá.), Hjalmar Stefánsson 12, Haukur Óskarsson 10, Emil Barja 7 (9 frá., 6 stöðs.) - George Beamon 22, Darrel Keith Lewis 14, Ragnar Helgi Friðriksson 10, Tryggvi Snær Hlinason 9 (14 frá., 4 varin).

#### Þór Þorl. - KR 91-95

**Stigahæstir:** Tobin Carberry 23 (10 frá., 7 stöðs.), Maciej Baginski 19, Halldór Garðar Hermannsson 14 - Brynjar Þór Björnsson 21, Jón Arnór Stefánsson 21 (6 stöðs.), Pavel Ermolinshij 18 (10 frá., 6 stöðs.), Philip Alawoya 14 (12 frá.). **KR aftur á toppinn.**

### Olís-deild kvenna

#### Valur - Gróttá 22-26

**Markahæstar:** Morgan Marie Porkelsdóttir 6, Kristín Guðmundsdóttir 6, Diana Satkauskaité 6 - Unnur Ómarsdóttir 8, Anna Úrsula Guðmundsdóttir 6, Þórey Anna Ásgeirsdóttir 4, Emma Havin Sardarsdóttir 4.

#### ÍBV - Fram 32-26

**Markahæstar:** Ester Óskarsdóttir 11, Greta Kavaliuskaite 8/1, Sandra Dis Sigurðardóttir 6, Telma Silva Amado 3, Karólína Bæhrenz Lárudóttir 3 - Steinunn Björnsdóttir 5, Ragnheiður Júlíusdóttir 5. **Fyrsta tap Fram-liðsins á tímabilinu eftir 14 taplausa leiki.**

#### Fylkir - Stjarnan 24-34

**Markahæstar:** Thea Imani Sturludóttir 9 - Helena Rut Órvarsdóttir 9.

**HLAUP ANÍTU HÁPUNKTUR**  
Aníta Hinriksdóttir er nú komin til landsins eftir góðan árangur á móti í Düsseldorf á miðvikudag þar sem hún varð þriðja. Aníta mun í dag heyja harða keppni á RIG við nokkrar úr hópi fremstu 800 metra hlaupara heimsins. Aníta á bestan tíma keppenda (2:00,14 mín. frá ÓL í Ríó 2016), lítið eitt betri en Sanne Verstegen frá Hollandi. Frjálsíþróttakeppni RIG 2017 er í Laugardalshöll frá 13.00 til 15.00.

## EYÞÓRA Á ÍSLANDI Í DAG

Meðal keppenda í fimleikakeppni Reykjavíkurleikanna í dag er gull- (tvislá) og silfurhafi (fjölþraut karla) frá ÓL í Ríó 2016, Oleg Verniaiev frá Úkraínu, og svo hin íslensk ættaða Eyþóra Þórsdóttir, sem lenti í 9. sæti í fjölþraut kvenna í Ríó og var seinna kjörin bjartasta von Hollendinga í íþróttum. Fimleika-keppnin fer fram í Laugardalshöllinni og stendur frá 15.00 til 18.00.



## Í dag

<b>12.20</b> Chelsea - Arsenal	Sport
<b>14.25</b> Bayern - Schalke	Sport 5
<b>14.50</b> Hull - Liverpool	Sport
<b>15.10</b> Barcelona - Athletic	Sport 2
<b>16.50</b> Valur - Keflavík	Sport 4
<b>17.20</b> Tottenham - Middlesb.	Sport

<b>15.30</b> Njarðvík-Skallagr.	Njarðvík
<b>18.00</b> Valur - Keflavík	Valshöllin
<b>18.00</b> Haukar - Quintus	Ásvellir
<b>18.00</b> Stjarnan - Haukar	Ásgarður

## Á morgun

<b>13.20</b> Man. City - Swansea	Sport
<b>15.50</b> Leicester - Man. Utd	Sport
<b>19.40</b> Celta - Real Madrid	Sport 2
<b>22.30</b> Upphitun/Super BOWL	Sport
<b>23.30</b> NFL: Super BOWL 51	Sport

<b>16.00</b> FH - Akureyri	Kaplakrúki
<b>18.00</b> Haukar - Quintus	Ásvellir
<b>19.15</b> Snæfell - Grindavík	Stykkish.

# NÚ ER TÆKIFÆRIÐ!

Dúndurtilboð á Beta hjólum í febrúar

*Þrefaldir heimsmeistarar árið 2016*

**TILBOÐSVERÐ**

300RR Racing 2016 - **1.390.000,-**

350RR 2016 - **1.390.000,-**

480RR 2016 - **1.390.000,-**

480RR 2015 - **1.290.000,-**

Urðarhvarfi 4 / 203 Kópavogi  
Sími 557 4848 / [www.nitro.is](http://www.nitro.is)

**BOSS**  
HUGO BOSS

**SAND**

**strellson**

**POLO**  
RALPH LAUREN

**ARMANI**  
COLLEZIONI

**eterna**

**VAN KOLLEM**  
MADISON PARK • NY

**gardeur®**

**HUGO**  
HUGO BOSS

PETER VAN HOLLAND

**FINUCCI**  
collezione

**bugatti**

*Stenströms*

**BELLINI**  
collezione

**LLOYD**



**Herra,**  
*Lagermann*  
outlet  
*líka fyrir konur*

**Hreinsun!  
Lokahelgi**

**800%**

**afsláttur  
af öllum vörum**

Opið virka daga frá kl. 11 til 18

laugardaga frá kl. 11 til 17

sunnudaga frá 13 til 17

Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)



Tom Brady er af mörgum talinn besti leikstjórnandi sögunnar. Hann hefur unnið Super Bowl fjórum sinnum rétt eins og Joe Montana og Terry Bradshaw. Með sigri á morgun verður hann sá sigursælasti frá upphafi.  
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Hefndarför Bradys lýkur í Houston

Einn stærsti íþróttaviðburður heims fer fram í Houston á morgun. Þá fer Super Bowl-leikurinn fram þar sem New England Patriots og Atlanta Falcons bítast um meistaratitilinn í NFL-deildinni. Búist er við hörkuleik tveggja frábærra liða en hvað ræður úrslitum?

## /// Patriots og Falcons mætast í Super Bowl LI



New England Patriots AFC Champions Tímabilið 2016 S14-T2-J0	5. febrúar NRG Stadium, Houston, TX	Atlanta Falcons NFC Champions Tímabilið 2016 S11-T5-J0
--	---	---

Átta liða úrslit v. Houston 34-16 Úrslitaleikur AFC v. Pittsburgh 36-17	Innbyrðisárangur liðanna Patriots 7 Falcons 6	Átta liða úrslit v. Seattle 36-20 Úrslitaleikur NFC v. Green Bay 44-21
--	---	---

Níundi Super Bowl-leikur félagsins sem er met. Reyna að vinna fimmta titilinn síðan 2001.

Patriots hefur unnið síðustu fjóra leiki liðanna. Þar af 30-23 sigur árið 2013.

Í leit að sínum fyrsta meistaratitli. Liðið tapaði í úrslitum árið 1999 gegn Denver.

Sókn	Falcons	Meðaltal (2016)	Patriots	Vörn	Falcons
27,6	33,8	Stig	15,6	25,4	
386,2	415,8	Heildarjardar	326,4	371,2	
117,0	120,5	Hlaupajardar	88,6	104,5	
269,2	295,3	Kastjardar	237,9	266,7	

Kasttölfræði leikstjórnendanna	
Tom Brady	Matt Ryan
432 Kasttilraunir	534
291 Kláraðar sendingar	373
67,4 Prósent	69,9
3.554 Jardar	4.944
28 Snertimarkssendingar	38
2 Kastað frá sér	7

Heimild: NFL

© GRAPHIC NEWS

NFL Þó svo menn láti sem lítið sé þá er mikið persónulegt undir hjá New England Patriots er það spilar úrslitaleikinn í NFL-deildinni gegn Atlanta Falcons.

Stjórnumleikstjórnandi New England, Tom Brady, byrjaði tímabilið í fjögurra leikja banni út af „Deflategate-málinu“ sem tröllreið öllu í allt of langan tíma í Bandaríkjunum.

### Málið umdeilda

Í stuttu máli snýst málið um að New England var sakað um að hafa viljandi sett of lítið loft í boltana í úrslitaleik Ameríkudeildarinnar fyrir tveimur árum. Brady fékk fjögurra leikja bannið fyrir sinn þátt í málinu. Hann var verulega ósáttur við bannið sem og allt félagið.

Það var yfirmaður NFL-deildarinnar, Roger Goodell, sem setti Brady í leikbannið og félagið veit ekkert sætara en að láta Goodell afhenda því bikarinn í leikslok á morgun. Talað hefur verið um að Tom Brady sé í hefndarför. Hann er einu skrefi frá því að geta glott framan í Goodell.

### Félag sitt á hvorum pólum

Í þessum leik mætast tvö ólík félög. New England er stórveldi í NFL-deildinni og hefur unnið fjóra titla síðan árið 2002. Að sama skapi hefur Atlanta aldrei unnið Super Bowl-leikinn og hefur aðeins einu sinni komist í úrslit. Það var árið 1999.

Brady og þjálfari Patriots, Bill Belichick, þekkjast þetta allt saman og hafa gert þetta allt áður. Að sama skapi hefur Atlanta ekki þessa reynslu en þjálfari liðsins, Dan Quinn, fór tvisvar með Seattle Seahawks í úrslit sem varnarþjálfari og veit því vel hvað hann er að fara út í.

### Brady ótrúlegur

Brady hefur spilað stórkostlega

# 7

**Þetta er sjöundi Super Bowl-leikur Toms Brady. Hann hefur unnið fjórum sinnum og tapað tvisvar.**

### Vegleg upphitun

Stöð 2 Sport verður með alvöru upphitun fyrir leikinn og verður farið í loftið 22.30 eða klukkutíma fyrir leik.

Par munu Andri Ólafsson, Eiríkur Stefán Ásgeirsson og Henry Birgir Gunnarsson renna ítarlega yfir kosti og galla beggja liða og einnig verður kikt á stemninguna í Super Bowl-teitum kvöldsins. Tómas Þór Þórðarson mun svo lýsa leiknum sem hefst um hálf tólf.

síðan hann kom úr banninu. Með hann við stýrið tapaði Patriots aðeins einum leik í vetur. Brady spilaði algjörlega stórkostlega og kastaði boltanum aðeins tvisvar sinnum frá sér. Það er ótrúleg tölfræði hjá leikstjórnanda sem kastaði boltanum 432 sinnum í vetur.

Það sem meira er, þá er Brady sigurvegari. Hann kann þá list betur en flestir í þessari deild að vinna leiki. Hann finnur alltaf leið í samvinnu við Belichick þjálfara. Það er sama með hvaða mönnum Brady þarf að vinna á hverju ári. Þeir eru ekki alltaf hátt skrifaðir en Brady tekst oftar en ekki að gera stjórnur úr þeim.

Ef Atlanta ætlar að eiga möguleika í þessum leik þá verður liðið að setja pressu á Brady. Hann má ekki fá of mikinn tíma með boltanum.

Varnarmaður Atlanta, Vic Beasley, verður í aðalhlutverki þar en hann var með flestar leikstjórnandafellur í NFL-deildinni í vetur.

### Er sókn besta vörninn?

Atlanta skoraði flest stig allra liða í NFL-deildinni í vetur og býr yfir fjölda sóknarvopna. Á móti kemur að New England er með bestu vörn deildarinnar. Fékk á sig fæst stig allra liða í vetur eða rúmlega 15 stig í leik.

Leikstjórnandi Falcons, Matt Ryan, hefur átt stjórnutímabil og var nálægt því að komast í hinn einstaka 5.000 jarda klúbb leikstjórnenda. Aðeins fimm leikstjórnendur hafa náð slíkum árangri og Ryan var aðeins 56 jörðum frá því að komast í þann félagsskap.

Það sem gerir sóknarleik Atlanta svona hættulegan er hvað liðið á mörg vopn. Ryan kastaði snertimarkssendingu á þrettán mismunandi leikmenn í vetur en það er met í NFL-deildinni.

Aðalútherji liðsins, Julio Jones, er líklega besti útherji deildarinnar í dag. Liðið á tvo frábæra hlaupara í Devonta Freeman og Tevin Coleman. Þeir eru ekki bara góðir að hlaupa heldur líka að gripa boltann. Slíka menn er erfitt að stöðva.

### Heldur vörn Fálkanna?

Varnarleikur liðsins var einn sá lélegasti í vetur en hefur tekið ótrúlegum framförum síðustu vikur. Meirihluti varnarlinunnar er aftur á móti með aðeins eins og tveggja ára reynslu. Þessir kjúklingar héldu samt bæði Aaron Rodgers og Russell Wilson í skefjum í fyrstu leikjum liðsins í úrslitakeppninni.

New England er sigurstranglegra liðið en þetta er samt ótrúlega áhugaverður leikur sem getur hæglega farið á hvorn veginn sem er.  
henry@frettabladid.is



# SÉRÚTBÚINN OPEL INSIGNIA

- » OPEL OnStar® upplýsingakerfi
- » 8" snertiskjár
- » Akreinavari
- » Umferðaskilta álestur
- » Sjálfvirk neyðarhemlun
- » **BOSE** hljóðkerfi

OPEL INSIGNIA 4 DYRA:  
**4.690.000 KR.**



## ÞÝSKUR LÚXUS Á EINSTÖKU VERÐI.

[opel.is](http://opel.is) | [benni.is](http://benni.is)



**OPEL Á ÍSLANDI**  
Kynntu þér Opel fjölskylduna á [benni.is](http://benni.is) | [opel.is](http://opel.is)

Reykjavík  
Tangarhöfða 8  
590 2000

Reykjanesbæ  
Njarðarbraut 9  
420 3330

Opið virka daga frá 9 til 18  
Laugardaga frá 12 til 16  
Verið velkomin í reynsluakstur

**Bilabúð**  
**Benna**  
— Sérfræðingar í bilum —

# netto



**HEILSU OG LÍFSSTÍLSBLAÐ NETTÓ**

128 SÍÐUR AF FRÓÐLEIK OG FRÁBÆRUM TILBOÐUM



**ÓDÝRT Í netto**

netto

Kjúklingabringur

**1.888 KR KG**

Áður: 2.098 kr/kg



netto

Kjúklingur - Heill

**694 KR KG**

Áður: 798 kr/kg

**-31%**

**Kjötbankinn**

Lambalæri

úrbeinað með piparosti og rósmarin

**2.483 KR KG**

Áður: 3.598 kr/kg



## Betra verð á heilsufæði

**-50%**

**Avókadó á tilboði!**

Avókadó 700 gr.

**239 KR PK**

Áður: 478 kr/pk



**Framandi og gott**

Kengúru fille

**2.399 KR KG**

Áður: 3.998 kr/kg



**-40%**



Lambahryggur frosinn - heill

**1.778 KR KG**

Áður: 2.279 kr/kg



**-22%**

**GOÐI**

Lambabógur

m/beini - kryddaður

**1.074 KR KG**

Áður: 1.294 kr/kg



**Tilboðin gilda 4. - 5. febrúar 2016**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# SÍÐUSTU DAGAR HEILSU- OG LÍFSSTÍLSDAGA NETTÓ

KOMDU OG GERÐU GÓÐ KAUP - ALLT AÐ 25% AFSLÁTTUR AF HEILSU- OG LÍFSSTÍLSVÖRUM

ALLT AÐ  
**25%**  
AFSLÁTTUR

**25% AFSLÁTTUR**

af öllum  
vítamínum og  
bætiefnum

*Guli miðinn*

**now**

Gæði • Hreinleiki • Virkni

**25% AFSLÁTTUR**

af öllum  
fæðubótaefnum

**now**

**IRONMAXX**

**SUNWARRIOR**

**TERRA NOVA**

**Lífræn kókosmjólk**

**25% AFSLÁTTUR**

**NÝTT nettó**

Súkkulaði eða kaffibraegð - án laktosa - glútenlaust

**LÍFRÆNAR OG NÁTTÚRULEGAR  
GÆÐAVÖRUR SEM ERU ÁN GMO**

**25% AFSLÁTTUR**

**NÝTT nettó**

VEGAN EGG, VEGAN OSTAR OG SALATDRESSINGAR FYRIR ALLA

**KYNNINGAR  
Í VERSLUNUM NETTÓ**

SÓLVEIG SIGURÐARDÓTTIR LÍFSSTÍLSBLOGGARI  
KEMUR Í HEIMSÓKN Í GRANDA OG MJÓDD OG  
RAGGI NAGLI HEIMSÆKIR NETTÓ Á EGILSTÖÐUM

Sjá nánar fyrir neðan

**ALLIR  
VELKOMNIR**

**HEILSU-  
SNAKK**

ÞURKAÐIR ÁVEXTIR  
OG HNETIUR

**NÝTT nettó**

**SEEBERGER**

NETTÓ GRANDA		
Lau	14:00 - 16:00	Sólveig Sigurðar heilsugurú / Sólgæti - ráðgjöf
Lau	14:00 - 16:00	Milkademia ný tegund af jurtamjólk
NETTÓ MJÓDD		
Lau	14:00 - 17:00	Derit snakk og Bai
Sun	14:00 - 16:00	Sólveig Sigurðar heilsugurú / Sólgæti - ráðgjöf
Sun	14:00 - 16:00	Milkademia ný tegund af jurtamjólk
Sun	14:00 - 16:00	HH hnetu og kókosbiti og voelkel
NETTÓ GLERÁRTORGI		
Lau	13:00 - 18:00	Whole Earth hnetusmjör og ný jurtamjólk úr macadamian hnetum - Kynning
Lau	13:00 - 18:00	Voelkel og protein balls
NETTÓ EGILSTÖÐUM		
Lau	12:00 - 14:00	Ragga Nagli - fræðsla og smakk

[www.netto.is](http://www.netto.is)

Mjódd • Salavegur • Búðakór • Grandi • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Íðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Egilsstaðir • Selfoss

# FRÉTTABLAÐIÐ HÆLGIN

Leo og Nina í ljósa-sirkusnum **Circus Lumineszenz** taka þátt í Vetrarhátíð 2017. Þau leiða börn og fullorðna í gegnum ævintýrlega upplifun þar sem þau nota ljóshljóðfæri og ýmis tól til þess að útbúa gagnvirkan leikvöll ljóss og lita.

Okkur finnst langskemmtilegast að sýna börnum þennan ljósaheim því þau eru svo móttækileg fyrir fegurðinni," segir Leo Bettinelli, annar stjórnenda ljósa-sirkussins Circus Lumineszenz. Þau Leo og Nina Fountedakis setja upp gagnvirkan ljósleikvöll í menningarhúsinu í Gerðubergi í dag og á morgun.

Eins og Leo nefnir þá er upplifunin sérstaklega hugsuð fyrir yngri þátttakendur og fjölskyldur, og er gestum boðið að taka þátt í að skapa tónlist og fagran heim ljóss og lita með ýmiss konar ljóshljóðfærum og tólum. Þau Leo og Nina hafa þróað ljósa-sirkusinn síðustu fjögur ár við mikla hrifningu gesta.

„Við verðum á staðnum og leiðbeinum fólki að skoða leikvöllinn. Við notum í raun mikið af tólum og tækni sem er aðgengileg í dag, þeir sem vilja geta meira að segja útbúið einhvers konar leikvöll heima hjá sér,“ bendir hann áhugasömum á.

Ljósa-dýrð er áberandi á vetrarhátíð í ár og má segja að höfuðborgarsvæðið allt leiki hlutverk. Í tengslum við hátíðina eru á þriðja tug bygginga á höfuðborgarsvæðinu upplýstar í einkennislitum hátíðarinnar, grænum og fjólubláum.

Þá eru ljóslistaverk á nokkrum lykilbyggingum; Hallgrímskirkju, Hörpu, Ráðhúsi Reykjavíkur. Aðrar upplýstar byggingar eru m.a. Kópavogskirkja, Perlan, Háskóli Íslands, Borgarleikhúsið, Stjórnarráðið, Þjóðminjasafnið, Listasafn Íslands, Safnahúsið, Þjóðleikhúsið, Íslensk erfðagreining, Höfði og Menntaskólinn í Reykjavík.



Leo og Nina verða í Gerðubergi og leiðbeina börnum og foreldrum um leikvöll ljóss og lita. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Skapa fagran heim ljóss og lita



LEIKVÖLLURINN

VERÐUR OPINN Í

GERÐUBERGI BÆÐI

LAUGARDAGINN

4. OG SUNNUDAGINN

5. FEBRÚAR KL. 13 TIL 16.

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu lýsa upp lykilbyggingar eins og Bessastaði, Lágafellskirkju, Félagsheimilið Hlégarð, Seltjarnarneskirkju, Gróttuvita og Ráðhús og Byggðasafn Hafnarfjarðar.

Aldrei hafa fleiri tekið þátt í þessu samspili ljóss og myrkurs á Vetrarhátíð.

Á lokadegi má segja að ljósa-dýrð himingeimsins verði í aðalhlutverki. Þá verður miðborgin myrkvuð á milli 21 og 22. En það er gert til að vekja athygli á hugmyndinni um myrkurgæði og til að gera fólki kleift að sjá til stjarnanna.

kristjanbjorg@frettabladid.is

**NY SENDING**  
LENT Á LAGER!

**PS4 VR**  
SÝNDARVERULEIKA GLERAUGU  
**49.990**  
VERÐ ÁÐUR 64.990

**4BLS**  
NÝR BÆKLINGUR  
STÚTFULLUR  
AF SPENNANDI  
TÖLVUBÚNAÐI

**OPÍÐ**  
Í DAG FRÁ  
**11-16**

**ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKIUR**

**LEIKJADEILDIN**  
STÓRGLÆSILEG LEIKJADEILD Í HALLARMÚLANUM

**SNJALLARI GRÆJUR**  
ÚRVALIÐ ER Í STÆRSTU TÖLVUVERSLUN LANDSINS

**55"** ULTRA HD 3840x2160  
SNJALLARA 55" SLÖVVARP  
MEG INNBYGGDU 4K NETFLIX  
**99.990**

**49"** **79.990**

**40"** **59.990**

**39.990**

**Tölvutek • Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 • Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900 • www.tolvutek.is**



**TAKK**

VIÐ EIGUM ÁNÆGDUSTU VIÐSKIPTAVININA Á BANKAMARKAÐI



Féð er hænt að Karólínu en hefur varann á sér gagnvart Baugi. Það er marglitt eins og sjá má enda fellur mislita ullin í kramið hjá þeim kaupendum sem Karólína er í sambandi við. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

# Fann að hér vildi ég eiga heima

Hátt í hlíðum fjallanna á mótum Húnavatnssýslu og Skagafjarðar, býr **Karólína** verkfræðingur í Hvammshlíð. Ekki á hlýlegasta stað plánetunnar en víðsýnið, landrýmið og frelsið vega það upp. Hún hlakkar til að vakna þar hvern morgun og sinna sínum hugðarefnum, smábúskap, ritstörfum og íslenskri ull.

Gunnþóra Gunnarsdóttir  
gun@frettabladid.is  
Stefán Karlsson  
stefank@365.is ljósmyndari

Það er ekki vandalaust að þræða vegarslóðann heim að Hvammshlíð í Húnavatnssýslu en ábúandinn Karólína kemur niður að þjóðvegi til að lóðsa okkur síðasta spólinn og hundurinn Baugur fylgir henni. Það er sex stiga frost og gengur á með snörpum eljum og fjúki.

Heima við bæ láta kindurnar ekki vetrargarrann aftra sér frá útivist, þó dyr fjárhússins standi þeim opnar. Þær eru bústnar og athygli vekur að næstum allar eru mislitar. Baugur setur upp smá gestasýningu, hann telur það greinilega sína ædstu skyldu að halda hópnum saman og hleypur kring um hann sitt á hvað.

Karólína á líka fjögur hross, þau eru á útigangi rétt við bæinn en þennan dag eru þau í hvarfi niðri í dal sem skýlir þeim.

## Aldrei einmana

Dyrnar á litla húsinu hennar Karólínu ná ekki niður að jörð, því

þarf að glenna sig til að stíga inn fyrir þröskuldinn. „Í fyrravetur voru fannir hér upp á vegg og þá kom sér vel að hafa svona hátt upp í dyrnar. Á sumrin er ég hins vegar með tröppur,“ útskýrir Karólína.

Hún teiknaði húsið sjálf og bjó í því sex ár í Hegranesinu í Skagafirði. Þar voru landþrengslir svo þegar hún frétti af Hvammshlíð var hún ekki lengi að hugsa sig um og flutti húsið þangað. Jörðin er 600 hektarar að stærð en hafði ekki verið setin síðan 1886 og var því húsalaus. „Það leið mánuður frá því ég skrifaði undir kaupsamninginn haustið 2015 þar til ég var flutt inn, enda var vetur að skella á og ég þurfti að gera allt á háhraða. Ég var vatnslaus fyrsta mánuðinn, frá miðjum desember, þá fann ég góða lind með kalda-vermsl uppi í fjallinu og þar með var eina vandamálið úr sögunni,“ segir hún brosandí. Bendir á að byggðalínan liggi um landareignina og því hafi verið auðvelt að ná í rafmagn.

En er hún aldrei einmana þarna



Karólína teiknaði húsið sitt sjálf og situr hér við þýska eikarborðið sitt sem er ættargripur.



## ÉG VAR VATNSLAUS

### FYRSTA MÁNUÐINN, FRÁ

### MIÐJUM DESEMBER, ÞÁ

### FANN ÉG GÓÐA LIND MEÐ

### KALDAVERMSL UPPI Í

### FJALLINU OG ÞAR MEÐ VAR

### EINA VANDAMÁLIÐ ÚR

### SÖGUNNI.

uppi í fjalli? „Nei, ég er svo fegin að vera hér í miðju náttúrunnar með skepnunum mínum og hlakka til að vakna á hverjum morgni. Veginum yfir fjallið er alltaf haldið opnum þannig að ég er ekki einangruð og fæ oft vini í heimsókn eða öfugt en fer yfirleitt ekki að heiman nema ferðaveður sé.“

Það er hlýlegt innan dyra, hiti í gólfinu og ull á stólum við eikarborðið þar sem við tyllum okkur. Borðið er þýskur ættargripur því Karólína fæddist í Bremen í Þýskalandi, ólst upp í sveitinni nálægt Hannover og heitir með réttu Caroline Kerstin Mende en sem jarðeiganda á Íslandi þótti henni við hæfi að taka upp íslenskt nafn. ➔

# Það er gott að vera í viðskiptum við Samskip

Erna Gísladóttir  
forstjóri BL ehf

ENNEMM / SIA / NM73880

> Við hjá Samskipum leggjum okkur fram um að kynnast viðskiptavinum okkar og þekkja þarfir þeirra

Samskip bjóða upp á heildarlausnir á sviði flutninga og við leggjum stolt okkar í að uppfylla væntingar kröfuharðra viðskiptavina. Persónuleg og traust þjónusta um allan heim.

**samskip**

Saman náum við árangri

[www.samskip.is](http://www.samskip.is)



Baugur fylgist vel með hvernig Karólínu gengur yfir girðinguna í bylnum.



Karólína tekur sjálf flestar myndirnar í bækurnar sína en fær líka myndir hjá öðrum til að auka fjölbreytnina.



**HÉR ER SVO STÓR HLUTI LANDS-INS ENN ÓSNORTINN OG ÉG TEL AÐ ÞAÐ SÉ ÞAÐ DÝR-MÆTASTA SEM ÞARF AÐ VIÐHALDA.**

Karólína og hennar grái hrússi sem gengur með svuntu þegar með þarf.



➔ Þegar farið er að spjalla kemur fljótt í ljós að Karólína metur Ísland, víðerni þess og þjóðmenningu meira en margur innfæddur. En hvað leiddi hana hingað norður á hjara? „Ég var svolítið í hestamennsku í Þýskalandi sem unglingur og þó ég kynntist ekki íslenska hestinum þar vissi ég af honum og fannst heillandi hvað íslenska samfélagið var nátengt honum. Mig langaði að kynna því nánar og réð mig sem vinnukonu að Húsatóftum á Skeiðum. Kom fyrst til landsins 1989, strax eftir framhaldsskóla. Á þeim tíma steig maður beint út undir beran himin úr flugvélunum í Keflavík og ég fann strax að hér vildi ég eiga heima, þetta var mitt land. Ég get ekki útskýrt tilfinninguna en það sama gerðist þegar ég fór í fyrsta sinn á bak íslenskum hesti sama kvöld.“

#### För strax að kynna Ísland

Karólína hélt aftur til Þýskalands, lærði verkfræði og stofnaði auglýsingastofu í félagi við þáverandi kærasta. Þegar upp úr sambúð þeirra slitnaði sá hún sér leik á borði, flutti til Íslands en hélt samt áfram að vinna við fyrirtækið gegnum tölvu. Nokkrum árum seinna stofnaði hún forlag sem systurfyrirtæki þess til að hefja útgáfu bæklinga um Ísland. „Nú er ég sjálfstæð og það er gott en ég og fyrrverandi sambylismaður minn eigum í ágætum

samskiptum,“ lýsir hún brosandí.

Bækurnar eru orðnar sjö talsins sem Karólína hefur gefið út um sér-íslenskt efni á þýsku og sumar þeirra hefur hún þýtt á ensku. Fyrir utan bækur um íslenska hestinn, kindina og smalahunda á Íslandi hefur hún skrifað um torfbæi og ferðalög fyrr á tíð.

„Ég fór strax að kynna Ísland því að ég vil fræða fólk sem kemur hingað um bakgrunn þjóðarinnar, það er oft lítið um hann í almennum ferðabæklingum,“ útskýrir hún. „Ég er grúskari og hef gaman af þeirri rannsóknarvinnu sem að baki bókunum býr, bæði að rýna í gamlar bækur og sækja fróðleik til eldra fólks sem hefur frá svo mörgu að segja.“

#### Ullin áhugamál og lifibrauð

Íslensk ull er í uppáhaldi hjá Karólínu, þrjónaflíkur, mislit reyfi, rokkur og kambur heima hjá henni eru til vitnis um það. „Ullin er bæði áhugamál og lifibrauð hjá mér. Íslenska ullin er svo einstök, ég tel að Íslendingar meti hana ekki að verðleikum. Mér finnst hún nýttast best þegar tekið er ofan af, þannig að togíð og þelið er aðskilið. Hreint þel er svo mjúkt, svo nota ég togíð til að skreyta með.“

Karólína er með kindur í fóstri fyrir fólk í Þýskalandi sem borgar henni fyrir föður og lyf og fær ull í

staðinn. Svo kaupir hún mislita ull af bændum fyrir betra verð en þeir fá hjá Ístexi og selur úti. „Ég fer til Þýskalands nokkrum sinnum á ári og held námskeið þar um íslenska ull, það bókast strax á þau,“ segir hún. „Stundum fæ ég líka ferðahópa til mín á sumrin til að skoða kindurnar og fræðast um þær, þær eru alltaf hér nálægt bænum því ég hef 30 hektara innan girðingar. Sumir vilja kaupa ull strax. Þannig gerðist ég ullarsölumaður.“

Engin tún tilheyrir Hvammshlíð og Karólína kaupir hey af næsta nágretta, Braga bónda á Þverá, sem aðstoðar hana líka í ýmsu öðru kringum búskapinn. Hún á 600 hektara af landi sem allt er vaxið lyng- og kjarrgróðri, þannig vill hún hafa það. Hún sér kosti Íslands betur en margir aðrir. „Ég held að hvergi í heiminum sé jafn tæknilega háþróað samfélag sem er svona nátengt náttúrunni og á Íslandi,“ segir hún og heldur áfram: „Hér er svo stór hluti landsins enn ósnortinn og ég tel að það sé það dýrmætasta sem þarf að viðhalda. En ég óttast að margir Íslendingar kunni ekki að meta það sem vert er. Mér finnst erfitt að segja útlandingum að hér eyðileggi menn náttúru hálendisins á stórum svæðum bara til að selja útlandum stóriðnaðarfyrirtækjum orku sem græða á henni. Sjálfri finnst mér það mikil skammstýni.“

# KOMDU

# í

# KOLAPORTIÐ

– dásamleg deild samfélagsins

**OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 – 17**



Hyundai i10

# SÝNINGÍDAG

Stórkostlega vel útbúinn smábíll.

Verð frá: 1.790.000 kr.



Verið velkomin í dag í reynsluakstur á nýjum Hyundai i10. Kaffi og meðlæti í boði. Opið í dag frá 12–16.

Nýr Hyundai i10 hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir glæsilega hönnun og frágang. Hyundai i10 er án efa einn skemmtilegasti smábíllinn á markaðnum. Blaðamenn sem prófuðu nýjan Hyundai i10 voru á einu máli um að hér væri á ferðinni einstakur smábíll í hæsta gæðaflokki. **Hyundai i10 - verð frá 1.790.000 kr.**

Hyundai | Kaupþúni 1 | Sími 575 1200 | [www.hyundai.is](http://www.hyundai.is)

GE bílar  
Reykjanesbæ  
[www.gebilar.is](http://www.gebilar.is)  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
[www.bilas.is](http://www.bilas.is)  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
[www.bilak.is](http://www.bilak.is)  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
[www.bva.is](http://www.bva.is)  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
[www.ib.is](http://www.ib.is)  
480 8080

BL sölubúð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516



Comfort útgáfa verð 1.990.000 kr. / upphitað leðurstýri / upphitað sæti / upphitaðir rafrádrifnir speglar / rafrádrifnar fram- og afturrúður / ESP stöðugleikastýring / hljómtæki með geislaspilara, MP3 afspilun, USB og iPod tengi.

Bragi Valdimar Skúlason er ein aðalsprautan í Baggalút og Memfismafiunni. Hann er einn eigenda auglýsingastofunnar Brandenburg, hefur skrifað barnabækur og stýrt sjónvarpsþáttum.

Sameiginlegur þráður í gegnum öll hans störf er íslenskt mál sem hann hefur gaman af að leika sér með. „Ég er að leika mér með íslensku allan daginn og finnst ég heppinn,“ segir Bragi.

„Ég dróst inn í auglýsingabransann fyrir einhverja tilviljun fyrir um áratug. Ég hefði aldrei getað ímyndað mér hvað þetta er skemmtilegur og skapandi iðnaður. Auglýsingaiðnaðurinn er á háu plani og metnaðurinn er mikill. Þessi vinna hentar mér vel, ég hef gaman af því að vinna með hugmyndaríku fólki og engir tveir vinnudagar eru eins,“ segir Bragi.

Bragi og Brynja Þorgeirsdóttir hafa fengið mikið lof fyrir þáttaraðir sínar Orðbragð á RÚV þar sem meginmarkmiðið er að kveikja áhuga Íslendinga á tungumálinu. Nokkur stór verkefni Brandenburg hafa einnig þetta sama markmið.

Bragi vann að verkefni fyrir Nova, Tölum saman, sem hvetur fólk til að bæta við orðaforðann. Hugmyndin kviknaði að sögn Braga út frá öllum þeim aragrúa orða sem Íslendingar eiga yfir ýmiskonar tjáningu og samskipti á íslensku

„Ég er svo illa haldinn af orðablæti að ég fór í að finna öll orðin sem eru til yfir það að tala. Yfir það hvernig við tjáum okkur. Þau eru fjölmörg,“ segir hann og hefur upptalningu. „Spjalla, fjasa, masa, blaðra, bulla. Það er mikill fjársjóður í samheitaorðabókinni og eftir grams í orðabókum töludum við svo við Arnar og Helga í hljómsveitinni Úlfur Úlfur sem lögðu grunninn að því að nýta þessi fjölmörgu ólíku orð og semja og útfæra lag. Emm sjá Gauti flutti svo verkið í auglýsingu sem Magnús Leifsson leikstýrði,“ segir Bragi.

#### Sms og skinnhandrit

Herferðin Tölum saman beinist að yngra fólki, en talar eldra fólk endilega betri íslensku?

„Nei, alls ekki, það talar ekkert endilega betri íslensku. Tungumálið er alltaf að þróast, ég held að það sem háir okkur mest er að orðaforðinn fer minnkandi. Orðafátækt er varasöm. Við eigum svo mörg falleg orð sem við notum ekki,“ segir Bragi og segir yngra fólk jafnvel líklegra til að nota ný orð og skapandi leiðir til að nota tungumálið.

Á það þá líka við um það hvernig það notar sms og styttir mál sitt í spjalli á Snapchat eða Facebook?

„Já. Þessar styttingar eða notkun íslenskunnar miðast við plássíð, tímann. Þegar þú flettir skinnhandritum þá sérðu svipaðan ritstil. Í gömlu handritunum er mikið um styttingar og skammstafanir, enda skinnin takmörkuð auðlind. Það var ekki alltaf bara hægt að slátra öðrum kálfi!“

**Letiframburður í höfuðborginni**  
Bragi er einnig stoltur af öðru verkefni sem



Braga leiðast ofnotuð orð og klisjur. „Svo sem orðið „frábært, sem er sennilega minn eini náttúrulegi óvinur. Ég þoli það ekki.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Orðafátækt varasöm

Orðafátækt er varasöm, segir **Bragi Valdimar Skúlason** sem vonar að færeyska verði þjóðtungan deyi íslenskan út. Hann segir leitt að mismunandi framburður eftir landshlutum heyrst lítið lengur en á móti komi að letiframburðurinn sé orðinn áberandi í borginni.



**ORÐSKRÚÐ EÐA FÁ-BREYTNÍ, HVORT TVEGGJA GETUR VERIÐ VONT. ÞAÐ ER HUGURINN AÐ BAKI SEM SKIPTIR MÁLI — ÆTLI ÞAÐ SÉ EKKI FALLEGASTI FRAMBURÐURINN, ÞEGAR HUGUR FYLGIR MÁLI.**

stofan hans tók þátt í nýverið, tengdu landsleik í lestri sem nú stendur yfir, Allir lesa. „Við erum mjög stolt af samstarfinu okkar við Ævar vísindamann. Við hönnuðum veggspjöldin fyrir lestrarátakið og viljum þannig leggja okkar af mörkum til að fá alla krakka til þess að taka þátt í átakinu,“ segir Bragi.

„Sjálfur á ég þrjár stelpur. Sú elsta les oft og mikið og sú í miðinu er á fullu í að læra að lesa núna. Það er ótrúlega gaman að fylgjast með og taka þátt í þessu ferli, sem lestrarnámið er. Sjálfur var ég sílesandi sem krakki, en les alls ekki nógu mikið í dag. Vonandi næ ég mér aftur á strik síðar, ég á í það minnsta nóg eftir. En það er algert lífsspursmál fyrir tungumálið okkar að halda lestri að börnum. Þar eru orðin, hugsunin og samhengið.“

Hvað er falleg íslenska? Hvar á landinu finnst Braga fallegasti framburðurinn?

„Það er leitt að mismunandi framburður eftir landshlutum heyrst lítið lengur. En á móti kemur kannski letiframburðurinn, sem er orðinn ansi áberandi, sérstaklega í höfuðborginni,“ segir Bragi og segist lítið hrifinn af því að fólk vandi sig ekki við að tala skýrt. „Við verðum samt að muna að það er innihaldið sem skiptir máli. Hvernig við tjáum okkur við fólkið í kringum okkur. Hvaða orð við veljum. Við megum hugsa meira um það,“ segir Bragi. „Orðskrúð eða fábreytni, hvort tveggja getur verið vont. Það er hugurinn að baki sem skiptir máli – ætli það sé ekki fallegasti framburðurinn, þegar hugur fylgir máli.“

#### Þörf á mikilli fjárfestingu

Hann segir að ef Íslendingar vilji bjarga íslenskunni verði að umbera breytingar, en um leið að fjárfesta í að halda henni víð. „Ég held að við verðum að sætta okkur við þróun málsins og hvetja til skapandi notkunar. Varast klisjur og gæta orðaforð-

### TÖLUM SAMAN

Þegar flett er upp á sögninni að blaðra í samheitaorðabók koma þessi orð upp:

elginn kjafta þvæla  
geipa slagsa skvola  
glamra vaða skvaldra  
drabba \*slufra  
malda gjálfra fjasa slúðra  
gaspra mala  
gjamma  
þvogla fleipra flapra slafra gapa  
prata rugla þenja sig  
pípa þvætta þvagla þrugla drafla drafa  
rövla  
gifra  
vaða bulla snakka  
þvaðra tala

ans. Það er hins vegar tæknin sem gæti gert út af við íslenskuna. Það þarf mikla fjárfestingu í máltækni, til að gæta íslenskunnar þegar kemur að snjalltækjum og hvers konar talandi tækjum og tólum,“ segir hann. „Það þarf hreinlega að ausa fjármagni í þetta verkefni. Og þar þurfa allir að koma að borðinu, ríki og fyrirtæki. Við höfum ekki efni á neinni nísku þar. Upp með budduna!“

En segjum sem svo að íslenskan deyi út, hvaða tungumál kys hann að verði talað hér? „Úff, ég get nú varla hugsað þá hugsun til enda. En ætli ég myndi ekki velja færeysku! Ég myndi tvímælaust kjósa að það yrði þá þjóðtungan.“

Skyldi hann vera mikið í að leiðrétta fólk?

„Nei, ég er nú frekar umburðarlyndur, í það minnsta á yfirborðinu. Ég set í mesta lagi upp mjög

áberandi vandlættingarsvip í bland við yfirlætislega vorkunn.“

#### Orðið frábert er óvinur


En hvað með fegurð orða, eru sum orð fallegri en önnur?

„Mér þykir nú ósköp vænt um öll orð. Orð eins og „pungvörtu“ og „tussusnúð“ myndi ég sennilega ekki nota fyrir framan móður mína, en annars er ég almennt mikill orðavinur og orðverndunarinn. Hins vegar leiðast mér klisjur og ofnotuð orð, svo sem orðið „frábært“, sem er sennilega minn eini náttúrulegi óvinur. Ég þoli það ekki. Það er bannað að nota það orð hér á auglýsingastofunni,“ segir hann ákveðinn en dregur svo í land. „Ég hef reyndar tapað nokkrum orrustum fyrir einhverjum skrambs tilboðsheilsisíðum — en stríðinu er ekki lokið,“ segir hann og grettir sig. kristjanabjorg@frettabladid.is



# UTmessan í dag Hörpu kl. 10 - 17

## Þar sem allt tengist



sjá nánar á [utmessan.is](http://utmessan.is)

### Laugardaginn 4. febrúar í Hörpu kl. 10-17

Tilvalið fyrir fjölskylduna að eiga skemmtilegan dag saman, skoða glæsilega sýningu helstu tölvu- og tæknifyrirtækja landsins og kynna sér hvað upplýsingatæknigeirinn hefur fram að færa.

 @UTmessan  UTmessan  #UTmessan

- Leikir og getraunir í gangi í sýningarbásun
- Ókeypis í bílastæðahús Hörpu
- Vélmenni, HoloLens, Tölvunördasafnið, Hönnunarkerppni HÍ, Overwatch úrslitakeppni
- Aðgangur ókeypis



UTmessan.is

# Grípur í gítarinn á rekinu

Hólmarinn **Jón Torfi Arason** er með gítarinn festan upp í lofti stýrishússins þegar hann rær til fiskjar og seilist í hann þegar lögin koma til hans. Hann er höfundur laga og texta á plötu sem nefnist *Allt er þegar þrír* er sem nú er að renna glóðvolg af bandinu.

Gunnþóra Gunnarsdóttir  
gun@frettabladid.is



**Þ**að er fallegur dagur hér við Breiðafjörðinn og ég hef það ágætt,“ segir Stykkishólmsbúinn Jón Torfi Arason þegar hringt er í hann vestur.

Hann er ferjumaður á Baldri í vetur en stundar fiskveiðar við strandur landsins á sumrin. Síðast en ekki síst er hann tónlistarmaður og er í hljómsveitinni Þrír sem nú er að gefa út sína fyrstu plötu. Hún heitir *Allt er þegar þrír* er. Þar á Jón Torfi stóran hlut, hann er höfundur laga og texta auk þess að spila á gítar og syngja. Aðrir liðsmenn sveitarinnar eru Sigurbjörg María Jósepsdóttir sem einnig er úr Hólminum, hún spilar á kontrabassa, og Þórdís Claessen sem býr í Reykjavík og er grafískur hönnuður og trommari. Þau gefa út plötuna bæði á vinyll og geisladiski og láta ekki Spotify nægja. „Okkur finnst skemmtilegra að hafa eitthvað í höndunum,“ segir Jón Torfi.

Áður en ég forvitnast um tónlistarmanninn Jón Torfa langar mig að spjalla aðeins við sjómanninn Jón Torfa. Hvernig er að vera ferjumaður á Breiðafirði? „Það er fínt. Reyndar kemur fyrir að við verðum veðurþept á Brjáns-læk og biðum eftir að báran minnki aðeins en langoftast höldum en langoftast höldum við áætlun,“ lýsir hann. Segir vöruflutninga helsta hlutverk Baldurs á veturna, meðal annars fiskflutninga að vestan. „Núna er frekar lítið um farþega en það getur breyst ef færð versnar á vegum.“ Hann kveðst sjá um kaffiteriuna Bárúna um borð. „Svo tek ég á móti farþegum í Flatey og fer með póstinn í land. Skipsfélagar mínir vilja kalla mig aðstoðarmatsvein en ef ég væri kona teldist ég þerna og ég held mig við þann titil, óháð kyni,“ segir hann sposkur.

## Rétt rekinn upp í fjöru

Jón Torfi er uppallinn í Hólminum. „Foreldrar mínir fluttu með mig hingað mjög ungan og hér hef ég átt heima mestan partinn, en búid í Reykjavík, kannski tíu ár í allt, í tveimur lotum.“ Hann kveðst hafa stundað sjómennsku meðfram menntaskólanámi og háskólanámi. „Í svona plássum þá lenda menn á sjó, það vantar svo oft í afleysingar. Ég byrjaði á trillu á sumrin með öðrum þegar ég var 16 ára, á handfærum og beitungsveiðum.“ Hann segir þó mikið vanta upp á að hann þekki Breiðafjörðinn eins


og lófann á sér. „Þegar maður er að sigla er aðalatriði að hafa sjó undir en hér er mikið af eyjum og skerjum og kortin ótrúlega ónákvæm, stór svæði í firðinum eru bara ekki mæld. Það er því lærdómur fyrir mig að flakka um á ferjunni með mönnum sem eru aldir upp í eyjunum, þeir horfa mikið til fjalla, spekulera í gömlum miðum og vita allaf nákvæmlega hvar þeir eru.“

Jón Torfi keypti sér litla trillu fyrir



## ÞEGAR ÉG VAR Á LÍNU

Á BÍLDSEY ÚR STYKKISHÓLMI KOM FYRIR AÐ ÉG  
VARÐ ANDVAKA UPPI Í  
KOJU, FÉKK HUGMYND  
AÐ LAGI OG REYNDI AÐ  
RAULA ÞAÐ INN Á SÍMANN  
Í GEGNUM VÉLARHLJÓÐIÐ.



Umslagið hönnuðu þær Þórdís og Sigurbjörg eftir ljósmynd Stefáns Karlssonar, í frummynd þess fór 6.561 perla.

Torfi, eins og bátur langafa hans. Hann er smíðaður í Finnlandi og þeir eru jafnaldrar svo þeir eiga ýmislegt sameiginlegt. „Torfi er litill bátur. Ég mundi ekki vilja taka meira á hann en eitt tonn í einu. Samkvæmt strandveiðireglum má ég heldur ekki taka meira en 770 kíló á dag.“

Eitt sinn kveðst Jón Torfi hafa komist í háska. „Báturinn varð vélarvana og var rétt rekinn upp í fjöru, það var guðslán að Sævar, félagi minn, var nærstaddur og náði að koma taug í hann áður en illa fór. Þegar menn eru einir um borð má ekkert út af bregða til að illa fari en við félagarnir vitum alltaf hvor af öðrum.“

En er hann alltaf með hugann við fiskinn eða er hann líka að semja lög eða texta þegar hann er á sjó? „Það er allur gangur á því. Fiskerið getur verið mjög tregt og lífið um borð er viss jafnvægiskunst. Maður fer á einhverja bleyðu sem manni finnst líklegri en allt annað og bleytir færin

en ekkert gerist. Þá fer maður að efast um sjálfan sig. En ég er alltaf með gítar með, festan upp í loft, og grip stundum í hann á rekinu eða þegar komið er í land, flest mín lög hef ég samið um borð í Torfa eða öðrum bátum sem ég hef verið á í gegnum tíðina.“

## Spilar á vindlakassagítar

Hann kveðst hafa verið með laga-smíðar bak við eyrað frá því að opnaðist fyrir þá rás fyrir tíu árum. „Annað slagíð dúkka upp einhverjar línur eða melódíur sem maður losnar ekki við. Þá er ágætt að hafa þann hátt á að leyfa öðrum að njóta þeirra og sjá hvað verða vill. Ég byrja stundum á að taka þær upp á símann. Þegar ég var á línu á Bildsey úr Stykkishólmi kom fyrir að ég varð andvaka uppi í koju, fékk hugmynd að lagi og reyndi að raula það inn á símann í gegnum vélarhljóðið, án þess að vekja Birki Kúld vélstjóra sem lá sirka 30 sentimetra frá mér.“

Á nýju plötunni eru ellefu lög, öll frumsamin af Jóni Torfa. „Þrjú laganna gerði ég í samstarfi við aðra og í einu tilfelli er textinn ekki eftir mig. Sumt er svolítið blúsað og kannski ádeila, svo eru angurværir ástarsöngvar og lög um sjómennskuna. „Í dag eru sjómenn með hárnet,“ er sungið í einu þeirra – sem sagt af sem áður var. Einn textinn er málsvörn fyrir skítseiðin í landinu sem enginn virðist vilja taka upp hans kann fyrir. Svólítið grín. Það er

engin samfella í efni disksins, heldur er það bara eins og það kemur af skepnnuni.“

Ég rifja upp tónleika sem ég naut í Hörpunni á Menningarnótt fyrir nokkrum árum, þegar Jón Torfi var í Varsjárbandalaginu og fleygði frá sér hljóðfærum og greip önnur í miðjum lögum. Þar gekk mikið á. Hann kannast við það en segir spilamennsku í tríói ekki gefa mikla möguleika á svoleiðis glensni. „Í einu laganna á plötunni spila ég á vindlakassagítar sem mér áskotnaðist í Eyjafirði. Það eykur smá á fjölbreytnina.“

Gott lag er á tónlistarkennslu í Hólminum að sögn Jóns Torfa. „Ég fékk að byrja á tónlistarskólanum þegar ég var fimm ára því þá ófundaði ég Dag, stóra bróður, svo mikið af því að vera þar. Var svo þar við nám þar til ég fór í framhaldsskólann. Það var ómetanlegt.“

Hann kveðst hafa verið í og úr framhaldsskóla um tíma, byrjað í MH og orðið stúdent úr Fjölbraut í Armúla. „Mér tókst ekki að útskrifast fyrr en ég var kominn á sjó, þá var ég að leysa prófverkefni í pásam. Seinna fór ég í sagnfræði í Háskólanum. Þar varð saga mín lík margra annarra, ég er búinn með allt nema að skila BA-ritgerðinni. En meðan ég var í sagnfræðinni var ég líka að vinna í Bæjarins bestu í Tryggvagötunni og á Þjóðskjalasafninu, auk þess að spila í Varsjárbandalaginu.“



„Þegar menn eru komnir með reynslu þá leiðast menn á þessa braut,“ segir Jón Torfi um sjómennskuna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## UPPRUNAVOTTUÐ FRAMLEIÐSLA

Engin orka er vistvænni en kraftur góðrar hugmyndar. Nýja BMW i rafbílalínan er skínandi dæmi um það hvernig hönnuðir BMW leita sífellt nýrra leiða til að uppfylla nýjar þarfir og væntingar. Við framleiðslu BMW i3 er eingöngu notuð 100% hrein orka. Ný samsetningarverksmiðja BMW í Leipzig notast eingöngu við 100% hreina orku frá vindorkuverum og við koltrefjaframleiðsluna er eingöngu notast við orku frá vatnsorkuverum.

BMW i



Sheer  
Driving Pleasure

### BMW EFFICIENTDYNAMICS.

i3 0 g CO<sub>2</sub>/km 125 kW (170 hp)



# VISTVÆN HÖNNUN.

Nýr BMW i3 er enginn venjulegur bíll. BMW i3 setur ný viðmið í hönnun og drægni og er fyrsti fjöldaframleiddi bíllinn í heiminum sem hannaður er með yfirbyggingu úr hástyrktum koltrefjum (carbon fiber). Koltrefjar hafa þann eiginleika að vera 50% léttari en stál og eru auk þess sterkari. Þessi nýja framúrstefnulega tækni við framleiðslu yfirbyggingarinnar veitir því fullkomið öryggi fyrir ökumann og farþega og er að auki ein helsta ástæða þess að eiginþýgd BMW i3 er ekki nema 1.245 kg sem tryggir honum mestu drægnina í sínum stærðarflokki.

**300KM\*** MEÐ 94Ah RAFHLÖÐU **390KM\*** MEÐ 94Ah RAFHLÖÐU OG HLEÐSLUVÉL (Range Extender)

BMW i3 er fánlegur í tvenns konar útfærslu; sem 100% rafbíll dregur hann allt að 300 km\* á hleðslunni en 390 km\* með auka hleðsluvél (2ja strokka, 647cc bensínvél) sem tekur sjálfkrafa við og framleiðir rafmagn þegar rafhlaðan tæmist.

**BMW i3 VERÐ FRÁ: 4.590.000 KR.**

\*Drægni hvernar hleðslu miðast við uppgæfnar drægnitölur framleiðanda við staðlaðar bestu mögulegar aðstæður. Raundrægni hvernar hleðslu fer eftir aksturslagi, hitastigi úti, leiðarvali og öðrum þáttum.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

KOMDU Í REYNSLUAKSTUR OG UPPLIFÐU ÞAÐ NÝJASTA  
OG FULLKOMNASTA Í RAFBÍLATÆKNI.

BL ehf  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is



# Þekktu þingmanninn Pawel Bartoszek



Í göngu með mömmu og pabba í Póllandi snemma á 9. áratugnum.



Á Ólympiuleikum í stærðfræði í Suður-Kóreu árið 2000.



Með foreldrum sínum, Önnu og sonum sínum tveimur.



Fyrsta heimilið á Íslandi.

Kristjana Björg  
Guðbrandsdóttir  
kristjana@frettabladid.is



**Fæddur:** 25. september 1980 í Poznan, Póllandi

**Maki:** Anna Hera Björnsdóttir, danskennari og sérfræðingur hjá Landsbankanum

**Synir:** Ágúst (2008), Ólafur Jan (2012)

**Foreldrar:** Stanislaw Jan Bartoszek (fæddur 20. júní 1956), sérfræðingur hjá Valitor, og Emilia Mlynska (fædd 7. ágúst 1957), náms- og starfsráðgjafi hjá Mimi og kennsluráðgjafi hjá grunnskólum Reykjavíkur

**Menntun** Stúdentspróf MR 2000. B.Sc.-próf í stærðfræði HÍ 2003. Meistarapróf í stærðfræði HÍ 2005

**Fyrri störf** Pistlahöfundur á Deiglan.is frá 2002, pistlahöfundur á Fréttablaðinu 2010–2016. Aðjúnkt við HR 2006–2010. Fulltrúi í stjórnlagaráði, formaður nefndar C 2011. Verkefnastjóri hjá Qlik Datamarket 2012–2016. Í stjórn Sambands ungra sjálfstæðismanna 2007–2009

**Áhugamál:** Hlaup, rúmensk popptónlist og borgarskipulag



Pawel hefur gaman af því að hlusta á rúmenska tónlist og hefur líka mikinn áhuga á borgarskipulagi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Alinn upp í austantjaldsríki

**Pawel Bartoszek** er fæddur í Póllandi og flutti átta ára gamall til Íslands ásamt foreldrum sínum. Honum er umhugað að gera fólki auðveldara að flytjast hingað og starfa. Hann vill innflytjendavænna samfélag. Frelsishugsjónin er sterk í Pawel og hann er mótaður af barnæskunni í Póllandi undir stjórn kommúnismans.

upp innflytjendavænt samfélag til lengri tíma. Við höfum ef til vill einhverjar hugmyndir um hversu innflytjendavænt samfélag við erum. En það eru til mælikvarðar sem mæla þetta. Við skorum ekki mjög hátt á þeim. Ég vil að eftir áratug mælmust við mun hærri og er með ákveðinn tékklista í því samhengi," segir Pawel og bendir á að með almennt ódýrari samgöngum um allan heim ætti að vera auðveldara fyrir fólk að flytja á milli landa. „Það er auðveldara fyrir fólk innan Evrópu. En það er á sama tíma miklu erfiðara fyrir fólk utan EES," segir hann og bendir á að hans eigin fjölskylda hefði átt mun erfiðara með að flytja til landsins í dag en þegar þau gerðu það árið 1988. Þar finnst honum skjóta skökku við.

Pawel er tiltölulega nýkominn úr heimsókn frá Póllandi. Þangað fer hann reglulega til að halda sterkum tengslum við stórfjölskyldu sína og ræturnar. „Ég fór með yngri syni mínum og heimsótti systur mína sem var að eignast barn og ömmu sem er nú orðin 83 ára gömul. Við skemmtum okkur vel, fórum í stór-



**RÚMENSK TÓNLIST ER**

**MJÖG STÓR IDNAÐUR.**

**EIN STÆRSTA STJARNAN,**

**INNA, NÆR SVIPAÐRI**

**YOUTUBE SPILUN OG**

**BEYONCÉ**

skemmtilegt vísindasafn og lékum okkur," segir Pawel sem segir ferðalög til upprunallandsins auðveldari en áður.

„Nú er orðið ódýrara og auðveldara að ferðast til Póllands en þegar ég var yngri. Ég fluttist þangað fyrir fimm árum um nokkurra mánaða skeið. Þá vildi ég gefa eldri syni mínum færi á því að fara í pólskan leikskóla um tíma, til að ná hinu

móðurmálinu betur.“

Pawel hefur líka áhuga á skipulagsmálum í borginni og er ánægður með að í stjórnsáttmálanum sé lagt til að skoðaður verði möguleiki á samstarfi við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu um „Borgarlínu“. „Borgarmál eru mér mjög hugleikin. Maður tekur mikið eftir því hvað þingið er miðað við hugsunarhátt landsbyggðarinnar. Það þykir ekkert tiltökumál að ræða legu vega á landsbyggðinni en um leið og talið berst að borginni þá þykir það ekki videigandi. Það get ég ekki skilið því skipulagsmál í borginni skipta alla landsmenn máli líka.

Ég held að borgarlína yrði til mikilla bóta í Reykjavík sem er tiltölulega stór borg.

Það sem ég er ánægðastur með er nálgunin á innflytjendamálin. Við viljum taka á móti fleiri flóttamönnum og lofum því að fólk utan EES verði gert auðveldara að koma til landsins. Þessar aðgerðir aðgreina okkur frá því sem er að gerast víða um heim.“

Já, tölum aðeins um Trump?

„Bandaríkin eru á margan hátt algjörlega frábært ríki og að alast upp í ríki handan jarntjaldsins hafði þau áhrif að maður dáðist að gildum Bandaríkjana. Þau voru eins og síðferðilegur viti í heiminum, hvað sem verður nú sagt um einstaka ákvarðanir í ýmsum málum. Staðreyndin er sú að frábærar hugmyndir hafa fæðst og þroskast í Bandaríkjunum sem skipta okkur máli hér á Norðurlöndum til dæmis. Umhverfisvernd, réttindi samkynhneigðra og breytingar á lögum um væg fiknefni. Stundum láta Evrópubúar eins og þetta séu allt sænskar hugmyndir. Þess vegna er það mjög leiðinlegt að Bandaríkin taki þessa stefnu sem manni hugnast svo illa. Það skilur eftir tóm að geta ekki lengur treyst á þessi gildi í Bandaríkjunum í megindráttum. Að efast.

Alverst af vondum ákvörðunum er þetta fortakslausu ferðabann. Þetta sló mig mest. Maður er því miður vanur því að Repúblikanaforsetar gefi út tilskipanir um til dæmis fóstureyðingar, það er dæmigerð íhaldsvitleysa," segir Pawel sem segir mikilvægt að bregðast við með því að gera vel við flóttamenn hér á landi. „Það er það sem við getum gert. Við getum vandað okkur og tekið á móti fleira flóttafólki.“

*Hvenær fór hann að skipta sér af stjórnmálum? „Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á pólitík. Ég skræði mig þegar ég var nitján ára gamall í Sjálfstæðisflokkinn. Einfaldlega vegna þess að það var sá flokkur sem átti hvað best við mínar hugsjónir. Það var ekki um marga flokka á þeim væng stjórnmálanna að velja. Þegar Viðreisn er stofnuð þá var þar kominn flokkur sem stóð mér mun nær að því leyti að hann er Evrópusinnadur og tilbúinn að skoda breytingar í landbúnaði og sjávarútvegi. Það er mikill hugmyndafræðilegur munur á flokkunum tveimur, Viðreisn og Sjálfstæðisflokkur og því eiginlega ekki hægt að segja að ég sé í klofningsframboði. Flokkurinn er stofnaður utan um hugsjónir en ekki persónulegan metnað einhvers sem tapaði í prófkjöri. Sambærilegir flokkar eru víða í Evrópu og hann gæti vel verið starfandi um ókomna tíð.“*

*Hvaða áhugamál hefur hann? „Mér finnst gott að fara út að hlaupa, hef hlaupið maraþon í fjögur skipti. Ég hef líka áhuga á borgarskipulagi, finnst gaman að velja því fyrir mér. Þá vita kannski fáir aðrir en þeir sem standa mér næst og eru mikið í kringum mig af áhuga mínum á rúmenskri popptónlist. Ég hef mjög gaman af henni. Rúmensk tónlist er mjög stór idnaður. Ein stærsta stjarnan, Inna, nær svipaðri YouTube spilun og Beyoncé," nefnir hann sem dæmi. „Mér finnst gott að slaka á með því að hlusta á þessa tónlist, stundum gleymi ég að stilla Spotify á private og þá verður það vandræðalegt.“*

*Hvaða kvikmynd er í upphaldi? „2001 – Space Odyssey.“*

*Hvaða borg/land langar þig helst að skemja heim? „Núna er það Suður-Balkanskagi, til dæmis Serbia og Króatía.“*

*Hvaða matur er í upphaldi? „Pitsa – af því að frumleiki er ofmetinn.“*

# JO NESBØ


# LÖGGAN

1.

25.1.-31.1.2017

Metsölulisti  
Eymundsson

Heildarlisti



„Besta bókin í flokknum ...“

VERDENS GANG

„Meistarahandbragð  
sem vekur aðdáun.“

DAGENS NYHETER

„Nesbø tekst alltaf  
að koma á óvart ...“

BOSTON GLOBE

„Glæsilega gert ...“

DAGBLADET

„Hrollurinn er ápreifanlegur  
... æsispennandi.“

NEW YORK TIMES



# Var með forræði yfir föður sínum í hálf ári

Úrræðaleysi er í málefnum fólks sem glímur bæði við geðsjúkdóma og fíkn að mati aðstandenda. **Aldís Þóra Steindórsdóttir** er tuttugu og fjögurra ára gömul. Á síðasta ári var hún með forræði yfir föður sínum.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir  
kristjana@frettabladid.is



Það þarf eitthvert úrræði sem heldur utan um hann og þá sem eru í svipaðri stöðu. Hann lendir milli kerfa og ég kem alls staðar að lokuðum dyrum þegar ég reyni að finna úrræði fyrir hann," segir Aldís Þóra um föður sinn sem er með geðhvarfasýki og framheilaskaða. Hann glímur einnig við fíkn og úrræði fyrir hann eru af skornum skammti.

„Þetta lendir á aðstandendum. Ég veit að það eru miklu fleiri þarna í sömu sporum en tala ekki um það, grenja bara í koddann eins og við höfum gert í mörg ár," segir Aldís.

Faðir Aldísar var að verða fimm-tugur þegar hún fékk forræði yfir honum. Aðdragandinn var nauðungarvistun sem endaði með innlögn á Kleppi. „Það var enginn annar sem gat tekið það að sér. Ég var í jólabóði þegar ég fékk simtalið. Það voru allir búnir að fá nóg í fjölskyldunni. Annaðhvort fær lögfræðingur eða einhver úr fjölskyldunni forræðið. Ég tók ábyrgðina í þetta sinn. Það var virkilega erfitt. Ég náði eiginlega engu sambandi við lækinn hans á geðdeild Landspítalans. Ég náði ekki í hann í tvo heila mánuði. Ég hringdi kannski til að leita svara og hann hringdi bara ekki til baka," segir Aldís og segist telja þetta algengt hlutskipti aðstandenda. Þeir finni til ábyrgðar gagnvart bjargarlausum ættingjum en finni sig vanmáttuga

í samskiptum við geðheilbrigðis-kerfið.

„Það er virkilega erfitt fyrir fólk að vera sjálfræðissvipt. Og það er virkilega erfitt að vera með forræði yfir foreldri sínu. Heilbrigðisstarfsfólk trúði mér ekki og virti mig stundum heldur ekki sem aðstandenda. Ég þurfti alltaf að vera með skjölin á mér og berjast fyrir því að fá að vera látin vita þegar eitthvað kom upp á," segir hún.

## Býr í bílnum

Eftir hálf árs dvöl á Kleppi reyndi Aldís að fá úrræði fyrir föður sinn. „Það er bara ekkert úrræði til sem hann passar inn í því hann er og verður alltaf fikill. Inni á Kleppi var algjört úrræðaleysi gagnvart honum. Geðhvarfasýki er flókin vegna fjölda ranghugmynda sem margir sjúklingar virðast fá og framheilaskaði föður míns leikur stórt hlutverk í hans veikindum vegna þess hve mikil skerðing hefur orðið á siðferðishugsunum. Samspil geðhvarfasýkinnar og framheilaskaðans er því ekki gott þar sem siðferði hefur auðvitað áhrif á ákvarðanatöku þegar ranghugmyndirnar sækja að. Hann fær reyndar forðasprautur núna af geðlyfjum og er í meira jafnvægi en áður en býr í bílnum sínum. Honum tekst ekki að fara eftir reglum sem honum eru settar á sambýlum, félagslegu húsnæði og áfangahæimilum.

Ég var hrædd við pabba alla mína barnæsku. Enda hótaði hann okkur og ógnaði og sat um okkur í veikindum sínum. Ég skildi þetta aldrei þegar ég var lítil, það hefði þurft að greina þetta betur fyrir okkur systk-



Aldís Þóra Steindórsdóttir segir félags- og heilbrigðiskerfi þurfa að vera eina heild og kallar eftir að teymi séu mynduð utan um fjölskyldur. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

inin. Til að hjálpa okkur að setta okkur við hlutskipti okkar og bakgrunn. Ég get sett ákveðna hluti í samhengi í dag.

Ég veit til dæmis að hann lenti í bílslysi þegar hann var fjórtán ára gamall. Í því hlaut hann framheilaskaða. Hann veikist svo mikið í kringum tvítugsaldur. Þá stekkur hann allt í einu út í sjó og þá er hann tekinn upp á geðdeild. Það er lítið vitað um samspil geðhvarfa og svona framheilaskaða.

Mér finnst ég vera á milli kerfa. Mér finnst þessi kerfi ekki tala saman. Ég er í hlutverki aðstandenda en ég er líka í hlutverki ungrar konu sem langar til að klára stúdentspróf og verða heil. Álagið er margra ára og svo þungt. Það getur enginn borið svona byrðar," segir Aldís.

**Kerfið afhendir börnum vandann** Aldís hefur frá því hún var barn þurft að standa í miklu stappi við kerfið vegna föður síns en líka vegna móður sinnar sem er heyrnarlaus. „Ég hef verið lengi inni í þessum kerfum og veit því hvað þau tala illa saman. Þetta eru mjög brotin kerfi. Ég var fimm ára þegar barnaverndarkerfið skipti sér fyrst af mér. Ég var á um tíu fósturheimilum þar til ég varð fimm-tán ára. Þegar ég lít til baka verð ég reið því að vandinn var aðeins meðhöndlaður með því að taka okkur í burtu í stað þess að hjálpa foreldrum mínum. Þannig var vandanum frest-



**UM LEIÐ OG ÉG ER SJÁLFRÁÐA AFHENDIR KERFIÐ MÉR VANDANN SEM ER ÞÁ BÚINN AÐ VINDA UPP Á SIG**

Aldís Steindórsdóttir



**HEIMILT ER MEÐ ÚRSKURÐI DÓMARA AÐ SVIPTA MANN TÍMABUNDIÐ LÖGRÆÐI, TIL DÆMIS VEGNA ALVARLEGS GEÐSJÚKDÓMS**

að þar til að við tókum við honum á fullorðinsaldri. Um leið og ég er sjálf-ráða afhendir kerfið mér vandann sem er þá búinn að vinda upp á sig," segir Aldís.


## Getur ekki byrjað lífið

Hvað vill hún? Hvað telur hún að muni gagnast bæði veikum og fjölskyldum þeirra?

„Mér finnst það blasa við að félagslega og heilbrigðiskerfið verður að vera heild. Ef börn geðsjúkra fengu sálræna aðstoð við hæfi og fast utanumhald, alla bernskuna, þá væru ekki svona margir veikir og vanmáttugir einstaklingar. Eitt alvarlega veikt foreldri leiðir af sér veik börn, veika afa og ömmu. Öll fjölskyldan veikist vegna álags. Og satt best að segja, þá finnst mér kerfið stundum gera illt verra. Fjölskyldan er í gíslingu. Við biðum öll eftir næsta kasti. Lífum ekki lífinu. Erum bara föst. Ráðin sem ég hef fengið er að loka á hann. Flytja úr landi. Byrja mitt líf. En það er hægra sagt en gert. Sá sem gefur svona ráð, er ekki í þessari stöðu. Ég get ekki byrjað lífið.

Draumur minn er að það sé teymi um hverja fjölskyldu sem í er alvarlega geðsjúkur einstaklingur. Teymi sem heldur utan um alla fjölskylduna. Ekki bara þann veika. Börnin líka. Aðstandendur. Teymi sálfræðinga, geðlækna, félagsfræðinga, lækna. Allt tengt saman. Það er til vísir að þessu teymi en það er bara hugsað fyrir þá veiku og þetta varð ekki að neinu eftir hrún. Þetta finnst mér þurfa að gera fyrir utan það að búa til úrræði þar sem þetta veika fólk getur búið.“

**HVERNIG KEMUR ÞÚ UNÐAN SÓLINNI! AF HVERJU AÐ SÆTTA SIG VIÐ SÓLARSKEMMDIR OG ÓTÍMABÆRAR LITABREYTINGAR VIÐ GETUM LAGAÐ ÁSTAND HÚÐARINNAR**



**PANTAÐU FRÍAN TÍMA Í SKOÐUN STRAX Í SÍMA 893-0098**



**Snyrtistofan Hafblik**

Hraunbæ 102 • Reykjavík • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com





## Sjáumst í sumar!

Skelltu þér í ógleymanlegt sumarfrí á ótrúlegu verði til Evrópu eða Norður–Ameríku með WOW air!

**WOW Basic** ✈️

**WOW Plus** ✈️ 🧳 🗳️ 🛡️

**WOW Biz** ✈️ 🧳 🗳️ 🛡️ 🚼 🧳 🍴

# Vor og sumar í Evrópu

WOW air bætir við tveimur nýjum áfangastöðum í Evrópu í byrjun sumars. Í maí hefjum við flugið til Cork, sem jafnan vill láta kalla sig hina sönnu höfuðborg Írlands. Í júní er síðan fyrsta WOW flugið til Brussel, sem stundum er kölluð hjarta Evrópu. Skelltu þér í ógleymanlegt sumarfrí á ótrúlegu verði með WOW air.



## BRUSSEL

Eitt best geymda leyndarmál Evrópu er menningarborgin Brussel. Flugið sjö sinnum í viku. Fyrsta flug 2. júní.

Verð frá **9.999 KR.\***

Tímabil: júní



## DÜSSELDORF

Tískuborgin Düsseldorf er ein sú vinsælasta í Þýskalandi. Flugið þrisvar í viku frá 18. maí til 30. september.

Verð frá **8.499 KR.\***

Tímabil: maí–júní

## BRISTOL

Skreptu í örstutt flug til Bristol og hinnar undurfögru Bath. Flugið tvisvar í viku til 24. mars og þrisvar sinnum í viku frá 14. júní.

Verð frá **8.499 KR.\***

Verð frá

Tímabil: mars–júní



## EDINBORG

Blástu í sekkjarpípuna og kíktu á ævintýralegu Edinborg í Skotlandi. Flugið þrisvar til fjórum sinnum í viku, allan ársins hring.

Verð frá **5.999 KR.\***

Verð frá

Tímabil: febrúar–júní



## KAUPMANNAHÖFN

Hingað verða allir Íslendingar að fara, helst einu sinni á ári. Flugið einu sinni til tvisvar á dag, allan ársins hring.

Verð frá **7.499 KR.\***

Verð frá

Tímabil: febrúar–júní



## STOKKHÓLMUR

Ein svalasta borg Skandinavíu tekur á móti þér með afslöppuðu andrúmslofti. Flugið fjórum sinnum í viku, allan ársins hring.

Verð frá **6.999 KR.\***

Verð frá

Tímabil: febrúar–júní



## BERLÍN

Stærsta borg Þýskalands býður upp á fjölskrúðugt mannlíf og iðandi stemningu. Flugið 1–2 sinnum á dag, allan ársins hring.

Verð frá **8.499 KR.\***

Verð frá

Tímabil: febrúar–júní



## CORK

Cork-búar halda því fram að borgin þeirra sé hin raunverulega höfuðborg Írlands. Flugið 3–4 sinnum í viku. Fyrsta flug 19. maí.

Verð frá **8.499 KR.\***

Verð frá

Tímabil: maí–júní

## HVÍTARI TENNUR MEÐ GUM ORIGINAL WHITE VÖRUM

Tennurnar verða hvítari með Gum Original White munnskoli og tannkremi. Vörurnar innihalda flúor, veita vörn og hreinsa burt bletti og óhreinindi. Þessar hvíttunurvörur innihalda sérstaka blöndu sem Gum hefur einkaleyfi fyrir.

Gum Original White munnskoli og tannkrem hreinsa burt bletti og óhreinindi og veita tónnunum vernd. Tannlæknar mæla með Gum vörum. „Vörulínan er breið og góð og í henni má finna allt frá tannburstum og Soft Picks tannstönglum til tannhvíttunarefna. Sérfræðingar Gum eru fljótir að tileinka sér nýjungar og mæta þörfum fólks sem er virkilega gott í þessum geira,“ segir Ásta Kjartansdóttir, vörumerkjastjóri hjá Icecare.

### ENGIN BLEIKIEFNI

Gum Original White munnskoli og tannkrem hreinsa burt bletti og óhreinindi og tennurnar fá sinn upprunalega lit. Báðar vörurnar innihalda flúor og má nota að staðaldri. Þær hafa ekki skaðleg áhrif á almenna tannheilsu og innihalda ekki bleikiefni sem geta skaðað náttúrulega vörn tannanna. „Hvíttunarlínan, Original White, er mjög góð því hún virkar vel en fólk fær samt sem áður ekki tann-

kul. Slípmassinn er agnarsmár svo hann rispar ekki upp glerunginn eins og oft vill verða þegar notuð eru hvíttunartannkrem.“

Ásta segir það einnig kost að Original White línan viðhaldi árangri eftir lýsingarmeðferð á tannlæknastofu. „Soft Picks tannstönglarnir eru mitt uppahald því þeir komast vel á milli tannanna og innihalda engan vír og eru ríkir af flúori. Þetta eru frábærir einnota tannstönglar sem virka eins og millitannburstar en þá er hægt að hafa í veskinu eða heima fyrir framan sjónvarpið.“

Hvíttunurvörurnar innihalda sérstaka blöndu sem Gum hefur einkaleyfi á og hreinsar betur en bleikiefni.

**Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, [www.icecare.is](http://www.icecare.is).**



Ásta Kjartansdóttir, vörumerkjastjóri hjá IceCare.

**IceCare**  
Þín heilsa



## Hamingjan kemur innan frá. Bio-Kult góðgerlar styrkja meltinguna - Öflug melting og betra jafnvægi -

### Bio-Kult Candéa

Góðgerlar sem styrkja meltinguna og vinna gegn fjölgun Candida sveppsins í meltingarvegi.

**Inniheldur:** Góðgerlablöndu af 7 sýrubólnum gerlastrengjum, hvítlaug og grape seed extract.



### Bio-Kult Original

Öflug blanda góðgerla sem byggir upp þarmaflórana og styrkir varnir líkamans.

**Inniheldur:** Góðgerlablöndu af 14 sýrubólnum gerlastrengjum.



### Bio-Kult Pro-Cyan

Styrkir þvagrásina og virkar sem öflug vörn gegn þvagrásarvandræðum.

**Inniheldur:** Góðgerlablöndu af 2 sýrubólnum gerlastrengjum, trönuberjabykkni og A-vítamín.



### Bio-Kult Infantis

Góðgerlar fyrir börn á öllum aldri. Eflir þarmaflórana, án allra aukaefna og er bragðlaust.

**Inniheldur:** Góðgerlablöndu af 7 sýrubólnum gerlastrengjum, Omega 3 og D3-vítamín.



Veldu það besta fyrir þína meltingu. Fæst í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Nánari upplýsingar á [www.icecare.is](http://www.icecare.is)



Hörður Torfason tónlistarmaður.  
MYND/GVA

## HÖRÐUR TORFA Í SAGNAKAFFI

Sagnakaffi er skemmtileg viðburðaröð í Gerðubergi. Hugmyndin er að vikka út ramma hefðbundinnar sagnamennsku. Sagðar eru sögur í tali, tónum, takti, ljóðum og leik. Á miðvikudaginn næsta, 3. febrúar klukkan 20, er komið að söngvaskáldinu Herði Torfasyni. Lög hans og textar hafa hljómað í eyrum Íslendinga í áratugi. Textar hans eru oft mjög beitt ádeila og lögin grípandi en það er ekki síst túlkun Harðar sem þykir lifandi og skemmtileg.

Hörður útskrifaðist sem leikari 1970 og sama ár hljóðritaði hann sína fyrstu breiðskífu. Hörður hefur starfað sjálfstætt síðan 1972 sem söngvaskáld, leikari og leikstjóri. Hann hefur sent frá sér 24 plötur, ljóðabók, ævisögu, söngvafefti og nokkur leikrit. Þá er hann margheiðraður fyrir framlag sitt til mannréttindamála á Íslandi. Sagnakaffið fer fram í kaffihúsinu í Gerðubergi og geta gestir fengið sér kaffi og með því á meðan dagskráin stendur yfir.

Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir en aðgangur er ókeypis.

» Hörður útskrifaðist sem leikari 1970 og sama ár hljóðritaði hann sína fyrstu breiðskífu

# ÍSLENSKAR FRÉTTIR OG GREINAR Á SPÆNSKU

Eric Lluent, Xavier Rodriguez og Azahara Bejarano, sem búa og starfa á Íslandi, settu í október síðastliðnum í loftið vefsíðuna [www.elfaro.is](http://www.elfaro.is) þar sem sagðar eru íslenskar fréttir á spænsku. Um þúsund manns bæði á Íslandi og úti í heimi skoða síðuna á degi hverjum.

Sólveig Gísladóttir  
solveig@365.is



„Eric starfaði sem blaðamaður í Barcelona í mörg ár. Við urðum mjög góðir vinir eftir að hann flutti til Íslands og þessi hugmynd var lengi að gerjast með okkur og konunni hans, henni Azahöru,“ segir Xavier sem starfar sem lögfræðingur og aðstoðarmaður spænska ræðismannsins á Íslandi. Azahara er kennari en Eric starfar sem leiðsögumaður hér á landi og hefur gefið út tvær bækur um kreppuna á Íslandi á katalónsku.

### VITINN VARPAN LJÓSI

El faro þýðir Vitinn. „Okkur langaði til að varpa ljósi á hið rétta Ísland,“ segir Xavier en hann segir ótrúlega mikið af fréttum og lýsingum á Íslandi ekki eiga við rök að styðjast. Íslandi sé oft lýst í dýrðarljóma, hér séu allir hávaxnir, ljóshærðir og mjóir, hér kosti ekkert að fara til læknis og svo framvegis. „Við vildum bara segja fréttir úr samtímanum og sýna fólki raunveruleikann sem er jafn margvíslegur og annars staðar í heiminum.“

Viðfangsefnið í El Faro eru af ýmsum toga. „Flest eru fréttir sem við þýðum úr íslenskum fjölmiðlum en einnig erum við með okkar eigin fréttamál. Svo erum við einnig með ýmsar umfjallanir um önnur málefni, til dæmis ferðabransann, íslenska menningu og sögu,“ segir Xavier en þó nokkrir koma að skrifum á síðunni. „Eric er ritstjóri en ég og fleiri skrifum líka á síðuna, bæði Spánverjar og Íslendingar.“

### LESIN VÍÐA UM HEIM

Xavier segir þörfina á slíkri fréttasíðu hafa verið nokkra. „Það er fullt af fólki frá Spáni og Suður-Ameríku sem talar ekki góða íslensku og veit lítið hvað er um að vera. Og þó að hægt sé að



Eric Lluent, Azahara Bejarano og Xavier Rodriguez skrifa meðal annarra á vefsíðuna [www.elfaro.is](http://www.elfaro.is) þar sem sagðar eru íslenskar fréttir á spænsku. MYND/GVA

„Flest eru fréttir sem við þýðum úr íslenskum fjölmiðlum en einnig erum við með okkar eigin fréttamál.“

Xavier Rodriguez

finna töluvert af íslenskum fréttum á ensku er alltaf best að lesa á móðurmálinu.“

Hann segist geta sér til að Spánverjar á Íslandi séu í kringum átta hundruð og enn fleiri frá spænskumælandi löndum í Suður-Ameríku. „Ég giska á að við séum á annað þúsund sem búum hér á landi,“ segir hann en bendir á að lesendur síðunn-

ar séu ekki aðeins búsettir hér á landi. „Við höfum oft hitt fólk sem er að koma hingað til Íslands og hefur lesið síðuna fyrir heim-sóknina. Einnig höfum við talað við blaðamenn sem fylgst hafa með ýmsum málum, til dæmis um Birnu og alþingiskosningarnar, í gegnum síðuna,“ lýsir hann en um þúsund manns skoða síðuna daglega.

FÓLK ER KYNNINGARBLAD sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR | ÁBYRGÐARMAÐUR: Svanur Valgeirsson

UMSJÓNARMENN EFNIS: Elin Albertsdóttir, [elin@365.is](mailto:elin@365.is), s. 512 5349 | Lilja Björk Hauksdóttir, [liljabjork@365.is](mailto:liljabjork@365.is), s. 512 5372 | Ragnheiður Tryggvadóttir, [heida@365.is](mailto:heida@365.is), s. 512 5367

Sólveig Gísladóttir, [solveig@365.is](mailto:solveig@365.is), s. 512 5357 | Starri Freyr Jónsson, [starri@365.is](mailto:starri@365.is), s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, [vera@365.is](mailto:vera@365.is), s. 512 5357

SÖLUMENN: Atli Bergmann, [atlib@365.is](mailto:atlib@365.is), s. 512 5457 | Jóhann Waage, [johannwaage@365.is](mailto:johannwaage@365.is), s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, [jonivar@365.is](mailto:jonivar@365.is), s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, [olafurh@365.is](mailto:olafurh@365.is), s. 512 5433

## BÍLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Mest lesna bílablað landsins kemur næst út þriðjudaginn 7. febrúar.

Ritstjóri blaðsins er Finnur Thorlacius sem er bílaáhugamaður af líf og sál.

Umsjón auglýsinga:

Atli Bergmann • [atlib@365.is](mailto:atlib@365.is) • sími 512 5457



FRÉTTABLAÐIÐ

20-60%  
af öllum  
ljósum

25-50%  
af öllu frá  
Ethnicraft

20-60%  
af öllum  
húsgögnum

**ÚTSÖLULOK**  
Útsölnni lýkur á  
sunnudag. Enn meiri  
afsláttur.

Sófi  
N101

**40% afsl.**

3ja 220.000,- nú 132.000,-  
2ja 166.000,- nú 99.600,-  
Stól 115.000,- nú 69.000,-  
3 litir - Grár, olívu grænn  
og ljós

20-60%  
af öllum stellum  
og glösum

50%  
af völdum  
handklæðum

30%  
af öllum  
mottum

habitat  SÍÐAN  
1964

**TEKK**  
COMPANY

TEKK COMPANY OG HABITAT | SKÓGARLIND 2, KÓPAVOGI  
SÍMI 564 4400 | OPIÐ MÁN - LAU KL. 10-18 OG SUN KL. 13-17  
VEFVERSLUN Á WWW.TEKK.IS



Eggjamúffur í morgunmat.

## HEIT EGGJAMÚFFA

Grænmetisþeytingur úr blandaranum er fljótlegur morgunmatur og örugg leið til þess að innbyrða haug af vítamínum og trefjum að morgni þegar lítill tími er til stefnu. Ávaxtaþeytingar eru einnig vinsælir en þó má deila um hversu hollt það er að skella í sig svo miklu magni af ávaxtasykri í einu. Þar fyrir utan hentar ekki alltaf að svolgra í sig ískaldan drykk að morgni. Til dæmis er gott á köldum vetrarmorgnum að fá eitthvað heitt í kroppinn en samt fljótlegt. Þá koma eggjamúffurnar inn en þær er auðveldlega hægt að baka fyrirfram og hita upp á örfáum

mínútum í örbylgjunni.

Saxið niður grænmeti, til dæmis papriku, lauk, sveppi og spínat. Brjótið 4 egg í skál og þeytið saman.

Gljásteykið paprikuna í olíu á pönnu í nokkrar mínútur, bætið þá sveppunum út í, loks spínati og mörðum hvítlauk.

Blandið grænmetinu saman við eggjæruruna, hellið í múffuform og bakið í ofni við 175 gráður í fimmtán mínútur. Látið kólna á grind og svo sett í frysti í loftþéttum umbúðum.

**Uppskrift fengin af [www.show-metheyummy.com](http://www.show-metheyummy.com).**



„Ég er gamli karlinn í hópnum,“ segir Árni Sveins kvikmyndagerðarmaður en hann blæs til flóamarkaðar á Kaffibarnum ásamt Helga Snæ Jónassyni Kjeld, Kristínu Johnsen, Gná Jónsdóttur og Wiolu Önnu milli klukkan 16 og 20 í dag. MYND/GVA



Sérstök dagskrá verður í níu sundlaugum á höfuðborgarsvæðinu.

## SYNT Í MYRKRI OG SKÍÐAÐ Í BIRTU

Í kvöld er kjörið tækifæri að skella sér í sund og upplifa magnaða stund í lauginni þar sem ljós, myrkur og gleði verður allsráðandi. Á morgun er síðan hægt að skemmta sér á skíðum í Bláfjöllum þar sem snjó og birtu verður fagnað.

Í tilefni Vetrarhátíðar verður sérstök dagskrá í níu sundlaugum á höfuðborgarsvæðinu. Á meðal þess sem hægt er að velja um er jóga, dans, samflot, kajaksinglingar í sundi, sundpóló, sundlaugadiskó, Improv Ísland og tónleikar

með Jóni Jónssyni. Sundlaugarnar sem um er að ræða eru Álftaneslaug, Árbæjarlaug, Ásvallalaug, Klébergslaug, Lágafellslaug, Laugardalslaug, Salalaug í Versölum, Sundlaug Kópavogs og Seltjarnarneslaug. Á milli kl. 18 og 23 er aðgangur í þessar laugar ókeypis.

Á morgun verður síðan snjófögnuður í Bláfjöllum þar sem snjó og birtu verður fagnað á lokadegi Vetrarhátíðar. Frítt er fyrir 16 ára og yngri í fjallið og 20% afsláttur af skíðaleigu, auk þess sem tilboð verða á veitingum í veitingasölu.

## GAMLI KARLINN OG KRAKKARNIR MEÐ MARKAÐ

Fatnaður, nýr sem vintage, fyrir stráka og stelpur, vínill og list er meðal þess sem finna má á flóamarkaði á Kaffibarnum í dag. **Árni Sveinsson** kvikmyndagerðarmaður er einn þeirra sem selja út úr skápunum hjá sér á barnum.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**  
heida@365.is



„Við rottuðum okkur saman nokkrir krakkar hér í hverfinu og leggjum undir okkur Kaffibarninn í dag. Hann er að verða einn af fáum stöðum í miðbænum sem eru að gera skemmtilega hluti fyrir kúnnahópinn sinn,“ segir Árni Sveinsson kvikmyndagerðarmaður, sem stendur fyrir flóamarkaði á Kaffibarnum ásamt Helga Snæ Jónassyni Kjeld, Kristínu Johnsen, Gná Jónsdóttur og Wiolu Önnu. „Ég er gamli karlinn í hópnum,“ segir hann.

„Stelpurnar ætla að koma sér fyrir á efri hæðinni og við strákarnir verðum niðri. Við erum með þyngra stöff, dekk, loftpressur og verkfæri en þær verða með fót og húsmuni,“ segir Árni, en er svo bara að grínast. Strákarnir munu einnig selja úr fataskápunum sínum, hljómplötur og diska. Hann á von á góðri stemmingu.

„Það verður spilið einhver tónlist og boðið upp á góð tilboð á mat og fleiru. Það verður ýmislegt í boði þarna á barnum annað en áfengi, það er alveg hægt að

Það verður spilið einhver tónlist og boðið upp á góð tilboð á mat og fleiru. Það verður ýmislegt í boði þarna á barnum annað en áfengi, það er alveg hægt að koma með krakkana.

Árni Sveins

koma með krakkana. Við hugsuðum reyndar ekki fyrir neinum hressum skemmtiatriðum.“

Hvernig eyðirðu helgunum yfirleitt? „Það fer nú bara eftir því hvað er í gangi, fer í sund, fæ mér ís. Djammíð er alveg dautt. Það er mun skemmtilegra að fara eitthvað í eftirmiðdaginn og vera þá kominn heim á skikkanlegum tíma,“ segir Árni. Það sé notalegra að skemmta sér heima í góðra vina hópi. „Maður hefur alveg reynt að kíkja eitthvað út mjög seint og manni bara líst ekki á blikuna. Kannski er það bara aldurrinn,“ segir hann, helg-

arnar snúist að miklu leyti um að finna afþreyingu fyrir einkadótturina.

„Hún er orðin 9 ára svo róluvallahangsi er lokið, nú verður maður bara að vera hress og finna eitthvað skemmtilegt að gera, sem er reyndar hægara sagt en gert í þessari borg. Þegar maður er búinn með Húsdýragarðinn hvað er þá eftir, bókasöfnin? Það vantar meira fjör. Hnignunin er reyndar allstaðar ef út í það er farið,“ segir hann glottandi. „Ég fór á Holtið um daginn og barþjónninn kunnir ekki að blanda drykk! Þetta er ekki bara í heilbrigðiskerfinu. En ég ætla ekkert að vera svart-sýnn.“

Þegar Árni er ekki að leita uppi skemmtilegheit um helgar er hann á kafi í kvikmyndagerð. Heimildarmynd um hina nýhættu hljómsveit Retro Stefson er væntanleg á næstu vikum.

„Við tókum upp lokatónleika Retro Stefson og ýmislegt fleira í kringum það. Sú mynd kemur vonandi út í mars. Svo eru ýmis fleiri spennandi verkefni í vinnslu.“

**Flóamarkaðurinn hefst á Kaffibarnum klukkan 16 og stendur til klukkan 20.**

ÚTSÖLU-  
sprengja  
50-70%  
afsláttur

Síðasta útsöluvika

Vetryfirhafnir - Sparidress - Peysur - Blússur - Bolir



## Fjallsárlón ehf. - Starfsmenn

Sigt er með ferðamenn um Fjallsárlón í Öræfum. Siglarar, fólk í afgreiðslustörf og fólk í veitingasal óskast. Purfum veitingastarfsfólk sem fyrst en annars er um að ræða sumarstörf (áframhaldandi ráðning möguleg). Gisting í boði. Umsókn skal send á info@fjallsarlon.is. S: 6668006.



## Frumherji leitar eftir starfsmanni til sumarafleysinga á Prófunarstofu.

Í boði er fjölbreytt starf hjá traustu fyrirtæki með góðan starfsanda.

Starfið fellst í prófun á vogum og dælum vegna löggildingar þeirra. Viðskiptavinir eru heimsóttir víða um land, aðallega þó á suðvesturhorni landsins. Starfsmaður mun hljóta góða þjálfun í prófun tækja í upphafi starfs.

### Hæfniskröfur

- Vél- eða rafvirkjamenntun eða önnur iðnmenntun er kostur eða sambærileg tæknimenntun.
- Ökubrú er skilyrði, meirapróf er kostur.
- Rík þjónustulund og jákvæðni í starfi.
- Nákvæmni í vinnubrögðum og sjálfstæði í starfi.

### Umsóknir

Hægt er að sækja um á heimasíðu Frumherja hf. Einnig er hægt að senda umsóknir á Hallgrím Hallgrímsson tæknistjóra Prófunarstofu, hallgrimur@frumherji.is sem veitir frekari upplýsingar um starfið í síma: 570 9264.


### Umsóknarfrestur er til 15.02 2017

Öllum umsóknum verður svarað og þær meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Frumherji hf. var stofnað árið 1997 og starfar fyrirtækisíð við ýmiskonar skoðanir og prófanir ásamt annarri tengdri þjónustu. Frumherji starfar nú á átta mismunandi sviðum á um 30 stöðum á landinu og eru flest starfssvið fyrirtækisins rekin samkvæmt viðurkenndum gæðastöðlum.

Frumherji hf. | Parabakki 3 | 109 Reykjavík | www.frumherji.is

Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar á Íslandi. Hlutverk hennar er að vinna hlutlægar hagskýrslur, hafa forystu um samþæfingu hagtalna, stunda rannsóknir og stuðla þannig að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum.



Hagstofa Íslands

Borgartúni 21a · 105 Reykjavík  
Sími: 528 1000 · Bréfasími: 528 1099  
www.hagstofa.is

# Hagstofa Íslands

Óskar eftir að ráða metnaðarfullan og áhugasaman starfsmann

## Sérfræðingur við launarannsókn Hagstofunnar

Hagstofan óskar eftir að ráða metnaðarfullan starfsmann til starfa við launarannsókn Hagstofu Íslands. Um er að ræða kröfjandi starf við rekstur á launarannsókn, greiningu gagna og samstarf við fyrirtæki.

Launarannsókn Hagstofunnar er stærsta launarannsókn sem framkvæmd er á Íslandi og er gagna aflað beint úr hugbúnaðarkerfum fyrirtækja, sveitarfélaga og opinberra stofnana. Rannsóknin er grundvöllur opinberrar launatölfræði og gefur mikilvægar upplýsingar um laun og launaþróun í íslensku samfélagi.

### HÆFNISKRÖFUR

- Háskólapróf í viðskiptafræði, verkfræði eða önnur sambærileg menntun sem nýttist í starfi
- Framúrskarandi samskiptahæfni og þjónustulund
- Mikil greiningarhæfni
- Sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð
- Góð tölvufærni
- Þekking á launum og kjarasamningum er æskileg
- Reynsla af gagnagrunnsvinnslu er kostur

Um er að ræða fullt starf og æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til og með 13. febrúar 2017 og skulu umsóknir berast til: Starfsumsókn, Borgartúni 21a, 150 Reykjavík eða rafrænt á netfangið starfsumsokn@hagstofa.is.

Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Nánari upplýsingar um starfið veita Ólafur Arnar Þórðarson og Margrét Kristín Indriðadóttir í síma 5281000.

Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar á Íslandi. Hlutverk Hagstofunnar er að vinna hlutlægar hagskýrslur, hafa forystu um samþæfingu hagtalna, stunda rannsóknir og stuðla þannig að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum.

Nánari upplýsingar má finna á [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is)

Hagsýni

Liðsheild

Heilindi

nordural.is



## SPENNANDI SUMARSTÖRF

Við leitum að metnaðarfullu og skemmtilegu fólki í fjölbreytt og eftirsótt sumarstörf í álverinu á Grundartanga. Í boði er dagvinna og vaktavinna við framleiðslu, raf- og vélvirkjun og fleira. Öll störfin henta jafnt körlum og konum.

Norðurál leggur áherslu á heilsusamlegt, öruggt og ánægjulegt starfsumhverfi og góðan starfsanda.

### HÆFNISKRÖFUR:

- 18 ára og eldri
- Öryggisvitund, heiðarleiki og stundvísi
- Góð samskiptahæfni
- Dugnaður og sjálfstæði
- Bílpróf er skilyrði
- Verkfræðinemar, iðnnemar og iðnaðarmenn eru sérstaklega hvattir til að sækja um

Árangurstengd laun sumarfólks við framleiðslu eru um 525.000 krónur á mánuði fyrir fullt starf. Starfsfólki bjóðast ferðir frá Akranesi, Borgarnesi og af höfuðborgarsvæðinu. Umsóknum skal skilað inn rafrænt á [www.nordural.is](http://www.nordural.is) fyrir 12. febrúar 2017.

Nánari upplýsingar veitir Helga Björg Hafþórsdóttir í síma 430 1000. Öllum umsóknum verður svarað og trúnaði heitið.

## Hugbúnaðargerð – mikil tækifæri

Óskum eftir að komast í samband við háskólamenntaða hugbúnaðarsérfræðinga sem hafa náð góðum árangri í starfi og langar í nýjar áskoranir.

**Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.**

Sjá nánari upplýsingar á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is)

# intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

[www.intellecta.is](http://www.intellecta.is)

Elkem Ísland

## Tæknimaður á rafmagnssviði



Elkem Ísland óskar eftir að ráða tæknimann á rafmagnssviði til að sinna fjölbreyttum störfum í tæknideild fyrirtækisins.

Umsóknarfrestur

**19. febrúar**

Starfssvið

- Verkefnastjórnun tengd háspennu- og/eða lágspennubúnaði fyrirtækisins.
- Undirbúningur og skipulag viðhalds- og fjárfestingarverkefna.
- Bilanagreining og tæknileg aðstoð við iðnaðarmenn.
- Samstarf við framleiðsludeildir.

Upplýsingar og umsókn

**[capacent.is/s/4495](http://capacent.is/s/4495)**

Menntunar- og hæfniskröfur

- Rafmagnstæknifræði eða verkfræði.
- Frumkvæði, metnaður og jákvætt viðhorf.
- Gott skipulag og öguð vinnubrögð.
- Öryggisvitund.
- Reynsla af vinnu við stóriðju æskileg.
- Þekking á iðntölvum og tengdum búnaði er kostur.
- Reynsla af vinnu við háspennubúnað er kostur.
- Góð íslensku og enskukunnátta.
- Kunnátta í norðurlandamáli er kostur.

Elkem Ísland kappkostar að starfa í viðtækri sátt við starfsfólk sitt, viðskiptavinum, íslenskt samfélag og lífríki náttúrunnar. Með öryggi, fagmennsku og heiðarleika að leiðarljósi leggjum við okkar af mörkum til framleiðslu á hágæða kísilmálmi. Elkem Ísland er hluti af Elkem A/S samsteypunni sem hefur í meira en hundrað ár verið frumkvöðull í tækniþróun í kísilbúnaði og haft frumkvæði að þróun margvíslegra lausna á sviði umhverfismála.

Elkem Ísland starfar samkvæmt vottaðri gæða- og umhverfisstjórnun.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Rio Tinto

## Upplýsingafulltrúi

Rio Tinto á Íslandi hf. leitar að kraftmiklum einstaklingi í starf upplýsingafulltrúa. Um er að ræða spennandi og fjölbreytt starf í alþjóðlegu starfsumhverfi.

Upplýsingafulltrúi ber ábyrgð á samskiptamálum, sjálfbærri þróun og samfélagslegri ábyrgð. Viðkomandi starfar mjög náið með forstjóra og framkvæmdastjórn þó starfið heyri undir yfirmann samskipta og samfélagsmála hjá Rio Tinto í Evrópu.

Umsóknarfrestur

**15. febrúar**

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Stefnumótun í samskipta- og kynningarmálum.
- Skipulag almannatengsla og samskipta við fjölmiðla.
- Umsjón með innri og ytri upplýsingamiðlun.
- Ábyrgð á samhæfingu kynningar-, samskipta- og upplýsingamála.
- Samskipta við hagsmunaaðila.
- Móttaka gesta og skipulag atburða.
- Erlend samskipta.
- Gerð kynningaráætla og eftirfylgni þeirra.
- Stefnumótun í sjálfbærri þróun og samfélagslegri ábyrgð.

Upplýsingar og umsókn

**[capacent.is/s/4489](http://capacent.is/s/4489)**

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf er nýtist í starfi.
- Reynsla af sambærilegum störfum.
- Framúrskarandi íslensku- og enskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Mjög góðir samskiptahæfileikar.
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Reynsla eða þekking af starfi fjölmiðla æskileg.
- Þekking og reynsla af almannatengslum kostur.
- Áhugi á íslensku samfélagi og þekking af þjóðfélagsmálum.

## Rio Tinto

Rio Tinto á Íslandi hf. er þekkingarfyrirtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvísst fræðslustarf, frammistöðuhvetjandi starfsumhverfi og gott upplýsingaflæði ásamt tækifærum til starfsþróunar

Við setjum umhverfis-, öryggis-, og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferlum og vinnuaðferðum. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir viðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

**Ef þú ert með rétta starfið  
— erum við með réttu manneskjuna**

capacent

[www.capacent.is](http://www.capacent.is)



# Framkvæmdastjóri



Nefnd sem kjörin var á Alþingi 22. desember 2016 til þess að undirbúa viðburði, verkefni og hátíðarhöld allt árið 2018, þegar „öld er liðin frá því að íslenskt ríki, sjálfstætt, frjálst og fullvalda var á ný stofnað með sambandslögunum 1918“, auglýsir eftir framkvæmdastjóra.

Um tímabundna ráðningu er að ræða. Upphaf ráðningar er samkvæmt samkomulagi, en æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eftir að ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Gert er ráð fyrir að framkvæmdastjórinn verði í fullu starfi á ráðningartímanum sem lýkur 31. desember 2018.

Umsóknarfrestur  
**20. febrúar**

## Helstu verkefni

- Dagleg umsjón með verkefnum afmælisnefndar í samræmi við þingsályktun Alþingis.
- Mótun á dagskrá og viðburðum allt árið 2018.
- Umsjón með samningum á vegum nefndarinnar.
- Samskipti við samstarfsaðila, stofnanir, fjölmiðla og almenning.
- Annast kynningarmál og upplýsingagjöf.

Upplýsingar og umsókn  
**capacent.is/s/4477**

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af stjórnun svo sem reynsla af viðburðarstjórnun eða verkefnastjórnun.
- Reynsla og þekking af áætlanagerð og eftirfylgni.
- Reynsla af samningagerð.
- Afburðagóðir samskiptahæfileikar.
- Frumkvæði og metnaður í starfi.
- Skipulagshæfileikar og öguð vinnubrögð.
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti og önnur tungumálakunnátta.

Ályktun Alþingis um hvernig minnst skuli aldarafmælis sjálfstæðis og fullveldis Íslands var samþykkt 13. október 2016.

Ályktunina er að finna á vef Alþingis, slóðin er <http://www.althingi.is/alttext/145/s/1828.html>.

Þá má einnig finna greinargerð með tillöggunni á slóðinni <http://www.althingi.is/alttext/145/s/1828.html>

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

# Framkvæmdastjóri BHM



Bandalag háskólamanna (BHM) óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra til starfa. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf sem reynir á frumkvæði og úthald í skemmtilegum verkefnum. BHM er heildarsamtök háskólamenntaðra á vinnumarkaði og gegna lykilhlutverki í hagsmunagæslu fyrir starfsstéttir háskólamenntaðra hér á landi.

Framkvæmdastjóri og formaður BHM vinna náið saman að markmiðum bandalagsins og bera ábyrgð á að starfsemi þess sé í samræmi við lög BHM. Nýs framkvæmdastjóra bíða áhugaverð og ögrandi verkefni við að efla starf BHM.

Umsóknarfrestur  
**14. febrúar**

## Starfssvið

- Ber ábyrgð á starfsemi bandalagsins gagnvart stjórn BHM.
- Fylgir eftir ákvörðunum stjórnar, formannaráðs og nefnda BHM.
- Ber ábyrgð á rekstri BHM, þriggja sjóða BHM og mannauðsmálum.
- Samskipti og samstarf við aðildarfélög, sjóði BHM og utanaðkomandi aðila.
- Tryggir þjónustustig gagnvart aðildarfélögum BHM.
- Stuðlar að ýmsum umbótaverkefnum.
- Situr í ýmsum nefndum og ráðum samkvæmt ákvörðun stjórnar BHM.
- Samskipti við aðila vinnumarkaðarins í samráði við formann.

Upplýsingar og umsókn  
**capacent.is/s/4490**

## Hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Þekking á eða reynsla af vinnumarkaðsmálum.
- Þekking á starfsemi félagasamtaka er kostur.
- Leiðtogaþæfni og geta til að vinna í hópi.
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og metnaður.
- Góð íslenskukunnátta í ræðu og riti áskilin.
- Góð enskukunnátta nauðsynleg og þekking á einu Norðurlandamáli er kostur.

Bandalag háskólamanna (BHM) er heildarsamtök háskólamenntaðra á íslenskum vinnumarkaði, stofnað 23. október 1958. Innan vébanda þess starfa 27 aðildarfélög sem í eru rúmlega 12.000 félagsmenn. Hlutverk BHM er m.a. að semja um sameiginleg hagsmuna- og réttindamál félagsmanna samkvæmt umboði, vera aðildarfélögum til fulltingis við gerð kjarasamninga og standa vörð um hagsmuni félagsmanna gagnvart stjórnvöldum og löggjafarvaldi.

BHM er vinnustaður þar sem jafnrétti er haft að leiðarljósi.

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Við finnum rétta einstaklinginn í starfið

capacent

[www.capacent.is](http://www.capacent.is)



Sjálfsbjargarheimilið er hjúkrunar- og endurhæfingarstofnun ætluð fötluðu fólki. Starfsemin fer fram í Sjálfsbjargarhúsinu við Hátún 12 í Reykjavík. Starfsmenn eru um 75 talsins. Sjá nánar á sbh.is

Sjálfsbjargarheimilið á því láni að fagna að hafa á að skipa góðum starfsmannahópi. Lögð er áhersla á að koma til móts við starfsmenn eins og hægt er, hvort sem það varðar öflun viðbótarmenntunar eða aðstæður í einkalífi svo dæmi séu tekin. Við höfum verið svo lánsöm að hljóta útnefninguna fyrirmyndarstofnun fjórum sinnum og árið 2014 var Sjálfsbjargarheimilið Stofnun ársins í vali SFR – stéttarfélags í almannajónustu.



## Skrifstofustjóri

Sjálfsbjargarheimilið óskar eftir að ráða skrifstofustjóra til starfa. Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi til að sinna krefjandi verkefnum á góðum vinnustað. Um er að ræða 80% starf.

### Starfssvið:

- Daglegur rekstur og stjórnun skrifstofu
- Yfirumsjón og ábyrgð á bókhaldi og uppgjörum
- Gerð rekstraráætlunar og eftirfylgni
- Þátttaka í markmiðssetningu
- Yfirumsjón og vinnsla launa
- Umsjón með tækni- og tölvubúnaði

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í viðskiptafræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Frumkvæði og faglegur metnaður
- Færni í mannlegum samskiptum, þjónustulund og jákvætt viðmót
- Reynsla af rekstri, stjórnun og áætlanagerð
- Reynsla af bókhaldi, uppgjörum og kjarasamningum
- Mjög góð færni í íslensku og ensku, bæði í töluðu og rituðu máli



### Upplýsingar veitir:

**Þórir Þorvarðarson**

thorir@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)**

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið.

Fatlaðir eru hvattir til að sækja um starfið.


**Umsóknarfrestur er til og með 19. febrúar nk.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



Íbúðalánasjóður starfar skv. lögum nr. 44/1998, um húsnæðismál og ber ábyrgð á framkvæmd húsnæðisstefnu stjórnvalda. Hlutverk Íbúðalánasjóðs er að þjóna íslensku samfélagi með veitingu stofnframlaga, lána og greiningum á húsnæðismarkaði til þess að stuðla að stöðugleika og auka möguleika almennings á að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.

Starfsmannastefna Íbúðalánasjóðs tekur mið af jafnréttisáætlun.



## Sjóðsstjóri

Íbúðalánasjóður er með efnahagsreikning sem nemur ríflega 800 milljörðum. Afkoma rekstrar Íbúðalánasjóðs ræðst annars vegar af rekstri útlánasafnsins og fjárfestingu lausafjár utan lánasafns hins vegar. Íbúðalánasjóður ásamt viðskiptaböndkunum þremur fellur undir skilgreiningu FME sem kerfisleg, mikilvæg stofnun og þarf að uppfylla sömu kröfur og önnur fjármálafyrirtæki gagnvart FME hvað varðar lánastarfsemi, eignastýringu, áhættustýringu, innri endurskoðun og regluvörslu.

Íbúðalánasjóður óskar eftir að ráða sjóðsstjóra til að stýra skuldabréfasafni sjóðsins. Leitað er að öflugum einstaklingi sem er með reynslu af störfum í eignastýringu og er tilbúinn að takast á við krefjandi verkefni í breytilegu umhverfi.

### Starfssvið

- Ábyrgð á stýringu skuldabréfasafns sjóðsins
- Greining markaða og fjárfestingarkosta
- Arðsemis- og áhættumat
- Uppbygging og utanumhald verðbréfasafna
- Fjárfestingar og eftirfylgni þeirra
- Upplýsingagjöf, greining og skýrslugjöf
- Önnur tilfallandi verkefni

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi s.s. á sviði viðskiptafræði, verkfræði og hagfræði eða sambærileg menntun
- Haldgóð reynsla af störfum á fjármálamarkaði a.m.k. 3ja ára reynsla
- Próf í verðbréfamiðlun er kostur
- Reynsla af skuldabréfastýringu
- Reynsla af gerð verðmatslíkana er kostur
- Frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum



### Upplýsingar veitir:

**Sverrir Briem**

sverrir@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)**


**Umsóknarfrestur er til og með 20. febrúar nk.**

Um fullt starf er að ræða. Starfskjör eru í samræmi við kjarasamning ríkisins og viðkomandi stéttarfélags. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700



**Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi**  
[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)



ION Adventure Hotel opnaði þann 1. febrúar 2013. Hótelid er í einni mestu náttúruverlu landsins og aðeins í um hálf tíma fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu. Umhverfisvænar lausnir og hugvitsamleg nýting á náttúrulegum efnum eru grundvallarþættir í hönnun og byggingu hótelsins. Gestir upplifa sterka tengingu við náttúruna, orkuna á svæðinu og tærleikann í umhverfinu.

ION Hotel ehf er vaxandi fyrirtæki sem starfar í áhugaverðu alþjóðlegu umhverfi. ION hótelin eru meðlimir í Design Hotel keðjunni ásamt því að vera fyrstu hótelin á Íslandi sem bjóða gestum upp á Starwood vildarkerfi.

## Spennandi störf hjá ION Hotels

Við erum að stækka! Í febrúar 2017 fögnum við 4 ára afmæli ION Adventure Hotel á Nesjavöllum en um leið ætlum við að opna nýtt hótél, ION City, 18 herbergja boutique hótél staðsett á Laugavegi 28 í Reykjavík. Bæði hótelin eru meðlimir í Design Hotels keðjunni en glæsileg hönnun, vönduð húsgögn og þægindi einkenna bæði hótelin.

### Yfirperna – Head of housekeeping

ION Hotel óska eftir að ráða ábyrga og þjónustulundaða yfirpernu. Vinnutími er frá 8-16 alla virka daga.

#### Helstu verkefni:

- Ábyrgð á daglegum þrifum hótelsins
- Ábyrgð á mönnun og umsjón með vaktaskipulagi
- Umsjón með innkaupum vegna þrifa
- Umsjón með þvottahúsi
- Önnur tilfallandi verkefni og stuðningur við starfsmenn á álagstímum

#### Hæfniskröfur:

- Reynsla af sambærilegu starfi
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og gott skipulag
- Rík þjónustulund og jákvætt viðmót

### Þernur – Housekeeping

ION Hotel óska eftir að ráða ábyrgar og þjónustulundaðar þernur. Unnið er á 8 tíma vöktum.

#### Helstu verkefni:

- Þrif á herbergjum og búa um rúm
- Þrif á göngum, anddyri og annarri aðstöðu sem hótelgestir nýta
- Sjá til þess að aðkoman að hótelinu séu ávallt snyrtileg
- Aðstoð í þvottahúsi og önnu tilfallandi verkefni

#### Hæfniskröfur:

- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg
- Frumkvæði og gott skipulag
- Rík þjónustulund og jákvætt viðmót

### Vaktstjóri í móttöku – Shift manager

Við óskum eftir að ráða metnaðarfullan einstakling, sem hefur brennandi áhuga á fólki, til að sinna starfi vaktstjóra. Unnið er á 12 tíma vöktum.

#### Helstu verkefni:

- Ber ábyrgð á móttöku og hefur yfirsýn yfir verkefni dagsins
- Innskráning/útskráning gesta og reikningagerð
- Þjálfing og aðstoða aðra starfsmenn í móttöku
- Aðstoða gesti hótelsins við að pantar ferðir og taka niður pantanir í heilsulind og á veitingastað hótelsins
- Svvara daglegum tölvupóstum og símtölum
- Önnur verkefni í samráði við aðstoðarhótelstjóra

#### Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi
- Þekking og skilningur á alþjóðlegum bókunarsíðum
- Þekking og reynsla af starfsmannastjórnun
- Fágúð framkoma og jákvætt viðmót
- Sýna frumkvæði og vera lausnamiðaður í starfi
- Almenn þekking á Excel, Word og Powerpoint
- Þekking og reynsla af Navision er æskileg

### Næturverðir í móttöku – Night receptionists

Við óskum eftir að ráða ábyrga og þjónustulundaða næturverði í móttöku. Hlutverk þeirra er að veita gestum hótelsins framúrskarandi þjónustu og aðstoða þá á alla mögulega máta. Unnið er á 12 tíma vöktum.

#### Helstu verkefni:

- Móttaka og innskráning viðskiptavina
- Upplýsingagjöf til viðskiptavina
- Útskráning viðskiptavina og umsjón með greiðsluuppgjöri
- Almenn símsvör, upplýsingagjöf og bókanir
- Fara með léttar veitingar til hótelgesta þegar þess er óskað
- Önnur tilfallandi verkefni

#### Hæfniskröfur:

- Reynsla af sambærilegu starfi kostur
- Góð þekking á helstu kennileitum og veitingastöðum í Reykjavík
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Rík þjónustulund og jákvætt viðmót
- Mjög góð enskukunnátta í ræðu og riti
- Góð tölvuþekking

### Almenn umsókn – ION Hotels

Hefur þú áhuga á að bætast í hópinn? / Interested in joining our team?



Upplýsingar veitir: Elísabet Sverrisdóttir - elisabet@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á [hagvangur.is](http://hagvangur.is)

Umsóknarfrestur er til og með 13. febrúar nk.

# RÁÐGJAFI Í STRAUMLÍNUSTJÓRNUN

Vegna aukinna verkefna óskar Expectus eftir að fá til starfa ráðgjafa í straumlínustjórnun (Lean management).

Hjá Expectus starfar öflugur hópur reynslumikilla ráðgjafa sem hafa langa og fjölbreytta reynslu úr atvinnulífinu og hafa sem ráðgjafar tileinkað sér framsæknustu aðferðir okkar tíma. Verkefni ráðgjafa í straumlínustjórnun fela í sér að greina með starfsfólki fyrirtækja og stofnana, aðgerðir og ferli út frá aðferðafræði Lean og aðstoða við að innleiða umbætur.

## MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólamenntun á framhaldsstigi
- Stjórnunarreynsla
- Afburða greiningarhæfni
- Góð þekking á aðferðafræði straumlínustjórnunar og reynsla af árangursríkri innleiðingu hennar
- Drifkraftur og einlægur áhugi á umbótum
- Sannfæring, einstök samskiptahæfni og lausnamiðuð hugsun
- Metnaður, heiðarleiki, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum samhliða teymisvinnu
- Mjög gott vald á íslensku og ensku, bæði í rituðu og töluðu máli

Nánari upplýsingar um starfið veitir Agla Sigr. Björnsdóttir, [agla@radum.is](mailto:agla@radum.is).

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Ráðum [www.radum.is](http://www.radum.is).

# expectus

Expectus er ráðgjafafyrirtæki sem aðstoðar fyrirtæki og stofnanir við að nýta þekkingu og upplýsingatækni til að auka hæfni, móta stefnu og koma áherslum í framkvæmd og skila þannig mælanlegum árangri.

Gildi Expectus eru kraftur, heiðarleiki og samvinna.

Expectus var valið fyrirtæki ársins 2016 í hópi millistórra fyrirtækja hjá VR og vottað sem Framúrskarandi fyrirtæki 2016 af Creditinfo. Starfsmenn eru stoltir af þeim árangri sem er í samræmi við þá framtíðarsýn sem Expectus setti sér í upphafi, að vera fyrirynd annarra þekkingarfyrirtækja.

[www.expectus.is](http://www.expectus.is).

**ráðum**  
ráðningarstofa

Umsóknarfrestur er til og með 12. febrúar nk.

RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • [radum@radum.is](mailto:radum@radum.is)

**HEILBRIGÐISEFTIRLIT** Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis  
Garðatorg 5 • Pósthólf 329 • 212 Garðabær

## Sérfræðingar hjá Heilbrigðiseftirliti

Innan Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis eru Garðabær, Hafnarfjörður og Kópavogur. Íbúafjöldi á þjónustusvæðinu er um 80.000.

Heilbrigðiseftirlitið starfar samkvæmt lögum um matvæli, hollustuhætti og mengunarvarnir. Það hefur meðal annars eftirlit með framleiðslu, dreifingu og sölu matvæla, smásölu tóbaks, sinnir almennu hollustuhátta- og umhverfiseftirliti og fylgist með framkvæmd mengunarvarna.

Yfirstjórn stofnunarinnar er í höndum heilbrigðisnefndar sem valin er af eigendum hennar auk eins fulltrúa tilnefndum af Samtökum atvinnulífsins.

Heilbrigðisnefnd leggur áherslu á árangur og gæði í vinnubrögðum. Samstarf starfsmanna er þverfaglegt og liðsheidarhugsun höfð að leiðarljósi.

Nánari upplýsingar um eftirlitið má finna á síðunni [www.heilbrigdiseftirlit.is](http://www.heilbrigdiseftirlit.is).

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis óskar eftir að ráða sérfræðinga í tvö störf.

Megintilgangur starfanna er að stuðla að heilnæmum og öruggum lífsskilyrðum fyrir íbúa sem og að vernda þau gildi sem felast í heilnæmi matvæla og ömenguðu umhverfi.

Annars vegar er staða sérfræðings í verkefnum er varða matvæli og hollustuhætti (MH). Áhersla í starfinu er að tryggja gæði og öryggi neysluvatns og matvæla ásamt góðum hollustuháttum.

Hins vegar er staða sérfræðings í umhverfismálum og mengunarvörnum (UM). Áhersla í starfinu er að tryggja öryggi og lágmarka mengun á eftirlitsstöðum og í nærumhverfi þeirra.

### Helstu verkefni/kröfur vegna **UM**

- Almennt eftirlit með dýrahaldi
- Annast búnað, tæki og bifreiðar
- Aðstoð við mengunarvarnar- og hollustuverndareftirlit
- Framhaldsmenntun í iðnfræði, vélfræði eða önnur sambærileg menntun er kostur
- Starfsreynsla af sambærilegum verkefnum er kostur
- Hæfni til að skrá og varðveita gögn
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Gild ökuréttindi eru nauðsynleg
- Vilji til öflunar réttinda sem heilbrigðisfulltrúi

### Helstu verkefni/kröfur vegna **MH**

- Eftirlit með framkvæmd reglugerða
- Eftirlitsferðir, sýnatökur og skýrslugerðir
- Móttaka ábendinga og kvartana og úrvinnsla þeirra
- Ráðgjöf og aðstoð innan stofnunarinnar
- Háskólanám í greinum sem tengjast matvælaöryggi og heilbrigðiseftirliti auk sérnáms er æskilegt
- Reynsla af sambærilegum verkefnum er kostur
- Samstarfshæfni
- Gild ökuréttindi eru nauðsynleg
- Réttindi sem heilbrigðisfulltrúi eru æskileg

Nánari upplýsingar veita Ari Eyberg ([ari@intellecta.is](mailto:ari@intellecta.is)) og Bylgja Björk Pálsdóttir ([bylgja@intellecta.is](mailto:bylgja@intellecta.is)) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 20. febrúar 2017. Umsókn óskast fyllt út á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is) og þarf henni að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf.

**intellecta**  
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Intellecta Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225.



## Vilt þú hjálpa okkur að stýra frábærum hóp?

Ef svo er þá erum við að leita að öflugum **verslunarstjóra**. Verslunarstjóri er ábyrgur fyrir daglegum rekstri verslunarinnar sem og starfsmannahaldi. Hann hefur yfirumsjón með sölu og þjónustu.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Stúdentspróf eða önnur menntun sem nýtist í starfi.
- Starfsreynsla af sambærilegu er skilyrði.
- Frumkvæði, metnaður í starfi og fylginn sér til framkvæmda.
- Góð framkoma og rík þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð tölvukunnátta m.a. Navision

ILVA er falleg húsgagna- og gjafavöruverslun frá Danmörku. ILVA hefur fest sig í sessi á Íslandi og er orðin þekkt meðal landsmanna er varðar gæði, verðlagningu og þjónustu. Vöruúrvalið er einstakt og er verslunin rekin í 7000m<sup>2</sup> húsnæði á Korputorgi. Við setjum okkur stór markmið og stefnum hátt.

Við erum stolt af starfsfólkinu okkar sem og versluninni og viljum að starfsfólkið okkar sé stolt af okkur.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)  
 Upplýsingar veitir Rannveig J. Haraldsdóttir,  
[rannveig@hagvangur.is](mailto:rannveig@hagvangur.is)  
 Umsóknarfrestur er til og með 12. febrúar.

ILVA Korputorgi, Blikastaðavegi 2-8, 112 Reykjavík, s: 522 4500 [www.ILVA.is](http://www.ILVA.is)

# VEISTU HVAÐ ÞÚ VILT?

## TRYGGINGARÁÐGJAFI Á EINSTAKLINGSSVIÐI

Vörður leitar að öflugum og glöðum einstaklingi með ríka þjónustulund til að sinna starfi tryggingaráðgjafa í einstaklingsþjónustu. Starfið er bæði fjölbreytt og krefjandi í senn.

**STARFSSVIÐ**

- Vátryggingaráðgjöf
- Samskipti og þjónusta við viðskiptavini félagsins á einstaklingssviði
- Tilboðsgerð og sala til nýrra og núverandi viðskiptavina
- Þátttaka í verkefna- og starfshópum innan fyrirtækisins
- Önnur tilfallandi verkefni

**HÆFNISKRÖFUR**

- Grunnmenntun er nauðsynleg og framhaldsmenntun tengd viðskiptum eða þjónustu æskileg
- Reynsla af sölu- og þjónustustarfi er kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, þjónustulipurð og skipuleg vinnubrögð er skilyrði

**UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 17. FEBRÚAR 2017**

Nánari upplýsingar veita Linda Ingólfssdóttir, deildarstjóri einstaklingssviðs, [linda@vordur.is](mailto:linda@vordur.is) eða Harpa Víðisdóttir, mannauðsstjóri, [harpa@vordur.is](mailto:harpa@vordur.is)

Eingöngu er tekið við umsóknum á vef félagsins [vordur.is](http://vordur.is)

Vörður tryggingar er framsækið vátryggingafélag sem hefur vaxið hratt á undanförunum árum. Í dag starfa um 80 starfsmenn hjá félaginu. Vörður er áhugaverður vinnustaður fyrir fólk sem vill taka þátt í að móta frekari uppbyggingu og vöxt félagsins. Vörður hefur hlotið jafnlaunavottun VR en hjá félaginu er bæði jafnlauna- og jafnréttisstefna. Starfsánægja mælist há hjá Verði sem og ánægja viðskiptavina en Vörður fékk hæstu einkunn tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvuginni.

VIÐ VILJUM KYNNAST ÞÉR BETUR.

# Áhugaverð störf á góðum vinnustað



## Fagstjóri fjármáladeildar

**Samgöngustofa leitar að fagstjóra í fjármáladeild stofnunarinnar.** Við leitum að öflugum einstaklingi sem hefur metnað til að sinna krefjandi og fjölbreyttum verkefnum er snúa að fjármálum, s.s. ýmsum uppgjörum, áætlanagerð, úrvinnslu tölulegra upplýsinga, innra eftirliti o.fl. Nýr starfsmaður mun taka þátt í stefnumótun og innleiðingu nýrra verkefna og verklags og vinna náið með stjórnendum sviðsins. Starfshlutfall er 100%.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- B.Sc í viðskiptafræði eða sambærileg háskólamenntun
- Reynsla og þekking á Navision er kostur
- Mjög góð Excel-kunnátta er skilyrði
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Nákvæm og vönduð vinnubrögð
- Jákvæðni og vinsamlegt viðmót

## Bókari í fjármáladeild

**Samgöngustofa leitar að bókkara í fjármáladeild stofnunarinnar.** Við leitum að öflugum einstaklingi með góða reynslu í bókhaldi, afstemmingum og öðru sem snýr að bókhaldi og uppgjörsvinnu. Starfshlutfall er 100%.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Mjög góð reynsla og þekking á bókhaldi er skilyrði
- Góð kunnátta á Navision er skilyrði
- Góð færni í Excel og almenn tölvukunnátta
- Nákvæm og öguð vinnubrögð
- Gott viðmót og færni í mannlegum samskiptum

**Í boði eru spennandi störf hjá metnaðarfullri stofnun í alþjóðlegu umhverfi. Við bjóðum góða starfsaðstöðu og frábæra vinnufélaga.**

## Umsóknarfrestur er til 20. febrúar 2017

Hægt er að sækja um starfið rafrænt á [www.samgongustofa.is/storf](http://www.samgongustofa.is/storf)

Nánari upplýsingar veita **Dagný Jónsdóttir, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs, og Brynja Blomsterberg, deildarstjóri fjármáladeildar, í síma 480-6000.** Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í a.m.k. sex mánuði ef staða losnar á ný. Starfskjör eru í samræmi við kjarasamning ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.

Hjá Samgöngustofu starfa um 140 öflugir starfsmenn sem hlakka til þess að þú bætist í hópinn. Lagt er upp með jákvæðan og skemmtilegan starfsanda, frumkvæði og þátttöku, auk þess sem mótuneytið er frægt fyrir frábæran mat. Samgöngustofa er stjórnsýslustofnun samgöngumála sem annast eftirlit með flugi, siglingum og umferð. Á hverjum degi erum við að læra hvert af öðru og sinna viðskiptavinum af kostgæfni með það að markmiði að verða betri og betri.

**Upplýsingar** um Samgöngustofu má finna á vef stofnunarinnar, [www.samgongustofa.is](http://www.samgongustofa.is).

**Samgöngustofa**

samgongustofa.is | Ármúli 2 | 108 Reykjavík | Sími 480 6000

Faxaflóahafnir sf  
Associated  
Icelandic  
Ports

Reykjavík  
Grundartangi  
Akranes  
Borgarnes

## HÚSASMÍÐUR

**Faxaflóahafnir sf óska að ráða húsasmíð til starfa.**

Starfið felst í vinnu við ýmis viðhaldsverkefni á vegum hafnanna.

Starfsmaðurinn munu hafa starfsstöð í Bækistöð Faxaflóahafna að Fiskislóð 12 í Reykjavík.

**Allar nánari upplýsingar um starfið gefur  
Jón Guðmundsson í síma 5258951.**

## Verkefnastjóri í Þekkingarsetrinu Nýheimum á Höfn í Hornafirði

Óskað er eftir öflugum aðila í starf verkefnastjóra í Þekkingarsetrinu Nýheimum. Þekkingarsetrið er samfélag fjölmargra stofnana sem starfa undir merki Nýheima. Starfið er fjölbætt og heyrir undir forstöðumann og stjórn setursins.

Meginmarkmið Þekkingarsetursins Nýheima er að stuðla að auknu samstarfi einstaklinga, atvinnulífs, stofnana og opinberra aðila með sérstaka áherslu á samþættingu menningar, menntunar, nýsköpunar og rannsókna.

### Helstu ábyrgðarsvið:

- Umsjón með stærri og smærri verkefnum
- Undirbúningur, skipulagning, áætlanagerð og eftirfylgni verkefna í samræmi við stefnu setursins
- Verkefnavinna, þjónusta og samskipti við samstarfsaðila, samstarfsfólk og hagsmunaaðila.
- Hafa frumkvæði að þróun og mótun verkefna og rannsókna, svo sem leit að samstarfsaðilum, styrkjaskókn og styrkumsóknagerð.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýttist í starfi
- Góð samskiptahæfni
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Leiðtogahæfileikar
- Gott vald á mæltu og rituðu máli, bæði á íslensku og ensku

Búseta í Sveitarfélaginu Hornafirði er skilyrði fyrir ráðningu.

Upplýsingar um starfið veitir Hugu Harpa Reynisdóttir forstöðumaður Þekkingarsetursins í síma: 892 3757.

Umsóknir skulu merktar „**Þekkingarsetur Nýheima**“ og berast á rafrænu formi á netfangið: [hugrunharpa@nyheimar.is](mailto:hugrunharpa@nyheimar.is).

Með umsókn skal fylgja kynnisbréf auk ferilskrár með yfirliti yfir námsferil og fyrri störf. Afrit prófskríteina þarf að fylgja umsókn. **Umsóknarfrestur er til og með 17. febrúar næstkomandi** og gert er ráð fyrir að umsækjandi geti hafið störf 1. mars eða eftir samkomulagi.

Öllum umsóknum verður svarað.


**NÝHEIMAR**  
ÞEKINGARSETUR

**ráðum**  
ráðningarstofa

**Þarftu að ráða starfsmann?**

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.

Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.



Menntaverðlaun atvinnulífsins  
**MENNTAFYRIRTÆKI**  
ÁRSINS



Alcoa hefur verið leiðandi í áliðnaði frá því að fyrirtækið var stofnað árið 1888 og álver Fjarðaáls við Reyðarfjörð er meðal þeirra fullkomnustu í heiminum. Öryggi er í fyrirrúmi og mikið er lagt upp úr góðum aðbúnaði starfsmanna, öflugum félagsstarfi og stuðningi við samfélagið.

## Spennandi sumarstörf hjá traustu fyrirtæki

**Alcoa Fjarðaál leitar að góðu fólki til sumarafleysinga í álverinu við Reyðarfjörð.**

Um er að ræða framleiðslustörf á þrískiptum átta tíma vöktum í kerskála, skautsmiðju og steypuskála Fjarðaáls. Sumarstarfsmenn þurfa að geta unnið samfellt í að minnsta kosti tvo og hálfan mánuð. Umsækjendur verða að hafa náð 18 ára aldri, hafa gild ökuréttindi og hreint sakavottorð.

### Almennar hæfniskröfur

- Sterk öryggisvitund og árvekni.
- Dugnaður og vilji til að takast á við krefjandi verkefni.
- Heiðarleiki og stundvísi.
- Lipurð í samskiptum og vilji til að vinna í hóp.

Umsóknarfrestur er til og með mánudeginum **20. febrúar**. Áhugasamir eru hvattir til að sækja um sem fyrst. Umsóknir eru trúnaðarmál og er þeim öllum svarað.

**Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störf.** Frekari upplýsingar veitir Valgerður Vilhelmsdóttir, [valgerdur.vilhelmsdottir@alcoa.com](mailto:valgerdur.vilhelmsdottir@alcoa.com) eða í síma **470 7700**. Skriflegum umsóknum skal skilað á [www.alcoa.is](http://www.alcoa.is).

**Fjarðaál**  
alcoa.is





**HÚSASMIÐJAN**  
HLUTI AF BYGMA

# HÚSASMIÐJAN LEITAR AÐ ÖFLUGUM LIÐSMANNI

**Húsasmiðjan vill ráða starfsmann í timburafgreiðslu fyrirtækisins í Reykjanesbæ**

Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að hefja störf sem fyrst

**Ábyrgðarsvið**

- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum
- Tilboðsgerð og leiðbeiningar við almennar byggingaframkvæmdir
- Önnur tilfallandi störf

**Hæfniskröfur**

- Mjög góð alhliða þekking á timbri og öðru byggingaefni
- Lyftararéttindi kostur
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Samskiptahæfni
- Íslenskukunnátta (tala og skrifa)
- Æskilegur aldur 20 +

Húsasmiðjan leggur metnað sinn í að veita fyrsta flokks þjónustu og hafa gott aðgengi að vörum sínum og starfsfólki. Það sem einkennir starfsmenn Húsasmiðjunnar eru eftirfarandi gildi:

**Metnaður**  
Þjónustulund  
Sérþekking

**Umsóknir berist fyrir 10. febrúar n.k.**  
Til: Einars  
Ragnarssonar,  
einarr@husa.is

**Byggjum á betra verði**



**Emmessís ehf. leitar að:**

- **Bílstjóra með meirapróf**

Með góða þjónustulund við sölu og dreifingu á vörum fyrirtækisins. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir sendist á [ragnar@emmessis.is](mailto:ragnar@emmessis.is).  
Umsóknarfrestur er til **10. janúar 2017**.



**MARTA JÓNSSON**

**Verslunin Marta Jónsson óskar eftir starfskrafti í 50% starf og svo helgarstarfsmann.**

Vinnutími fyrir 50% starf er 14-18 og önnur hver helgi, laugardaga 10/12-16/18

Helgarstarf: laugardaga 10-18 og sunnudaga 13-17 aðra hverja helgi

Reynsla af sölustörfum æskileg. Vera þjónustulundaður, stundvís, ábyrgðafullur og frábær í mannlegum samskiptum. Ekki undir 22 ára.

**Umsóknir ásamt ferilskrá með mynd berist til [martajonsson.rk@gmail.com](mailto:martajonsson.rk@gmail.com) merkt „ATVINNA“**

ISLENSKA STA.IS ICE 83269 0217



## VERKEFNASTJÓRI Í FRAMLEIÐSLUSTJÓRNUN

Icelandair auglýsir eftir kraftmiklum einstaklingi til að sinna starfi verkefnastjóra í framleiðslustjórnun á tæknisviði félagsins. Í flugskýli Icelandair á Keflavíkurlflugvelli fara fram stórskoðanir á flugvélum og mun viðkomandi stýra og hafa eftirlit með nýtingu á mannafla og aðföngum. Hann mun auk þess leggja til umbótaverkefni og leiða þau til að ná fram meiri skilvirkni og skýrleika í framkvæmd þessara stóru verka. Um er að ræða nýja stöðu og leitað er að einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt og mótað starfið.

### MEÐAL VERKEFNA ER EFTIRFARANDI:

- Að undirbúa og hafa daglegt eftirlit með skoðunum ásamt verkstjóra.
- Að gera framleiðsluáætlanir, rekstraráætlanir o.fl.
- Að byggja upp þekkingarbanka um skipulag og stýringu skoðana.
- Að vinna í umbótaverkefnum og innleiða ný verkfæri í verkstjórn.
- Að sjá um uppgjör að verkefnum loknum og gæta þess að lærdómur af þeim nýtist.

### HÆFNISKRÖFUR:

- Meistarapróf eða sambærilegt próf í verkfræði eða viðlíka námi sem tengist greiningu rekstrar, fjármála og/eða framleiðslu.
- Enskukunnátta er skilyrði.
- Frumkvæði, hugmyndaauðgi og lausnamiðuð hugsun.
- Ríkur áhugi á verkefnastjórnun, skipulagi og utanumhaldi verkefna.
- Reynsla af sambærilegum störfum er kostur.

### Nánari upplýsingar veitir:

Theodór Brynjólfsson | [tbrynjol@its.is](mailto:tbrynjol@its.is)

Umsóknir óskast fylltar út á [www.icelandair.is/umsokn](http://www.icelandair.is/umsokn) eigi síðar en 17. febrúar 2017.



## BIFVÉLAVIRKI OG STARFSMAÐUR Á VERKSTÆÐI ÓSKAST TIL STARFA

**Verksvið:**

- Greina bilanir
- Viðgerðir og viðhald á breyttum jeppum
- Viðgerðir og viðhald á vélsleðum
- Ástandsskoðanir bíla og vélsleða
- Leggja sitt af mörkum til að tryggja snyrtilegt umhverfi á vinnustöð/verkstæði

**Hæfniskröfur:**


- Sveinspróf í bifvélavirkjun/vélvirkjun/vélstjórnarréttindi
- Gilt bílpróf, meirapróf æskilegt
- Stundvísi
- Snyrtimennska
- Góða samskiptahæfileika
- Góða þjónustulund
- Heiðarleg, áreiðanleg og vönduð vinnubrögð
- Geta sýnt frumkvæði í starfi og unnið sjálfstætt

Við leitum að öflugum starfsmönnum sem geta hafið störf sem fyrst.

Í boði er spennandi og fjölbreytt starf fyrir duglegan og metnaðarfullan einstakling hjá framsæknu og traustu fyrirtæki sem starfar í ævintýraferðamennsku.

**Umsóknir og frekari upplýsingar:**  
[atvinna@mountaineers.is](mailto:atvinna@mountaineers.is)  
Frekari upplýsingar veitir Bjarný í síma 580 9900 á skrifstofutíma.

[www.mountaineers.is](http://www.mountaineers.is)







## Forseti tölvunarfræðideildar

Háskólinn í Reykjavík leitar að metnaðarfullum einstaklingi með brennandi áhuga á að taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu öflugrar tölvunarfræðideildar. Deildarforseti ber ábyrgð á rekstri deildarinnar og leiðir akademískt starf hennar. Deildarforseti heyrir undir rektor og situr í framkvæmdastjórn Háskólans í Reykjavík.

### Leitað er að einstaklingi með:

- Hæfni til að vinna að stefnumótun og uppbyggingu liðsheildar.
- Doktorspróf á sviði tölvunarfræði eða skyldra greina.
- Reynslu af rannsóknum og kennslu á háskólastigi.
- Reynslu af stjórnun, rekstri og mannaforráðum.
- Hagnýta reynslu úr atvinnulífi eða af samstarfi við atvinnulífið.
- Reynslu af alþjóðlegum vettvangi.

Innan tölvunarfræðideildar er fengist við kennslu og rannsóknir í tölvunarfræði, hugbúnaðarverkfræði og tölvunarstærðfræði. Boðið er upp á nám á BSc-, MSc- og PhD-stigi. Nám við tölvunarfræðideild hefur hlotið alþjóðlega gæðavottun og rannsóknir við deildina eru í fremstu röð. Um 850 nemendur stunda nám við tölvunarfræðideild og eru fastir starfsmenn tæplega 30 talsins.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigríður Elín Guðlaugsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðs ([sigridureg@ru.is](mailto:sigridureg@ru.is)).

Umsóknum skal skilað á vef Háskólans í Reykjavík, [radningar.hr.is](http://radningar.hr.is). Umsóknarfrestur er til og með **15. mars 2017**.

Hlutverk Háskólans í Reykjavík er að skapa og miðla þekkingu til að auka samkeppnishæfni og lífsgæði fyrir einstaklinga og samfélag með siðgæði, sjálfbærni og ábyrgð að leiðarljósi. Akademískar deildir háskólans eru fjórar: Lagadeild, tölvunarfræðideild, tækni- og verkfræðideild og viðskiptadeild. Kennsla og rannsóknir við Háskólann í Reykjavík mótast af sterkum tengslum við atvinnulíf og samfélag. Lögð er áhersla á þverfagleika, alþjóðlegt umhverfi, nýsköpun og góða þjónustu. Nemendur Háskólans í Reykjavík eru um 3600 í fjórum deildum og starfa um 240 fastir starfsmenn við háskólann auk fjölda stundakennara.



## Forstöðumaður Tækniþróunar - ertu ON?

Orka náttúrunnar leitar að metnaðarfullum einstaklingi í starf forstöðumanns Tækniþróunar. Viðkomandi verður hluti af stjórnendateymi fyrirtækisins og mun bera ábyrgð á fjárfestingarverkefnum ON og þróun nýrra lausna. Við leitum að öflugum stjórnanda sem hefur góða yfirsýn og býr yfir samskiptahæfni og færni til að hrinda hlutum í framkvæmd. Um er að ræða starf með spennandi verkefnum framundan hjá einu framsæknasta orkufyrirtæki landsins.

### Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Leiða og styðja öflugan hóp starfsmanna
- Fjárhagsleg ábyrgð á fjárfestingarverkefnum
- Ábyrgð á gerð og framvindu áætlana vegna fjárfestinga
- Daglegur rekstur sviðsins
- Ábyrgð á vöruþróun úr auðlindastraumum
- Framfylgd stefnu og framtíðarsýnar

### Menntunar- og hæfnikröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Samskiptahæfileikar, greiningarhæfni, metnaður, frumkvæði og heilindi
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti

Við hvetjum jafnt konur og karla til að sækja um starfið.

Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar. Tekið er á móti umsóknum á ráðningarvef Orku náttúrunnar, [starf.on.is](http://starf.on.is). Nánari upplýsingar veitir Ásdís Eir Símonardóttir, mannauðssérfræðingur, [starf@on.is](mailto:starf@on.is).

Orka náttúrunnar framleiðir og selur rafmagn til allra landsmanna á samkeppnishæfu verði. Við viljum nýta auðlindir af ábyrgð og nærgætni og bæta lífsgæðin í nútíð og framtíð.

.....  
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.  
.....

### Umsóknarfrestur:

Til og með 14. febrúar 2017

# Vi søger en seniorrådgiver inden for forskningspolitik og finansiering.

▼ 27. februar 2017



## NordForsk

NordForsk is an institution under the Nordic Council of Ministers that facilitates and provides funding for Nordic research and research infrastructure cooperation.

[www.nordforsk.org](http://www.nordforsk.org)



## Blikksmiðir / Nemar óskast

Blikksmiðurinn óskar eftir blikksmiðum, mönnum vönum blikksmiði og/eða nemum í blikksmiði.

Upplýsingar um starfið veitir Karl Hákon, karlh@blikk.is / sími 892 - 8379



## JÁRNPRÝÐI

ALMENN SÉRSMÍÐI

Járnprýði ehf. vantar fjölhæfan, duglegan og heiðarlegan starfsmann. Viðkomandi þarf að vera íslenskumælandi og reyklus.

Járnprýði er lítið og persónulegt fyrirtæki sem sinnir fjölbreyttum verkefnum með sterkan hóp viðskiptavina.

Áhugasamir sendi umsókn með ferilskrá á netfangið [ingi@jarnprydi.is](mailto:ingi@jarnprydi.is)

Járnprýði ehf | Akralind 5 | 201 Kópavogi | S: 822 1717



HJÚKRUNARHEIMILI

## Sjúkraliðar

Á hjúkrunarheimilinu Sóltúni búa 92 íbúar með fjölbætt heilsufarsvandamál og færnisserðingu. Markmið Sóltúns er að veita þeim bestu hjúkrun og aðra þjónustu sem völ er á á hverjum tíma og vera aðlaðandi starfsvettvangur.

**Við höfum lausa 50-80% stöðu sjúkraliða.**

Einnig getum við bætt við okkur félagsliða eða reyndum starfsmanni í umönnun á morgun-, kvöld- og helgarvaktir. Nánari upplýsingar gefur Guðrún Björg Guðmundsdóttir, hjúkrunarstjóri í síma 590-6322, [bjorg@soltun.is](mailto:bjorg@soltun.is)

Umsóknum er skilað gegnum heimasíðu Sóltúns [www.soltun.is](http://www.soltun.is)

## Framkvæmdastjóri lækninga á meðferðarsviði SÁÁ

SÁÁ auglýsir stöðu framkvæmdastjóra lækninga á meðferðarsviði laust til umsóknar.

Framkvæmdastjóri lækninga er jafnframt forstjóri sjúkrahúss SÁÁ. Hann ber ábyrgð á að heilbrigðisþjónusta sem SÁÁ veitir, fari að lögum og reglugerðum sem um hana gilda, að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma sé í samræmi við samþykktir stjórnar SÁÁ og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt.

### Hæfniskröfur

- Fullgild sérfræðiréttindi.
- Þekking og reynsla á sviði fíklækninga.
- Farsæl reynsla af stjórnun og rekstri.
- Þekking og reynsla af mannauðsmálum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Leiðtogaþæfileikar.

Hæfni umsækjenda verður metin af þriggja manna nefnd sem skipuð verður tveimur fulltrúum stjórnar SÁÁ og einum utanaðkomandi sérfræðingi.

Upplýsingar um starfið veitir Ásgerður Th. Björnsdóttir í síma 824 7631.

Umsóknum ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil sendist SÁÁ, merkt: Framkvæmdastjóri lækninga, Efstaleiti 7, 103 Reykjavík eða á netfangið [asgerdur@saa.is](mailto:asgerdur@saa.is) eigi síðar en 15. mars 2017

Fyrirhugað er að veita stöðuna frá 1. júní 2017.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.



Á meðferðarsviði SÁÁ er veitt sérhæfð sjúkrahús- og göngudeildarþjónusta fyrir alla landsmenn. Meðferðarsvið SÁÁ starfar samkvæmt lögum og reglugerðum um sérhæfða sjúkrahúsþjónustu auk laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008.



# Hagfræðingur Viðskiptaráðs

Viðskiptaráð Íslands auglýsir eftir nýjum hagfræðingi. Við leitum að kraftmiklum einstaklingi sem hefur áhuga á að bæta rekstrarumhverfi fyrirtækja á Íslandi.

Starfið er fjölbreytt og samanstendur meðal annars af skrifum og greiningarvinnu vegna útgáfu nýs efnis, miðlun í gegnum fjölmiðla og þátttöku í mótun stefnu ráðsins.

## Helstu verkefni

- Skrif úttekta, skýrslna, blaðagreina, álita, umsagna um þingmál og gerð kynninga
- Ytri samskipti og tengslamyndun gagnvart fjölmiðlum og öðrum hagsmunaaðilum
- Leiðandi hlutverk í mótun og framkvæmd málefna starfs ráðsins
- Leiðsögn fyrir sérfræðing á hagfræðisviði
- Virkt hlutverk í stefnumörkun ráðsins

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólagráða í hagfræði ásamt rétti til að kalla sig hagfræðing
- Viðeigandi starfsreynsla æskileg
- Áhugi á þjóðmálum og grunnþekking á rekstrarumhverfi atvinnulífsins
- Frumkvæði og hæfileikar til að laga sig að fjölbreyttum og krefjandi verkefnum
- Færni í að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á [starfsumsokn@vi.is](mailto:starfsumsokn@vi.is). Umsóknarfrestur er til og með 12. febrúar 2017. Nánari upplýsingar veitir Frosti Ólafsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, í síma 510 7100.

Viðskiptaráð Íslands var stofnað árið 1917 sem frjáls félagasamtök fyrirtækja, félaga og einstaklinga í íslensku atvinnulífi. Við bjóðum upp á lifandi vinnustað ásamt ríku tækifæri til að móta eigið starfsumhverfi.

Frekari upplýsingar um starfsemi ráðsins má nálgast á [www.vi.is](http://www.vi.is).

## Verkefnastjóri á sviði markaðsmála

Vodafone leitar að öflugum einstaklingi í starf verkefnastjóra á sviði markaðsmála. Um krefjandi og fjölbreytt starf er að ræða í lifandi umhverfi.

### Starfssvið:

- Gerð og utanumhald kynningarefnis
- Mótun stefnu og framkvæmd ytri fræðslu
- Skipulagning, greining og miðlun markaðsrannsókna
- Þátttaka í stefnumótun
- Umsjón með samfélagsmiðlum

Umsóknarfrestur er til og með 12. febrúar nk.  
Nánari upplýsingar er að finna á [vodafone.is/storf](http://vodafone.is/storf)

### Vodafone

Við tengjum þig





## Blikksmiður / Rafvirki / Vélvirki

Blikksmiðurinn hf óskar eftir starfsmanni í þjónustudeild fyrirtækisins. Um framtíðarstarf er að ræða, góð laun í boði fyrir réttan aðila.

Upplýsingar um starfið veitir  
Karl Hákon s: 892 8379 karlh@blikk.is

## Sölumaður á fasteignamiðlun

Við leitum að öflugum sölumanni sem er tilbúinn að takast á við spennandi sölumannsstarf og getur hafið störf strax. Ef þú ert vel skipulagður, hefur góða framkomu og ert lausnarsinnaður þá er þetta rétta starfið fyrir þig. Árangurstengd laun. Áhugasamir vinsamlega sendið inn umsóknir á box@frett.is merkt „Sölumaður fasteigna – 1903“

## HVALFJARÐAR SVEIT



### Frístundafulltrúi

Laust er til umsóknar starf frístundafulltrúa Hvalfjarðarsveitar. Um er að ræða 50% starf innan stjórnsýslu sveitarfélagsins. Leitað er að metnaðarfullum aðila til að stýra fjölbreyttum verkefnum sveitarfélagsins er varðar frístundastarf, viðburðastjórnun og kynningarstarf. Um nýtt starf er að ræða og mun viðkomandi fá tækifæri til að taka þátt í mótun þess. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

#### Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Umsjón og skipulag frístundastarfs fyrir alla aldurshópa.
- Umsjón með rekstri íþróttamannvirkja og félagsmiðstöðvar.
- Skipulag og umsjón leikjanámskeiða og vinnuskóla.
- Viðburðastjórnun og kynningarstarf.
- Mótun og skipulagning forvarnarstarfs.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýttist í starfi er æskileg.
- Reynsla af starfi með börnum og ungmennum og skipulagi íþróttá- og æskulýðsmála eða sambærilegum störfum er mikilvæg.
- Reynsla af stjórnunarstörfum á vettvangi félagsstarfa, íþróttá- og æskulýðsmála er æskileg.
- Færni í mannlegum samskiptum auk forystu- og skipulagshæfileika.
- Frumkvæði, sveigjanleiki og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.

#### Kjör:

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Umsóknarfréstur um starf frístundafulltrúa Hvalfjarðarsveitar er til og með 17. febrúar 2017.

Umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi. Umsókn skal senda á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar, Innrimel 3, 301 Akranes eða á netfangið hvalfjardarsveit@hvalfjardarsveit.is Öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Skúli Þórðarson, sveitarstjóri í síma 433-8500 og á netfanginu skuli@hvalfjardarsveit.is

Hvalfjarðarsveit er öflugt sveitarfélag með um 630 íbúa. Náttúrufergurð er mikil og möguleikar til að njóta fjölbreyttrar útiveru eru óþrjótandi. Hvalfjarðarsveit er dreifbýlt sveitarfélag með litlum íbúakjörunum. Þar eru næg og fjölbreytt atvinnutækifæri, öflugur landbúnaður, vaxandi ferðaþjónusta og metnaðarfullt skólastarf.

Mikil uppbygging hefur átt sér stað á iðnaðarsvæðinu við Grundartanga með fjölmörgum iðnfyrirtækjum. Hvalfjarðarsveit er í nálægð við þéttbýli og í góðu samstarfi við nágrennsveitarfélög. Nánari upplýsingar má finna á [www.hvalfjardarsveit.is](http://www.hvalfjardarsveit.is)



HRAFNISTA REYKJAVÍK HAFNARFJÖRÐUR KÓPAVOGUR GARÐABÆR REYKJANESBÆR

## Laus störf á Hrafnistu Hjúkrunarfræðingar, hjúkrunar- og læknanemar

Getum bætt við hjúkrunarfræðingum, hjúkrunar- og læknanemum í okkar frábæra starfsmannahóp á Hrafnistu. Starfshlutfall er samkomulag. Þekking, reynsla, frumkvæði og ánægja starfsmanna Hrafnistuheimilanna tryggir gæði þeirrar þjónustu sem veitt er.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Hjúkrunarfræðingar þurfa að hafa íslenskt hjúkrunarleyfi. Nemar skila inn námsframvindu.
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Sveigjanleiki og sjálfstæð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar og jákvætt viðmót.

Umsóknarfréstur er til og með 26. febrúar. Allar nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu Hrafnistu, [www.hrafnista.is](http://www.hrafnista.is) og á heimasíðu Fast ráðninga, [www.fastradningar.is](http://www.fastradningar.is). Umsjón með störfunum hefur Lind hjá Fast ráðningum, [lind@fastradningar.is](mailto:lind@fastradningar.is) og í síma 552 1606. Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt með því að fylla út umsóknarform á [www.fastradningar.is](http://www.fastradningar.is)



## SPORTS DIRECT LEITAR AÐ STARFSFÓLKI Í FULLT STARF.

Kröftugum einstaklingum sem vilja vinna sig upp í starfi sem og ábyrgð. Sanngjörn laun og veglegir sölubónusar í boði fyrir öflugt fólk.

#### HÆFNISKRÖFUR:

- Þjónustulund
- stundvísi
- skipulagni
- samskiptahæfni
- Reynsla í þjónustustörfum mikill kostur

#### VINNUÞÍMI ER EFTIR SAMKOMULAGI EN ER Í SAMRÆMI VIÐ OPNUNARTÍMA VERSLUNARINNAR.

Mán - Mið: 10 - 19  
Fim: 10 - 21  
Fös: 10 - 20  
Lau - Sun: 10 - 18

Frekari upplýsingar veitir Margrét Theodórsdóttir, mannauðsstjóri ([margret.theodorsdottir@sportsdirect.com](mailto:margret.theodorsdottir@sportsdirect.com)) í síma: 571-3010

**SÆKIÐ UM Á [SPORTSDIRECT.RADA.IS](http://SPORTSDIRECT.RADA.IS)**

**SPORTS DIRECT**

## Starfsmaður í gestamóttöku

Íbúðarhótel í miðbæ Reykjavíkur óskar eftir starfsmanni í gestamóttöku.

Um er að ræða vaktavinnu. Æskilegt er að viðkomandi búi í eða nálægt 101 Reykjavík. Skilyrði er að viðkomandi reyki ekki.

### Starfssvið

- Gestamóttaka
- Svára tölvupóstum og símtölum
- Eftirfylgni með þrífum
- Þjónusta við gesti
- Önnur tilfallandi verkefni

### Hæfniskröfur:

- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði
- Samskiptahæfni og rík þjónustulund
- Jákvæðni og sveigjanleiki
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur

### UMSÓKNARFRESTUR

er til og með 12. febrúar

Umsóknir um starfið, ásamt upplýsingum, nám og fyrri störf, skulu berast á netfangið: [box@frett.is](mailto:box@frett.is)

## Hjúkrunarfræðingar

Sunnuhlíð hjúkrunarheimili óskar eftir að ráða hjúkrunarfræðinga til starfa.

Leitað er eftir áhugasömum einstaklingum sem geta unnið sjálfstætt.

Í boði eru allar vaktir – þar af 50% næturvaktir. Starfshlutfall og vinnufyrirkomulag er samkomulagsatriði. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Hægt er að sækja um á heimasíðu Sunnuhlíðar: [sunnuhlid.is](http://sunnuhlid.is) en nánari upplýsingar veitir Svanlaug Guðnadóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar í síma 864-4184

Á Sunnuhlíð vinnur samhentur hópur starfsmanna sem leggur metnað sinn í að veita heimilisfólkinu góða þjónustu.



## LANDSPÍTALI ... ÞÚ SKIPTIR MÁLI!



### ERTU HJÚKRUNARFRÆÐINGUR?

Viltu vinna í fjölbreyttu og áhugaverðu vinnuumhverfi þar sem hæfileikar þínir fá að njóta sín?

Landspítali vill ráða til starfa metnaðarfulla hjúkrunarfræðinga sem vilja sérhæfa sig í þjónustu við skjólstæðinga og vinna í þverfaglegum teymum.

**Leitað er að hjúkrunarfræðingum á eftirfarandi einingum:**

#### Dagdeild endurhæfingardeildar Grensá

Á deildinni eru einstaklingar sem eiga það sameiginlegt að hafa tapað færni, tímabundið eða varanlega vegna slysa eða veikinda. Markmið endurhæfingar er að gera einstaklinga eins sjálfhjarga líkamlega, andlega og félagslega og geta leylfir.

#### Krabbameinslækningadeild við Hringbraut

Deildin er 15 rúma sólarhringsdeild fyrir sjúklinga með krabbamein. Ráðgert er að halda stutt námskeið fyrir umsækjendur áður en starf á deild hefst þar sem farið verður yfir helstu einkenni og meðferð krabbameinssjúklinga.

#### Taugalækningadeild í Fossvogi

Í boði er einstakt tækifæri til að sérhæfa sig í hjúkrun sjúklinga með taugasjúkdóma. Í boði verður sérsníðið aðlögunarprogram fyrir þá sem áhuga hafa á að taka þátt í uppbyggingu og mótun á nýrri stroke einingu innan deildarinnar.

#### Sjúkrahúsapótek

### NÝ STAÐA AÐSTOÐAR-YFIRLYFJAFRÆÐINGS

Við viljum ráða kraftmikinn og áhugasaman lyfjafræðing í starf aðstoðaryfirlyfjafræðings. Viðkomandi mun vinna náið með yfirlyfjafræðingi að mótun liðsheildar og þróunar á þjónustu apóteksins.

Sjúkrahúsapótek spítalans tilheyrir fjármálasviði og þar starfa 20 lyfjafræðingar og 30 lyfjateknar í þverfaglegu teymi og nánú samstarfi við aðra starfsmenn spítalans. Apótekið þjónustar allar deildir spítalans og er starfsemi bæði sérhæfð og fjölbreytt. Áhersla er lögð á að vera í fremstu röð og standast alþjóðlegan samanburð.

#### Dag- og göngudeild krabbameinslækninga

### DEILDARLÆKNIR/HEIMILISLÆKNIR

Starfið er fullt starf til eins árs, með möguleika á ráðningu til lengri eða skemmri tíma. Unnið er í náinni samvinnu við sérfræðilækna í krabbameinslækningum og felur starfið í sér þverfaglega teymisvinnu með fjölmörgum öðrum sérgreinum. Læknirinn fær skipulagða handleiðslu sérfræðilæknis í krabbameinslækningum.

Starfið hentar þeim sem eru að velja sér sérgrein til framtíðar en getur einnig hentað sem endurmenntun fyrir starfandi heimilislækna.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR Á HEIMASÍÐU LANDSPÍTALA;**  
[WWW.LANDSPITALI.IS/MANNAUDUR](http://WWW.LANDSPITALI.IS/MANNAUDUR) OG [WWW.STARFATORGI.IS](http://WWW.STARFATORGI.IS)

Helenu. [gun@frettabladid.is](mailto:gun@frettabladid.is)



Ástkær móðir mín, fósturmóðir,  
tengdamóðir, stjúpmodir, amma  
og langamma,

**Valgerður J. Guðjónsdóttir**

Fannborg 8, Kópavogi,

lést sunnudaginn 29. janúar á  
Landspítalanum í Fossvogi.  
Útförin fer fram frá Kópavogskirkju  
miðvikudaginn 8. febrúar kl. 13.

Þórhildur J. Einarsdóttir

Þorsteinn V. Baldvinsson

Guðrún Kristinsdóttir

Sigrún Ingvarsdóttir

Guðjón Ingvarsson

Þórunn Ingvarsdóttir

Guðbrandur Kjartansson

Sigríður Björnsdóttir

og ömmubörn.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda  
samúð og hlýhug vegna andláts  
og útfarar eiginmanns, föður,  
tengdaföður og afa,

**Grétars Geirs Nikulássonar**

Sléttuvegi 13, Reykjavík.

Sjöfn Björg Kristinsdóttir

Kristinn Hörður Grétarsson

Lárus Rúnar Grétarsson

Hrönn Eir Grétarsdóttir

Björg Yr Grétarsdóttir

Katrín Huld Grétarsdóttir

Guðrún Birna Ólafsdóttir

Þorvaldur Guðjónsson

Grétar Árnason

Lee Roy Tipton

og afabörn.



Okkar innilegustu þakkir fyrir  
auðsýnda samúð og hlýhug vegna  
andláts og útfarar föður okkar,  
tengdaföður, afa og langafa,

**Þórs Pálssonar**

dvalarheimilinu Bæjarási,  
Hverahlíð 24, Hveragerði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks dvalarheimilisins Bæjaráss  
sem annaðist hann af alúð og hlýju.

Atli Heiðar Þórsson

Árni Þórsson

Kittý Arnars Árnadóttir

Eyrún Arnars Árnadóttir

Lilja Guðmundsdóttir

og barnabarnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn,  
faðir, afa og langafi,

**Þórhallur B. Bjarnason**

Hraunbæ 96, Reykjavík,

lést 26. janúar á Landakotsspítala  
í Reykjavík. Útför hans fór fram  
2. febrúar frá Árbæjarkirkju, í kyrrþey  
að ósk hins látna.

Sólrun Ólafsdóttir

Esther Laufey Þórhallsdóttir

Jóhanna B. Þórhallsdóttir

Þórhallur Ragnarsson

Sólrun Birta Ragnarsdóttir

Gunnar Þór Þórhallsson

Ragnar Hauksson

Gunnar Birkisson

Rakel Gunnarsdóttir

NÝTT BARNAEFNI Á

2 MARAÐON  
NOW



Bliða og Blær



Tryggðu  
þér áskrift  
**2now.is**  
á aðeins  
100 kr. á dag.



Elskuleg systir og frænka,  
**María Finnsdóttir**  
hjúkrunarfræðingur,  
Furugerði 1, Reykjavík,

lést miðvikudaginn 1. febrúar á  
Borgarspítalanum. Útförin fer fram frá  
Grensáskirkju 10. febrúar kl. 13.00.  
Þeim sem vilja minnst hennar er bent á  
Kristniboðssambandið.

**Málfríður Finnsdóttir**  
og fjölskyldur.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð  
og hlýhug vegna fráfalls og útfarar  
móður okkar, tengdamóður, ömmu  
og langömmu,

**Herdísar Helgadóttir**  
hjúkrunarfræðings,  
Auðarstræti 19, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær Guðmundur Rúnarsson læknir,  
starfsfólk deildar 11G á Landspítalanum við Hringbraut og  
starfsfólk líknardeildar Landspítalans í Kópavogi.

**Guðrún Ragnarsdóttir Briem**  
**Þórsteinn Ragnarsson**  
**Valý Helga Ragnarsdóttir**  
**Lárus Ragnarsson**  
**Ragnheiður Jensina Ragnarsdóttir**  
**Halldóra Anna Ragnarsdóttir**

**Eiríkur Briem**  
**Elsa Guðmundsdóttir**  
**Jón Þorvaldsson**  
**Þóra Tryggvadóttir**  
**Orri Páll Ormarsson**

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, stjúpmóðir,  
tengdamóðir, amma og langamma,  
**María Valsteinsdóttir**  
frá Ytri-Tungu, Tjörnési,

lést á hjúkrunardeildinni Skógarbrekku  
26. janúar sl. Útförin fer fram frá  
Húsavíkurkirkju Þriðjudaginn 7. febrúar nk.  
kl. 13.00. Starfsfólk Skógarbrekku fær kærar kveðjur  
fyrir hlýja og góða umönnun.

**Kristbjörg G. Steingrimsdóttir**  
**Ólöf A. Steingrimsdóttir**  
**Birna F. Steingrimsdóttir**  
**Þórarinn B. Steingrimsdóttir**

**Guðmundur I. Georgsson**  
**Benjamin Bjartmarsson**  
**Heri J. Joensen**  
**Birgit Schov**

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,  
amma og langamma,  
**Vilborg Jóhannesdóttir**  
Þórsögðu 12 (áður Þórsögðu 4),

lést á hjúkrunarheimilinu  
Droplaugarstöðum miðvikudaginn  
1. febrúar. Útförin verður auglýst síðar.

**Gunnar Jóhannes Gunnarsson, Sigurjón Gunnarsson,**  
**Ragnar Gunnarsson, Guðlaugur Gunnarsson, Ragnhildur**  
**Gunnarsdóttir, Bjarni Gunnarsson og fjölskyldur.**



Ástkær sonur okkar, faðir,  
bróðir og unnusti,  
**Ísak Berg Jóhannsson**  
Brekustíg 27,  
Njarðvík,

lést mánudaginn 9. janúar.  
Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Jóhann G. Sigurbergsson Þórunn Sveinsdóttir**  
**Adrian Berg Ísaksson**  
**Helga Birna Rúnarsdóttir**  
**Sveinn Enok Jóhannsson**  
**Birna Ósk Valtýsdóttir**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli  
og útfarir má senda á netfangið  
timamot@365.is.

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is)  
eða hringja í síma 512 5000.

# Hlaut titilinn Rödd ársins

**Marta Kristín Friðriksdóttir**  
var valin Rödd ársins  
2017 í Vox Domini, fyrstu  
söngkeppni sem Félag ís-  
lenskra söngkennara hélt  
fyrir klassíska söngnema  
og söngvara.

**M**ér fannst æðislegt  
að komast svona  
langt. Það kom mér  
á óvart," segir Marta  
Kristín Friðriksdóttir  
sem sigraði í opnum  
flokki söngkeppninnar Vox Domini  
nýlega og var valin rödd ársins 2017.  
Að launum fær hún að halda tónleika í  
Kaldalóni í Hörpu.

Hún kveðst ung hafa byrjað að syngja.  
„Ég var í Stúlnakór Reykjavíkur frá því ég  
var sex, sjö ára hjá henni Margræti Pálma-  
dóttur og byrjaði einsöngsnám í söng-  
skólanum hennar, Dómus Vox.“

Marta Kristín tók 8. stig í Söngskóla  
Reykjavíkur vorið 2016 eftir fjögurra  
ára nám hjá Signýju Sæmundsdóttur  
og undirbýr sig nú undir inntökupróf í  
Vínarháskóla. „Ég fer út 18. febrúar, prófið  
byrjar 20. og stendur í fjóra daga. Mamma  
ætla með mér að veita mér andlegan  
stuðning," lýsir hún.



Marta Kristín mun fara með hlutverk Pamínu í Töfraflautunni eftir Mozart.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Dúetttónleikar

Tveir aðrir keppendur í Vox Domini, þeir  
Ari Ólafsson sem var í 1. sæti á fram-  
haldsstigi og Gunnar Björn Jónsson sem  
var í 2. sæti í opnum flokki, fá einnig  
að halda tónleika. Það verða dúetttón-  
leikar í Hafnarborg með Antoniu Hevesi  
píanóleikara.

Fyrir utan inntökuprófið í Vín og tón-  
leikana í Kaldalóni fer Marta Kristín með  
hlutverk Pamínu, dóttur næturdrottning-  
arinnar í nemendaóperunni Töfraflaut-  
unni sem Söngskólinn er að setja upp og  
verður flutt 12. febrúar í fullri lengd. Hún  
viðurkennir að nóg sé að gera. „Það eru  
endalausar æfingar alla daga," segir hún  
gláðlega. [gun@frettabladid.is](mailto:gun@frettabladid.is)



Faðir minn, tengdafaðir og afi,  
**Guðmundur Pétursson**  
professor emeritus,

sem lést 23. janúar, verður jarðsönginn  
frá Háteigskirkju 8. febrúar kl. 13.00.

**Bergljót Björg Guðmundsdóttir**  
**Sveinn Haraldsson**  
**Sigurður Árni Steingrímsson**  
**Halla Björg Sigurþórsdóttir**  
**Sindri Már Steingrímsson**  
**Guðmundur Páll Sigurþórsson**



Innilegar þakkir til allra sem sýndu  
okkur samúð og hlýhug vegna  
andláts og útfarar elsku mómmu  
okkar, tengdamómmu, ömmu og  
langömmu,

**Auðar Sigurðardóttir**  
Bergi á Seltjarnarnesi.

Kærar þakkir til starfsfólks á Grund vegna umönnunar  
og hjálpar síðustu ár.

**Guðmundur Hafsteinnsson**  
**Sunneva Hafsteinsdóttir**  
**Einar Hafsteinnsson**

**Hanna Guðrún Guðmundsd.**  
**Gunnar Þórðarson**  
**Sigurborg Inga Jónsdóttir**  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,  
**Eiður Svanberg Guðnason**  
fyrirverandi sendiherra,  
Bjarkarási 18, Garðabæ,

lést mánudaginn 30. janúar.  
Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju  
fimmtudaginn 9. febrúar klukkan 15.00.

Þeim sem vilja minnst hans er bent á Sumarbúðir í  
Reykjadal fyrir fötluð börn og ungmenni, reikningsnúmer  
525-26-755, kt. 630269-0249.

**Helga Þóra Eiðsdóttir**  
**Þórunn Svanhildur Eiðsdóttir**  
**Haraldur Guðni Eiðsson**

**Ingvar Örn Guðjónsson**  
**Gunnar Bjarnason**  
**Ragnheiður Jónsdóttir**  
og barnabörn.



Ástkær faðir okkar og afi,  
**Guðmundur Árnason**

Hrafnistu, Hafnarfirði,  
áður til heimilis að  
Fjarðargötu 19, Hafnarfirði,

andaðist á Hrafnistu 27. janúar.  
Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju  
miðvikudaginn 8. febrúar kl. 13. Blóm og kransar eru  
vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vildu minnst hans  
er bent á líknarfélög.

**Ingibjörg Guðmundsdóttir**  
**Guðmundur Valdimar Guðmundsson**  
**Berglind Guðmundsdóttir**  
**Ingvar Lýðsson**



Innilegar þakkir til allra þeirra sem  
sýndu okkur samúð og hlýhug  
við andlát og útför móður okkar,  
tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Unnar Guðmundsdóttir**  
Holtsgötu 13, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Hrafnistu í  
Reykjavík fyrir góða umönnun.

**Guðmundur Gunnarsson**  
**Kristinn Gunnarsson**  
**Björn V. Gunnarsson**  
**Margrét Gunnarsdóttir**  
**Helga Gunnarsdóttir**  
**Gunnar J. Gunnarsson**  
**Hulda Gunnarsdóttir**  
**Unnur B. Gunnarsdóttir**

**Guðrún Arndal**  
**Sigrún G. Ragnarsdóttir**  
**Guðrún Kr. Óladóttir**  
**Sigurður V. Jónsson**  
**Jón Júlíusson**  
**Ágústa Halldórsdóttir**  
**Ísak J. Matthíasson**  
**Þórsteinn Þórsteinsson**  
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur faðir okkar,  
tengdafaðir, afi og langafi,  
**Haraldur Tryggvason**

fyrirverandi bóndi,  
Svertingsstöðum, Eyjafirði,

andaðist 31. janúar á hjúkrunarheimilinu  
Lögmannshlíð á Akureyri.

Útför hans fer fram frá Kaupangskirkju mánudaginn  
6. febrúar klukkan 11.30. Þeim sem vilja minnst hans láti  
líknarstofnanir á Akureyri njóta þess.

**Pétur og Júlía**  
**Trygvi Geir og Hrefna**  
**Sólveig Anna og Hörður**  
**Hansína María**  
**Hallgrímur og Lára**  
**Ágústína**  
**Gunnar Berg og Kristín**  
**Sigrún Rósa**  
afabörn og langafabörn.

**SÚPER  
SUNNUDAGUR  
Á STÖÐ 2**

Tryggðu þér  
áskrift á aðeins  
**333 kr. á dag**  
9.990 kr. á mánuði



KL. 20:00



**NÝTT**  
KL. 22:40


**NÝTT**



— *Agatha Christie's* —  
**The Witness  
for the Prosecution**

KL. 20:40

**60  
MINUTES**



KL. 23:40

**NÝTT**



KL. 21:45





**STAKFELL**  
FASTEIGNASALA | 1984

**535-1000**

BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK  
stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is

**FÉLAG  
FASTEIGNASALA**  
Þorlákur Ómar Einarsson  
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI



**ÞORLÁKUR ÓMAR  
EINARSSON**  
Frakkvæmdastjóri  
Löggiltur  
fasteignasali



**ADALHEIÐUR  
KARLSDÓTTIR**  
B.E.d.  
Löggiltur fasteignasali  
GSM 893 2495



**STEFÁN HRAFN  
STEFÁNSSON**  
Sölustjóri  
Hdl. löggiltur fasteignasali  
Löggiltur leigumíslari



**GUÐMUNDUR H.  
VALTÝSSON**  
Löggiltur fasteignasali,  
Viðskiptafræðingur B.Sc.



**BÖÐVAR  
SIGURBJÖRNSSON**  
Lögræðingur,  
aðstoðamaður  
fasteignasala  
GSM 660 4777



**HRAFNTINNA VIKTORÍA  
KARLSDÓTTIR**  
Lögræðingur B.A.,  
Löggiltur fasteignasali  
GSM 820 4242



**EDWIN ÁRNASON**  
Löggiltur fasteignasali  
GSM 893 2121



**AGNES ÝR  
STEFÁNSDÓTTIR**  
Lögræðingur ML  
Skjalagerð



**MATTHILDUR SUNNA  
ÞORLÁKSÐÓTTIR**  
Skrifstofustjóri  
GSM 690 4966



**ÓLAFUR H.  
GUÐGEIRSSON**  
Rekstrarhagfræðingur  
Aðstm. fasteignasala  
GSM 663-2508



**EINAR S.  
VALDIMARSSON**  
M.Sc. Viðskiptafræðingur  
Löggiltur fasteignasali  
GSM 847-0314

**ARNARHRAUN 2, HAFNARFIRÐI**

**42.9M**



**ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON / 663 2508**

Fjögurra herbergja sérhæð, 124,1 m<sup>2</sup> plús 29,2 m<sup>2</sup> bílskúr. Undir bílskúrnum er kjallari með inngangi bæði úr bílskúr og garði. Kominn er tími á endurnýjun og viðhald á eigninni.

**SKÓGARVEGUR 12-14, 108 REYKJAVÍK**



**GUÐMUNDUR 865 3022 / BÖÐVAR 660 4777**

Þriggja herbergja íbúðir á milli 110 og 120 m<sup>2</sup> og fjögurra herbergja í kringum 160 m<sup>2</sup>, allar íbúðir með geymslu og stæði í bílakjallara. Afar vel hannaðar íbúðir, fallegar innrétningar frá HTH.

**MARKARVEGUR 1, FOSSVOGI – 108 RVK**

**114M**



**GUÐMUNDUR VALTÝSSON / 865 3022**

422,4 m<sup>2</sup> einbýlishús á þremur hæðum á góðum staði í Fossvogi. Stór afgirt hornlóð. Stór skjólgóð vernd til suðurs. Frístandandi bílskúr á lóð. Aukaíbúð á jarðhæð. Frábært fjölskylduhús.

**HRÍSMÓAR 2A, GARDABÆR**

**44.3M**



**EDWIN ÁRNASON / 893 2121**

**OPIÐ HÚS** mánudaginn 6. feb. kl. 17:30 – 18:00. 4ra herb. íbúð með séringgang af svölum í þriggja hæða fjölbýli. Íbúðin er skráð 100,2 m<sup>2</sup>. samkv. Fasteignamatí Ríkisins en gólfliotur þó umþb. 120 m<sup>2</sup>.

**TJALDHÓLAR 4 – 800 SELFOSS**

**51.5M**



**GUÐMUNDUR VALTÝSSON / 865 3022**

Glæsilegt 173,5 m<sup>2</sup> einbýlishús með 34.9 m<sup>2</sup> sambyggðum bílskúr samtals 208,4 fm byggt árið 2005 á vinsælum staði á Selfossi

**NJÁLSGATA 52 – 101 REYKJAVÍK**

**64.9M**



**GUÐMUNDUR VALTÝSSON / 865 3022**

124,8 m<sup>2</sup> parhús/raðhús. Húsið hefur verið mikið endurnýjað og hefur verið vel við haldið. Eignin er á þremur hæðum.

**EINIVELLIR 7, 221 HAFNARFJÖRÐUR**

**42.9M**



**BÖÐVAR SIGURBJÖRNSSON / 660 4777**

**OPIÐ HÚS** mánudaginn 6. feb. kl. 17:30-18:00. Fjögurra herbergja 112,2 m<sup>2</sup> íbúð á annarri hæð í fimm hæða fjölbýlishúsi. Bílastæði í bílkjallara og geymsla í sameign fylgja íbúð. Svalir með svalalokun.

**GYÐUFELL 2, 111 REYKJAVÍK**

**29M**



**BÖÐVAR SIGURBJÖRNSSON / 660 4777**

**OPIÐ HÚS** mánudaginn 6. feb. kl. 17:30-18:00. Fjögurra herb. 112,2 m<sup>2</sup> íbúð á annarri hæð í fimm hæða fjölbýlishúsi. Bílastæði í bílkjallara og geymsla í sameign fylgja íbúð. Svalir með svalalokun.

**HAMRABORG 11, 200 KÓP – SKRIFSTOFURÝMI**

**LEIGU**



**ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON / 663 2508**

Vandað skrifstofurými á efstu hæð í Hamraborg, samtals 345m<sup>2</sup>. Rúmgóðar skrifstofur, kennslusalur, móttökuborð og starfsmannaaðstaða. Tölvulagnir til staðar.

**160M**

**FRÁBÆRT TÆKIFÆRI  
Í ÞINGHOLTUNUM**

Tvö samliggjandi hús með samþykktum byggingarrétti ofaná húsinn, innréttuð sem leiguíbúðir. Eignin verður afhent með samþykktum teikningum af ofanábyggingu og íbúðirnar tilbúnar til útleigu.

Upplýsingar veitir **Ólafur H. Guðgeirsson** í síma 663-2508 eða [olafur@stakfell.is](mailto:olafur@stakfell.is)

**EINSTAKT EINBÝLI EFST Í  
KÓPAVOGI**

Er með í einkasölu glæsilegt nýlegt einbýlishús á tveimur hæðum á frábærum útsýnisstaði í Kópavogi. Húsið er um 440 fm og er eitt vandaðasta einbýlishúsið á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Frágangur allur er 1.flokkur og hefur ekkert verið til sparað. Allt sérsníðað og sérhannað í húsinu, m.a. tölvustýrðar lagnir og fl. Tvöfaldur bílskúr. Hús í einstökum gæðaflökki. Svona eignir koma sjaldan á markað.

Allar nánari upplýsingar veitir **Stefán Hrafn hdl**, lögg.fasts. í síma: 895-2049 eða [stefan@stakfell.is](mailto:stefan@stakfell.is)


## Konráð og félagar á ferð og flugi <sup>235</sup>

Bragi Halldórsson

„Þekki þið svona orðatening?“ spurði Lísaloppa. „Nei,“ sagði Konráð. „En hann virkar spennandi.“ Konráði fannst allar nýjar þrautir sem hann hafði ekki séð áður vera spennandi. „En þið, Kata og Róbert,“ spurði Lísaloppa. „Viljið þið ekki líka reyna að leysa þennan orðatening?“ Kata horfði áhugalaus út í bláinn. „Það er varla þess virði, Róbert þykist vita svarið fyrirfram,“ sagði hún fýld. Róbert ætlaði að fara að segja eitthvað, en hætti við. Það var ómögulegt að þau Kata væru alltaf að rífast um gáturnar. „Jæja, við Konráð leysum þá bara orðateninginn,“ sagði Lísaloppa.

„En hvernig þraut er orðateningur,“ sagði Konráð. „Við þurfum að raða þessum stöfum þannig í reitina,“ sagði Lísaloppa. „Að fram komi orð í allar línur hvort sem lesið er lóðrétt eða lágrétt. Fyrsta orðið er nafn einnar af dætrum Ægis, næsta orð þýðir illt umtal, svo karlmannsnafn og loks nafn dýrs.“

á á a a  
a a i f  
r r b i  
s s n n



### Brandarar

**Steini:** Hvers lags hundur er þetta?

**Geiri:** Þetta er lögregluhundur.

**Steini:** Ekki sýnist mér hann nú líkjast neinum lögregluhundi.

**Geiri:** Nei, það er vegna þess að hann er leynilögregluhundur.

**Mamma:** Af hverju viltu ekki fara í skólann, Ágústa mín?

**Ágústa:** Vegna þess að í hvert sinn sem kennarinn veit ekki svarið við einhverju þá spyr hann mig.

Sjáðu afmælistertuna þína sem ég var að skreyta, finnst þér hún ekki flott?

Jú, þú ert mjög listræn en ekki sérlega góð í reikningi.

Karlmaður kom á bílaverkstæði með klesstan bíl.

Hvernig vildi þetta óhapp til? spurði viðgerðarmaðurinn.

Ja, ég ætlaði að bakka út úr bílskúrnum mínum í morgun og var bara búinn að gleyma því að ég bakkaði inn í hann í gær.

Það var nýbúið að ráða nýjan safnvörð á listasafnið og yfirmaðurinn kom til hans.

Jæja, hvernig gengur?

Mjög vel, þakka þér fyrir. Ég er þegar búinn að selja eitt verk eftir Rembrandt og tvö eftir Picasso, bara í dag!

„Ef ég væri sögupersóna í bók vildi ég helst vera Rauðhetta því hún er skemmtilegust,“ segir Ásdís Gyða.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR ÁRNASON

# Á átta dýr sem dreifast á nokkur heimili

**Ásdís Gyða Atladóttir** fer oft í hesthúsið með afa og ömmu á veturna og á sumrin finnst henni skemmtilegast að fara í flugtúr.

Ásdís Gyða Atladóttir er sex ára og gengur í Kársnesskóla. Uppáhaldsfagið hennar er myndmennt en hvernig finnst henni skemmtilegast að leika sér? Að teikna og lita er skemmtilegast.

**Hvað horfir þú helst á í sjónvarpinu?** Ég horfi helst á Hvolpa-sveitina og Gló mögnuðu.

**Áttu sérstök áhugamál?** Ég er í Myndlistarskóla Kópavogs einu sinni í viku í vetur og svo fer ég

oft í hesthúsið og á hestbak með afa og ömmu. Á sumrin finnst mér skemmtilegast að skreppa í flugtúr á Ómægod. (TF-OMG)

**Ef þú værir sögupersóna í bók, hver myndir þú helst vilja vera?** Ég myndi vilja vera Rauðhetta því hún er skemmtilegust.

**Hvað er það fyndnasta sem þú hefur lent í?** Þegar ég datt á rassinn og flaug á hausinn á trampólíninu hjá Söldisi frænku minni.

**Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?** Pítsa með osti og ananas er uppáhaldsmaturinn minn.

**Áttu einhver gæludýr?** Já, ég á átta dýr en þau dreifast á nokkur heimili og heita Spotti, Keli, Kátur, Lappi, Damon, Lúna, Skotta og Belja.

**Hvað langar þig mest að verða þegar þú verður stór?** Ég ætla að verða ballerínukennari.

## EINS OG HAFA KAFFIHÚS HEIMA!

NINJA KAFFIVÉL  
**29.995 KR**  
STK



nettó

## Listaverkin

Engill eftir **Kötlu Sturludóttur** og sjálfsmynd eftir **Fanneyju Nínu Gísladóttur**.



MYND: KATLA STURLUDÓTTIR HAMAR



MYND: FANNEY NÍNA GÍSLADÓTTIR



Gerðu verðsamanburð og lækkaðu GSM reikninginn þinn með 365

# ENDAL AUS GSM

**365**

365.is  
Sími 1817

Hvaða leið hentar þér?

## LEIÐ 1

- ✓ Endalaus símtöl og sms óháð fjarskiptafyrirtæki
- ✓ 0 GB gagnamagn

**790kr.**

## LEIÐ 2

- ✓ Endalaus símtöl og sms óháð fjarskiptafyrirtæki
- ✓ 1 GB gagnamagn

**1.680kr.**

## LEIÐ 3

- ✓ Endalaus símtöl og sms óháð fjarskiptafyrirtæki
- ✓ 5 GB gagnamagn

**2.680kr.**


## LEIÐ 4

- ✓ Endalaus símtöl og sms óháð fjarskiptafyrirtæki
- ✓ 30 GB gagnamagn\*

**3.490kr.**

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur



Fremur hæg suðaustanátt í dag, úrkomulítið víðast hvar og léttir til á Norðurlandi. Snýst í austan golu eða kalda um kvöldið og fer að rigna á Suðausturlandi. Hiti 0 til 8 stig, mildast suðaustanlands.

### Heimurinn



## HIÐ ÓÞEKKTA INDÓKÍNA

8. - 23. apríl, 15 nætur

**PÁSKAFERÐ** Vietnam, Kambódía + Moskva



Allt innifalið  
**598 000**  
kr.

## ÆVINTÝRALJÓMI

19. - 26. maí **TRANSILVANÍU**

Rúmenía - í fótspor Drakúla greifa



Allt innifalið  
**161 700**  
kr.



www.bjarmaland.is  
bjarmaland@bjarmaland.is  
sími 770 50 60

Ábendingahnappinn má finna á  
[www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



**S A F T**



### Flóð & fjara

Flóð	Fjara
<b>Reykjavík</b>	
6:50	5:25
4.11m	1.11m
7:04	6:01
3.84m	1.11m

Akureyri	
3:43	9:48
1.36m	0.48m
4:01	10:08
1.26m	0.41m

Ísafjörður	
1:16	7:37
1.82m	0.63m
1:48	8:18
1.85m	0.56m

### Tunglstaða.



Vaxandi  
**44%**

### Sólarupprás.

**9.57**

### Sólarlag.

**5.22**

### Reykjavík

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
3° ↖ 7	4° ↖ 21	5° ↗ 17	5° ↗ 7	2° ↗ 8

### Ísafjörður

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
1° ↗ 9	-1° ↖ 12	2° ↗ 22	2° ↗ 14	-1° ↗ 17

### Akureyri

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
1° ↗ 11	2° ↖ 14	2° ↗ 19	4° ↖ 25	-1° ↗ 6

### Egilsstaðir

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
2° ↗ 9	3° ↖ 13	3° ↗ 14	3° ↖ 25	3° ↖ 5

### Kirkjubæjarklaustur

Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
2° ↘ 5	4° ↖ 17	4° ↗ 11	6° ↖ 21	2° ↘ 4

## Myndasögur

### PONDUS



Eftir Frode Øverli

### GELGJAN




Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

### BARNALÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



UPPHITUN  
hefst kl. 22:30



TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT

# SUPER BOWL

SPORT

Það er komið að úrslitastund í ameríska fótboltanum, 51. Super Bowl. Atlanta Falcons og New England Patriots mætast í úrslitaleik NFL deildarinnar sem er einn stærsti íþróttaviðburður í heimi með sína hálf-leikssýningu þar sem Lady GaGa verður aðalnúmerið. Andri Ólafsson stýrir upphitun og fer yfir allt það helsta sem áhorfendur þurfa að vita fyrir leikinn. Við munum líka heimsækja nokkur Super Bowl partí víða um bæinn og fá stemninguna beint í æð.





**HÚSASMÍÐJAN**  
HLUTI AF BYGMA



Nýtt Húsasmiðjublað er komið út

# SÚPER

## TILBOÐ HÚSASMÍÐJUNNAR



**Electrolux**  
**5 ÁRA**  
ABYRGÐ

**Electrolux**

**PÚ SPARAR: 16.910 KR**

**Pvottavél FW30L7120**  
7 kg, 1200 sn.  
Orkunýting A+++.  
1805690

**54.900 kr**  
~~64.990~~



**DÚNDUR**  
parket tilboð

- Harðparket
- Austurísk gæði
- Eikarplanki
- 8 mm

**SÚPER TILBOÐ**

**1.479 kr/m<sup>2</sup>**  
~~2.290 kr/m<sup>2</sup>~~

Harðparket - Austurísk gæði  
Eikarplanki AC4 bandsagað, 8 mm.  
147071

**35% afsláttur**

**KAINOL**



**20% afsláttur**

**JOTUN** NYHET

**VEGG&TAK 2i1**

3 ltr

**JOTUN**

**SÚPER TILBOÐ**

**2.390 kr**  
~~2.995 kr~~

Jotun vegg- og loftamálning  
3 ltr.  
7119781-83

**ECOLABEL**

# HÖRKU

## VERKFÆRADAGAR!



**40% afsláttur**

**NEO TOOLS**

**SÚPER TILBOÐ**

**29.995 kr**  
~~49.995 kr~~

Verkfæraskápur  
NEO verkfæraskápur,  
5024494



**32% afsláttur**

**SÚPER TILBOÐ**

**9.995 kr**  
~~14.725 kr~~

Hleðsluborvél  
Boxer, 18V, tvær 1,5Ah  
Li-ion rafhlöður, hleðslutími  
1 klst. Hersla 45Nm.  
5245253



**40% afsláttur**

**STANLEY**

**SÚPER TILBOÐ**

**2.995 kr**  
~~4.995 kr~~

Bitá, bora- og toppasett  
Stanley, 100 stk.  
5246112



**40% afsláttur**

**NEO TOOLS**

**SÚPER TILBOÐ**

**11.995 kr**  
~~19.995 kr~~

Topplyklasett  
NEO, 110 stk., 1/2"-1/4".  
5052570



**34% afsláttur**

**HITACHI**  
Inspire the Next

**SÚPER TILBOÐ**

**29.995 kr**  
~~45.995 kr~~

Hleðsluborvél  
18V, + 100 fylgihlutir, 2 stk. 1.5Ah Li-ion rafhlaða,  
hersla 52Nm. Flott taska með skúffu undir bitasett fylgir.  
5246782



Byggjum á betra verði

31%  
afsláttur

Electrolux

SÚPER TILBOD

**6.590** kr  
~~9.590~~ kr

Blandari ESB2300  
1.5 ltr, 450w. Glerkanna.  
1840155



36%  
afsláttur

Electrolux

SÚPER TILBOD

**6.990** kr  
~~10.990~~ kr

Blandari ESB2500  
600 ml, 300w. plastkanna.  
1840154



damixa

SÚPER TILBOD

**8.690** kr  
~~11.595~~ kr

Handlaugartæki  
Pine.  
8000033



25%  
afsláttur



30%  
afsláttur

SÚPER TILBOD

**3.849** kr  
~~5.499~~ kr

Beka panna  
24cm. Stál m. rispúvörn.  
2006528

23%  
afsláttur

Electrolux

SÚPER TILBOD

**14.990** kr  
~~19.490~~ kr

Ryksuga PF1PARKETT  
700W, bursti, parketbursti og  
mjóstútur fylgir.  
1805297



SÚPER TILBOD

**1.990** kr  
~~2.999~~ kr

Eldhúsvog  
Dígitál, 5 kg.  
2007256

30%  
afsláttur



## ALLT FYRIR SKIPULAGIÐ

Hillurekkar í úrvali

18V XR  
KOLALAUS MÓTOR

DEWALT

SÚPER TILBOD

**34.995** kr  
~~43.995~~ kr

Hleðsluborvél  
18V, kolalaus mótur, 2,0Ah XR  
Li-ion rafhlöður (2 stk.). 13 mm  
patróna úr stáli, 2ja gira skipting, ledljós.  
5159080



20%  
afsláttur

25%  
afsláttur

af öllum  
Jumbo, 3-8 þrepa  
áltröppum  
5078885-5078894

SÚPER TILBOD

**3.670** kr  
~~4.895~~ kr

Áltröppur  
Jumbo,  
3ja þrepa.  
5078885



265  
kg  
HYR HILLA

AVASCO

**6.995** kr


Hillurekki Strong 265 Galva  
Stærð: 180x90x45 cm  
5 hillur, hver hilla ber 265 kg.  
Litur: Galv.  
5803674



VERSLAÐU Á HUSA.IS  
FRÍ HEIMSENDING EF VERSLAÐ  
ER FYRIR 5.990 KR. EÐA MEIRA

husa.is

Tilnefnd til verðlauna:  
**VEFVERSLUN  
ÁRSINS 2016**  
Samtök  
vefiðnaðarins



husa.is

# EIN STÆRSTA VEFVERSLUN LANDSINS

Vefverslun Húsasmiðjunnar, **husa.is**, er ein stærsta vefverslun landsins og var tilnefnd til verðlauna Samtaka vefiðnaðarins í flokknum vefverslun ársins 2016. Verslaðu á husa.is þegar þér hentar. Við sendum frítt heim í febrúar um land allt þegar pantað er fyrir **5.990 kr.** eða meira í vefverslun.

**FRÍ**  
**HEIMSENDING**  
Í FEBRÚAR EF PANTAÐ ER FYRIR  
**5.990 KR. EÐA MEIRA**



Verslaðu í vefverslun Húsasmiðjunnar  
í febrúar og þú gætir unnið gjafabréf að verðmæti

**100.000 kr.**

Dregið verður 6. mars 2017



# Ég er líka sjálf dáldið hrædd við að stoppa

**Ilmur Stefánsdóttir, myndlistarkona og leikmyndahönnuður, opnaði sýninguna Panik í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur. Þar tekst Ilmur á við óttann sem rekur okkur áfram í lífinu á sinn einstaka og leikræna hátt í magnaðri innsetningu.**

Magnús Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is



Ilmur Stefánsdóttir myndlistarkona opnaði í gær einkasýninguna Panik í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur. Ilmur sem hefur á undanförunum árum unnið jöfnum höndum við myndlist og leikmyndahönnun opnaði sýninguna með gjörningi sem hún segir að sé mjög í anda þeirrar innsetningar sem hún er með á sýningunni. Í framhaldinu var hún svo með atriði ásamt Cyber dúettinum sem tók svo við keflinu og rapaði fram eftir kvöldi.

## Nærir hvort annað

Ilmur lærði myndlist hér heima og fór svo í framhaldsnám í London. „En svo ætlaðist það einhvern veginn þannig að myndlistin mín er svo leikbær að hún hreinlega þræði að komast í leikhús og það gerðist mjög fljótt. Skúlptúrarnir mínir og verkin eru tengd gjörðum og gjörningum og fólki og það leiddi mig inn í leikhúsið. Þetta byrjaði með leik-sýningu sem hét CommonNonsense þar sem við notuðum skúlptúrana mína til þess að búa til spunasýningu. Þar snerist allt um þessa skritnu stökkbreyttu hluti sem ég hafði búið til og þá bara varð ekki aftur snúið. Í framhaldinu fór ég að vinna með fleira fólki og leikhúsið tók í sífellu stærri hluta af því sem ég geri.“

Ilmur segir að þrátt fyrir þessa yfirtöku leikhússins hafi hún engu að síður náð að halda fötfestu í myndlistinni. „Það er einhvern veginn að næra hvort annað, myndlistin og leikhúsið, og jafnvel stækka hvort annað. Ég upplifi það þannig sjálf að því meira sem ég er búin að gera í leikhúsinu þá er eins og ég hafi tekið skref í myndlistinni samhliða því. Hver og ein leiksýning sem ég geri þroskar mig sem myndlistarmanneskju. Þessi sýning sem ég er með núna er t.d. ákveðið framhald af síðustu myndlistarsýningu en engu að síður gengur hún skrefi lengra. Sýningin er innsetning og sem slík er hún blanda af leikmynd og myndlistarsýningu og svo geng ég líka soldið nærri sjálfri mér.“

## Leikhúsið er skóli

Ilmur segir að Panik sé þema eða uppspretta sem hana hafi langað til þess að prófa að vinna með sem element. „Út úr því kom þessi þörf fyrir líkamlega hreyfingu í tækjum og tólum. Ég er sem sagt að nota hin og þessi tæki og tól til þess að búa til hreyfingu og út frá því kom

ákveðinn taktur og þetta þróaðist þannig að öll videóin eru í ákveðnum takti og þá fór ég að vinna meira með hljóðið. Salka Valsdóttir, sem er í Cyber, gerði hljóðmynd sem er í salnum ásamt vídeóverkunum.“

Aðspurð hvort það sé leikhúslistakonan í henni sem beinir heildarverkinu á þessa braut þá segist Ilmur ekki geta tekið fyrir það. „Já, nú fæ ég að vera leikarinn,“ segir Ilmur og skellihlær og bætir við: „Já og leikstjórnin og búningahönnuðurinn, sviðsmyndahöfundurinn og bara allt. Vinnustofan mín er bara búningasla og tæki af öllu mögulegu tagi og ég er alltaf að nota mig sjálfa við þessa vinnu.“

En skyldi Ilmi ekki finnast erfitt að fá ekki að ráða þá öllu þegar hún er í leikhúsinu? „Nei, það er ekki þannig. Mér líður vel í leikhúsinu vegna þess að mér finnst gaman í samtali. Skólinn í leikhúsinu er sá að heyra og vera heyrður. Þetta samband á milli þess að hafa rödd og hlusta. Það er ákveðin kúnt að taka hvorki oflitið né of mikið pláss í leikhúsinu.“

Njála er svona dæmi um leik-sýningu þar sem ég var með risastór verk inni á sviðinu en það er í samræmi við allt sem er að gerast og í samtali við hitt listafólkið. Þetta finnst mér fela í sér frelsi fremur en skordur. Það er eitthvað sem leikhúsið hefur kennt mér.“

## Panik eða hugarró

Ilmur segir að kjarni sýningarinnar sé einhvers konar ótti ef talað er um innihaldið. „Mín upplifun er að hreyfingarnar séu eins og einhvers konar hugleiðsla. Ég er þannig efins um að fólk sem kemur inn í salinn upplifi panik heldur mun fremur hugarró. En það er svolítið eins og að salurinn sé að gefa sig undan öllum þessum hamagangi. Konurnar í þessum videóum eru eins og inni í loftinu, veggjunum og loftræstikerfi hússins og út úr þeim vella sölt í miklu magni sem er eins og útfelling frá bæði húsinu og konunum. Ég upplifi þetta eins og margar konur en það sést ekki í andlitið á performerunum heldur eru þetta í raun margir líkamar að vinna.“

En skyldi Ilmur upplifa líf sitt með þessum hætti, svona eins og líf hamstursins á hjólinu? „Já, að sumu leyti verð ég að viðurkenna það. Ég er að vinna með þetta að hlaupa og hætta ekki og hvað það er sem rekur okkur áfram. Af því að ég hef grun um að ég sé ekki ein um þessa tilfinningu fyrir þessum sífelldu hlaupum og þessum ótta. Hvað er það sem við óttumst? Mistök?




Ilmur Stefánsdóttir var hin rólegasta fyrir opnun einkasýningar sinnar Panik í Hafnarhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON



**VINNUSTOFAN MÍN ER BARA BÚNINGASLÁ OG TÆKI AF ÖLLU MÖGULEGU TAGI OG ÉG ER ALLTAF AÐ NOTA MIG SJÁLFA VIÐ ÞESSA VINNU.**

Hreyfing er mikilvægur þáttur í verkum Ilmar.



Mynd úr einu af vídeóverkum Ilmar á sýningunni.

Að standa sig ekki? Að bregðast öðrum? Hvað er það? Þetta er sterk tilfinning og ég verð að viðurkenna að ég er sjálf líka dáldið hrædd við að stoppa. En mér fer fram og ég held að þessi sýning sé mögulega þáttur í því. Mér finnst í rauninni athyglisvert hvað það var róandi að gera sýninguna enda var ég gjör-samlega búin eftir alla þessa vinnu á hverjum degi en á einhvern góðan hátt. Kannski er þetta bara lykillinginn? Að hamast bara nógu mikið. Klára þetta. En sjón er sögu ríkar eins og svo oft í myndlistinni.“

# Saga landnámskvenna á saumuðum myndum

Sýning á yfir 300 refilsaumuðum myndum verður opnuð í Laugarborg í Eyjafjarðarsveit í dag klukkan 14, að frumkvæði Bryndísar Simonardóttur, fjölskylduráðgjafa og handverkskonu í Eyjafirði.

Myndirnar eru saumaðar af afkomendum skoskra innflytjenda í 33 löndum og sýningin, sem nefnist Scottish Diaspora Tapestry, hefur verið á ferð milli þeirra landa síðustu tvö ár. Ísland er síðasti viðkomustaðurinn á leið til Skotlands aftur og hér munu fimm myndir

**NÚ ER SAUMASKAPURINN AÐ MESTU EFTIR EN ÉG HELD ÞÓ AÐ FIMM KONUR SÉU ÞEGAR BYRJADAR.**

bætast við eftir Kristínu Rögnu Gunnarsdóttur, teiknara og rit höfund.

Myndirnar segja sögu systranna Þórunnar hynnu og Auðar djúp-



Vilborg Davíðsdóttir, Bryndís Simonardóttir og Kristín Ragna Gunnarsdóttir með mynd af Þórunni hynnu.

úðgu Ketilsdætra sem komu hingað til lands með fjölskyldur sínar frá Skotlandi á níundu öld.

„Ég teiknaði myndirnar undir handleiðslu Vilborgar Davíðsdóttur sem er sérfræðingur í þeim Auði og Þórunni,“ segir Kristín Ragna.

„Nú er saumaskapurinn að mestu eftir en ég held þó að fimm konur séu þegar byrjaðar. Það verður hægt að sjá þær að verki á opnuninni í dag og alltaf er gaman að fylgjast með verki í vinnslu.“

– gun

## Kvinnan fráma, klædd með sóma

### TÓNLIST

★★★★★

Caput hópurinn flutti verk eftir Jónas Tómasson, Sigurð Árna Jónsson, Áskel Mátsson og Niels Rosing-Schow á Myrkum músikdögum.

**Stjórnandi:** Guðni Franzson.

**Einleikari:** Helene Navasse.

**Norðurljós í Hörpu**

Laugardaginn 28. janúar

Átta hægir dansar handa Láru eftir Jónas Tómasson, sem fluttir voru á tónleikum Caput hópsins á Myrkum músikdögum, vöktu spurningar. Fyrir það fyrsta var tónlistin einn samfelldur kafli og erfitt að greina hvenær einn dansinn endaði og sá næsti tók við. Í öðru lagi var fráleitt að um dans væri að ræða, því takturinn í tónlistinni var svo torkennilegur að hann var í rauninni ekki til staðar.

Nú getur nútímadans auðvitað verið nokkurn veginn hvað sem er og vissulega hægt að dansa við taktlausu tónlist, en þá finnst manni að eitthvað gripandi þurfi að vera við hana. Það sem hér var boðið upp á var hins vegar flatt og leiðinlegt, gersneytt öllum innblæstri. Verkið samanstóð af löngum, samhengislausum tönnum sem mynduðu einstaklega fráhrindandi hljóma. Það var engin stigandi, engin framvinda, enginn fókus.

Ég hef heyrt glæsileg tónverk eftir Jónas; hann getur gert betur en þetta.

Flashlight eftir Niels Rosing-Schow kom ekki heldur vel út. Þar var eins konar einleikur, sem var í höndunum á Helene Navasse, en hún lék á bassaflautu. Einnig komu rafhljóð við sögu, og svo var meðleikurinn í höndunum á Caput hópnunum. Mestmegnis grundvallaðist tónlistin á hröðum nótum og finlegri áferð, sem náði aldrei að virka lokkandi. Grunnhugmyndirnar voru fyrst og fremst klisjur, og því rísti heildarmyndin ekki djúpt. Einleikurinn var auk þess lítt krassandi, aðallega fálmenndar tónahendingar sem höfðu ekkert að segja.


Annað á dagskránni var tilkomumeira. Shades eftir Áskel Mátsson var að hluta til byggt á þjóðlaginu við textann „Kvinnan fráma, klædd með sóma“. Úr því vann tónskáldið stórbrotinn vef fjölbreytilegra litbrigða sem einkenndust af kröftugri framsetningu. Form verksins var nokkurs konar frásögn með spennuþrunginni uppbyggingu og sterkum hápunkti og niðurstöðu. Það var ánægjulegt áheyrnar.

Referral Stampede eftir Sigurð Árna Jónsson var líka flott. Tónhugmyndirnar voru að vísu ekki sérlega skemmtilegar og minntu mjög á akademíska samtímatónlist frá áttunda áratuginum, en úrvinnslan var snörp og fókuseruð. Framvindan var því ávallt athyglisverð.

Caput hópurinn spilaði vel í alla staði, leikurinn var nákvæmur og samtaka. Dagskráin hefði aftur á móti þurft talsvert meiri yfirlegu.

Jónas Sen

**NIÐURSTAÐA:** Misjöfn dagskrá en flutningurinn var góður.



## Því myndin byrjar einhvers staðar

### Myndlistarsýning í Arion banka

Laugardaginn 4. febrúar kl. 13.30 verður myndlistarsýning opnuð í höfuðstöðvum Arion banka, Borgartúni 19. Þar verða verk í eigu bankans frá 1939–1993 þöruð við verk yngri listamanna frá 2010–2016.

Við opnunina heldur Dorothee Kirch fyrirlestur um verkin og enduróm hugmynda.

**Listamenn /** Bragi Ásgeirsson / Davíð Örn Halldórsson / Guðmundur Thoroddsen / Heimir Björgúlfsson / Helgi Már Kristinsson / Helgi Þorgils Friðjónsson / Helgi Þórsson / Hildur Bjarnadóttir / Ingunn Fjóra Ingbórsdóttir / Jóhanna Kristbjörg Sigurðardóttir / Jóhannes Jóhannesson / Magnús Helgason / Magnús Kjartansson / Marta María Jónsdóttir / Ragnheiður Jónsdóttir Ream / Snorri Arinbjarnar / Svavar Guðnason / Vilhjálmur Bergsson / Þorvaldur Jónsson / Þorvaldur Skúlason

### Laugardagur til lista

Allir velkomnir – sýningin stendur til 17. mars.

 **Arion banki**  
– fyrir framtíðina

# Fyrst og fremst snýst þetta um að velja rétt

**Irdens Exantus er ungur kvikmyndaleikari frá Kanada sem er hingað kominn til þess að taka þátt í Frönsku kvikmyndahátíðinni með pólitíska háðsádeilu um hversu erfitt það getur reynst að velja rétt.**

Magnús Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is



Franska kvikmyndahátíðin stendur nú sem hæst og fram til þess 10. febrúar hér í Reykjavík. Það eru Franska sendiráðið og Alliance française í Reykjavík, í samstarfi við Háskólabíó, Institut français og kanadíska sendiráðið, sem standa að baki hátíðinni en þar gefst fólki kostur á að sjá fjölda áhugaverðra mynda frá frönskum málsvæðum. Alls eru sýndar ellefu myndir á hátíðinni af ólíkum toga þannig að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Á meðal aðalmynda í ár er kanadíska myndin *My Internship in Canada* (Guibord s'en va-t-en guerre) en einn af leikurunum, Irdens Exantus, er staddur hér á landi að kynna myndina. Irdens Exantus hefur hlotið mikið lof fyrir leik sinn í myndinni sem hann segir vera pólitíska háðsádeilu sem sé óneitanlega eilítið óvenjulegt á okkar tímum.

„Ég leik ungan hugsjónamann frá Haítí sem kemur til Kanada til þess að starfa sem lærlingur hjá óháðum kanadískum þingmanni. En svo kemur upp sú staða að þessi óháði þingmaður stendur allt í einu frammi fyrir því að það er hans atkvæði sem ræður því hvort Kanada fer í stríð í Afganistan eða ekki. Lærlingurinn sem kom til hans til þess að læra meira um stjórnmál í þróðuð lýðræðisríki er skyndilega kominn inn í hringið svona stórra atburða. En svo eru líka alltaf hagsmunaaðilar í öllum málum þannig að það er eitthvað sem blandast inn í þetta.“

Myndin er pólitísk háðsádeila, sem gerist í hinu frönskumælandi fylki Québec, en það form verður að teljast fremur óvenjulegt í kvikmyndum dagsins í dag. Irdens Exantus segir að það eigi sér eflaust eðlilega skýringu. „Þorri fólks í Kanada að minnsta kosti lítur ekki á stjórnmál sem eitthvað fyndið. Það er ákveðinn ótti við að fjalla af léttúð um það sem er alvarlegt og nálgunin í þessari mynd er óneitanlega frekar frumleg.“

Aðspurður hvort myndin snúist um það landslag stjórnmálanna í Kanada þá segir Irdens Exantus að það sé í raun ekki aðalviðfangsefnið. „Fyrst og fremst snýst þetta um það að velja rétt. Að sjá til þess að lýðræðið hafi eðlilegan framgang. Að



Irdens Exantus segist vera stoltur af því að vera Kanadamaður, ekki síst í ljósi þess sem er að gerast í stjórnmálunum í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYPÓR



Atriði úr kvikmyndinni *My Internship in Canada* sem er sýnd á Frönsku kvikmyndahátíðinni um þessar mundir.

setja sig inn í sjónarmið allra sem láta sig málið varða og þar hafa allir eitthvað til síns máls en það er erfitt að veita og meta hvaða ákvörðun er rétt þegar hagsmunaaðilar úr ólíkum

áttum eru allir að berjast fyrir sínu án þess að það fari fram einhver almennileg og eðlileg umræða. Stjórnmál og hagsmunaaðilar eiga það til að rífa lýðræðið í sundur og

það er ekki gott. Það er allt bara rétt eða rangt og ekkert þar á milli.“

Irdens Exantus segir að hann hafi alls ekki verið pólitískur áður en hann tók að sér hlutverkið en

**STJÓRN MÁL OG HAGSMUNAAÐILAR EIGA ÞAÐ TIL AÐ RÍFA LÝÐRÆÐIÐ Í SUNDR OG ÞAÐ ER EKKI GOTT.**

það hafi þó breyst. „Ég spáði lítið í stjórnmál en þegar ég tók að mér hlutverkið þá fannst mér að ég þyrfti að setja mig inn í þetta og las mér því til um stjórnmál. Það er líka hluti af því að skoða þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir sem þjóð.“

En ég er líka stoltur af því að vera Kanadamaður, sérstaklega núna þegar við stöndum frammi fyrir því sem er að gerast í Bandaríkjunum. Þannig að í samanburðinum við Bandaríkin í dag þá finnst mér líka satt best að segja að við höfum eitthvað til þess að vera stolt af hjá okkur og vonandi getum við verið öðrum góð fyrirmynd.“

## Eitt barn, eitt par, einn heimur

### LEIKLIST

#### Andaðu

★★★★★

eftir Duncan Macmillan

#### Iðnó

Leikfélagið Fljúgandi fiskar

**Leikarar:** Þorvaldur Davíð Kristjánsson og Hera Hilmarsdóttir

**Leikstjóri:** Þórey Sigþórsdóttir

**Þýðing:** Hera Hilmarsdóttir

**Hreyfingar:** Alicija Ziolkó

**Lýsing:** Kjartan Darri Kristjánsson

Leikfélagið Fljúgandi fiskar frum-sýndi tiltölulega nýtt breskt leikrit í Iðnó síðastliðinn sunnudag. Í Andaðu leitast breska leikskáldið Duncan Macmillan við að skoða samband ungra einstaklinga og leggur alla veröldina undir á sama tíma.

Hugmyndin um barneignir er fyrst nefnd í IKEA, ekki endilega mest videigandi staðsetningin,

viðbrögðin láta ekki á sér standa. Konan og maðurinn bera engin nöfn en eru ósköp venjulegt ungt fólk að finna sinn stað í veröldinni. Hún er doktorsnemi og hann er fremur misheppnaður tónlistarmaður. Skötuhjúin komast fljótlega að því að lífið lætur illa að stjórn. Stundum er hreinlega ómögulegt að finna hlutunum réttan tíma og farveg. En geta þau borið ábyrgð á því að fæða barn inn í þennan heim sem er að umhverfishruni kominn?

Andaðu er maraþonverk fyrir leikara en Þorvaldur Davíð Kristjánsson og Hera Hilmarsdóttir standa ein á tómu sviðinu í nær tvo tíma. Ordaskiptin eru snörp og tilfinningarússibaninn spannar nánast allan tilfinningaskalann. En þegar allt kemur til alls er verkið yfirskrifað, þ.e. það er bæði af langt og skortir málefnalegan fókus, sérstaklega síðustu þrjátíu mínúturnar. Hera þýðir texta Macmillans nokkuð vel en herslumuninn vantar

til að finna rétta tóninn. Einnig er breytingin á titlinum afleitt, en upphaflega er verkið kallað Lungu, og staðfæringin óþarfi.

Aftur á móti er leikur þeirra beggja virkilega góður. Þorvaldur er trúverðugur sem örlítið misheppnaði ungi maðurinn sem gerist sitt besta til að styðja kærustuna sína. Náttúrulegar hreyfingar hans og einlægt augnarád gefa þessum ósköp venjulega manni dýpt. Hera er að sama skapi góð og vonandi eigum við eftir að sjá hana meira á íslensku leiksviði. Stundum fór móðursýkin aðeins yfir strikið en leikur Heru er skínandi þegar heiftarleg sorg skellur á þarinnu. Örvæntingu og þögn þeirra beggja er virkilega vel komið til skila, samleikur þeirra er líka eftirtektarverður.

Umgjörðin er nánast engin sem gerir vinnu leikaranna ennþá markverðari. Áhorfendur sitja á stólum sem stillt hefur verið upp í hring á gólfinu og umkringja leiksviðið.



Þorvaldur Davíð Kristjánsson og Hera Hilmarsdóttir í hlutverkum sínum í Andaðu sem er sýnt í Iðnó um þessar mundir. MYND/KRISTÍN BOGADÓTTIR

Þessi lausn er bæði skynsamleg og áhugaverð en þess væri óskandi að leikstjórni Þóreyjar Sigþórsdóttur hefði verið aðeins lágstemmdari. Þó að sviðshreyfingarnar eftir Aliciju Ziolkó séu stundum ágætir þá er þeim algjörlega ofaukið í sýningunni og verða stundum hreinlega fyrir leikurunum. Kjartan Darri Kristjánsson sér um lýsinguna en hún er djörf að því leytnu til að engar ljósabreytingar eru gerðar á allri sýningunni heldur er unga parið undir smásjá allan tímann.

Sviðsetning Fljúgandi fiskar er virðingarvert framtak og fleiri leikhópar mættu taka þau sér til fyrirmyndar. Andaðu er finasta tækifæri fyrir áhorfendur til að sjá unga og spennandi leikara takast á við krefjandi hlutverk með takmörkuðu þrjáli, bara finum leik.

Sigríður Jónsdóttir

**NÍÐURSTAÐA:** Slagkraftinn vantar í annars ágætri sýningu.



KRAFTUR



Félag ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur

Innilegar þakkir til allra þeirra fjölmörgu sem studdu við bakið á **Krafti** í átakinu **LÍFIÐ ER NÚNA!**  
Ykkar stuðningur er okkar **KRAFTUR**



ÞAÐ  
ÞARF **KRAFT** TIL AÐ  
TAKAST  
Á VIÐ **KRABBAMEIN**



**LAUGARÁS BÍÓ** *midi.is*  
Míðasala og nánari upplýsingar

**TILBOÐ KL 2**

**EVIL IS REBORN**  
SÝND KL. 2 - FORSYNING

**BYE BYE MAN**  
SÝND KL. 8, 10, 10

**PATRIOTS DAY**  
SÝND KL. 8, 10, 40

**Billi Blitt**  
SÝND KL. 2, 4, 6

**THE GREAT WALL**  
SÝND KL. 8, 10, 15

**HJARTASTEINN**  
SÝND KL. 5

**SYNGDU**  
SÝND KL. 2, 5 - ísl. tali

**SAMBÍÓIN SAMbio.is**

**14 ÓSKARSTILNEFNINGAR**  
m.a. Besta mynd  
Besti leikari í aðalhlutverki - Ryan Gosling  
Besta leikkona í aðalhlutverki - Emma Stone  
Besti leikstjóri - Damien Chazelle

**7 GOLDEN GLOBE VERDLAUN**  
M.A. **BESTA MYNDIN**

**EVIL IS REBORN**  
Horfðu ef þú þorir!

**RINGS**  
Forsýningar laugardag og sunnudag með íslensku og ensku tali

ALFABAKKA	EGILSHÖLL	KEFLAVÍK
LEGO BATMAN ÍSL. TAL. KL. 3:20	LEGO BATMAN ÍSL. TAL. KL. 1	LEGO BATMAN ÍSL. TAL. KL. 3:20
LEGO BATMAN ENSKT. TAL. KL. 5:40 - 8 - 10:40	LEGO BATMAN ENSKT. TAL. KL. 3:20 - 5:40 - 8	LEGO BATMAN ENSKT. TAL. KL. 5:40 - 8
LEGO BATMAN ENSKT. TAL. VIP. KL. 1 - 3:20 - 5:40 - 8	RINGS KL. 5:40 - 8 - 10:20	RINGS KL. 10:20
RINGS KL. 5:40 - 8 - 10:20	LA LA LAND KL. 2:40 - 5:20 - 8 - 10:20	LA LA LAND KL. 8
RINGS VIP. KL. 10:20	XXX3 KL. 8 - 10:40	XXX3 KL. 10:40
LA LA LAND KL. 5:20 - 8 - 10:20	LIVE BY NIGHT KL. 10:20	SYNGDU ÍSL. TAL. 2D KL. 3
XXX3 KL. 10:40	MONSTER TRUCKS KL. 1 - 3:15	VAIANA ÍSL. TAL. 2D KL. 5:30
LIVE BY NIGHT KL. 10:40	VAIANA ÍSL. TAL. 2D KL. 1 - 3:20 - 5:30	<b>AKUREYRI</b>
MONSTER TRUCKS KL. 1 - 3:20 - 5:40	<b>KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI</b>	LEGO BATMAN ÍSL. TAL. KL. 3
SYNGDU ÍSL. TAL. 2D KL. 1 - 3:20	LEGO BATMAN ÍSL. TAL. KL. (2:20 (LJ)) (2 (SUN))	LEGO BATMAN ENSKT. TAL. KL. 5:40 - (8 (LJ))
ROGUE ONE 2D KL. 8	LA LA LAND KL. 1 - 3:40 - 5:20 - 6:20 - 8 - 9 - 10:40	RINGS KL. (8 (SUN)) - 10:40
VAIANA ÍSL. TAL. 2D KL. 1 - 2 - 3:20 - 5:40	XXX3 KL. 5:40 - 8 - 10:20	LA LA LAND KL. 5:20 - 8
FANTASTIC BEASTS 2D KL. 8	VAIANA ÍSL. TAL. 2D KL. 1 - 3:20	XXX3 KL. 10:20
		VAIANA ÍSL. TAL. 2D KL. 3

SPARBÍÓ MERKTAR MED APPELSÍNUGULLU KR. 950

**Hvað? Hvenær? Hvar?**  
Laugardagur  
hvar@frettabladid.is

sundlaugar sem taka þátt í Sundlauganótt að þessu sinni eru: Álfaneslaug, Árbæjarlaug, Ásvallalaug, Klébergslaug, Lágafellslaug, Laugardagslaug, Salalaug (Sundlaugin Versölum), Sundlaug Kópavogs og Seltjarnarneslaug.

**Hvað?** Málstofa um Heródotus frá Hálfkarnassos, föður sagnfræðinnar  
**Hvenær?** 14.00  
**Hvar?** Þjóðarbókhlaðan  
Eiríkur Smári Sigurðarson fjallar um Heródotus og síðan mun Stefán Steinsson segja frá þýðingarstarfi sínu við Rannsóknir Heródotusar.

**Hvað?** Fjölskylduleiðsögn  
**Hvenær?** 11.00  
**Hvar?** Listasafnið á Akureyri  
Í dag verður boðið upp á sérstaka fjölskylduleiðsögn í Listasafninu á Akureyri, Ketilhúsi. Heiða Björk Vilhjálmstöddir fræðslufulltrúi segir börnum og fullorðnum frá yfirlitssýningu á verkum Nínu Tryggvadóttur, Litir, form og fólk. Munurinn á hlutbundinni og abstrakt list Nínu verður m.a. skoðaður auk þess sem barnabækur hennar verða sérstaklega til umfjöllunar. Að lokinni leiðsögn er gestum boðið að búa til sitt eigið listaverk, innblásið af verkum



Amabadama verður í Hofi á Akureyri um helgina þar sem sveitin spilar ásamt Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Nínu. Skráning á heida@listak.is. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Norðurljósahlaup WOW air  
**Hvenær?** 19.00  
**Hvar?** Harpa  
